
EFNISYFIRLIT

YFIRLÝSING ÚTGEFANDA, UMSJÓNARAÐILA OG ENDURSKOÐENDA	5
TILKYNNING TIL FJÁRFESTA	7
SAMANTEKT	8
ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM ÚTBOÐ OG SKRÁNINGU	8
AÐRAR UPPLÝSINGAR	13
HLUTAFJÁRÚTBOÐIÐ	16
ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM ÚTBOÐ OG SKRÁNINGU	16
<i>Sölutímabil</i>	16
<i>Áskriftargögn</i>	16
<i>Sala til starfsmanna Landsbanka Íslands hf. og Lífeyrissjóðs bankamanna</i>	16
<i>Almenn áskrift</i>	16
<i>Tilboðssala</i>	17
<i>Greiðsla hlutabréfa</i>	17
RÁÐSTÖFUN ANDVIRÐIS HLUTAFJÁRHÆKKUNAR	17
HLUTAFÉ	17
SKATTLAGNING	18
FRAMSAL HLUTABRÉFA	18
AÐALFUNDUR	18
EIGNARHALD	19
LANDSBANKINN	20
INNGANGUR	20
<i>Heiti og skráðar höfuðstöðvar</i>	20
<i>Stofnun</i>	20
<i>Lagagrunnur</i>	20
<i>Tilgangur</i>	20
<i>Fjárhagsár</i>	20
<i>Arður</i>	20
STIKLUR ÚR SÖGU LANDSBANKANS	20
SKIPULAG	21
<i>Einstaklings- og markaðssvið</i>	22
<i>Alþjóða- og fjármálasvið</i>	22
<i>Fyrirtækja- og stofnanasvið</i>	23
<i>Rekstrarsvið</i>	23
<i>Fastanefndir Landsbankans</i>	23
SVÆÐASKIPTING ÚTIBÚA LANDSBANKA ÍSLANDS HF.	25
HLUTVERK BANKARÁÐS OG BANKASTJÓRNAR	28
STARFSMANNAMÁL	28
<i>Fræðslumál</i>	29
DÓTTURFÉLÖG OG HLUTDEILDARFÉLÖG	29
<i>Dótturfélög</i>	29
<i>Hlutdeildarfélög</i>	31
STEFNA	33
<i>Staðsetning á markaði</i>	33
<i>Framtíðarmarkmið</i>	33
<i>Fjárhagsleg markmið</i>	34

LANDSBANKINN Í BREYTTU UMhverfi Á Fjármálamarkaði	34
UMFJÖLLUN OG YFIRLIT FjáRHAGSLEGRAR AFKOMU	34
LANDSBANKI ÍSLANDS – REKSTUR 1997	34
LANDSBANKI ÍSLANDS HF. – REKSTUR JANÚAR – JÚNÍ 1998	35
SAMABURÐUR Á FjáRHAGSSTÖÐU OG AFKOMU LANDSBANKANS 1995–1997 OG 1/1 1998 – 30/6 1998.	36
KENNITÖLUR.	37
LÁNSHÆFISMAT.	38
FASTEIGNIR	38
VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR Á ÍSLANDI	39
BREYTT HLUTVERK RÍKISINS Á FjáRMAGNSMARKAÐI	39
STARFSUMhverfi	39
VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI – FjáRFESTINGABANKASTARFSEMI	42
EIGNASTÝRING	42
LÍFTRYGGINGAR	44
VÁTRYGGINGAR	44
FjáRFESTING Í VÍS OG LÍFIS.	44
FjáRFESTINGAR VEGNA STARFSEMI LANDSBANKANS.	45
ÁRIÐ 2000 OG TÖLVUKERFI LANDSBANKANS.	45
SÖLU- OG MARKAÐSMÁL	46
EINSTAKLINGSVIÐSKIPTI	46
FYRIRTÆKJA- OG STOFNANAVIÐSKIPTI	48
INNLÁN	49
ÚTLÁN	50
<i>Lágvaxtalán</i>	51
HORFUR.	52
ÁHÆTTUÞÆTTIR	53
ALMENNT	53
<i>Almenn áhætta hlutabréfa</i>	53
<i>Ráðandi hluthafar.</i>	53
<i>Viðskipti á nýjum sviðum.</i>	53
<i>Rekstraráhætta – aukin samkeppni.</i>	53
<i>Rekstraröryggi tölvukerfa</i>	53
<i>Vátryggingar</i>	54
ÁHÆTTUSTÝRING	54
<i>Útlánaáhætta</i>	54
<i>Sérstök afskriftaframlög</i>	55
<i>Stórar áhættuskuldbindingar</i>	57
<i>Hámark heildarskuldbindinga.</i>	57
<i>Stjórnun lána til einstakra atvinnugreina</i>	57
FULLNUSTUEIGNIR	58
ÁBYRGÐIR	58
GÆÐI ÚTLÁNA	58
MARKAÐSÁHÆTTA	58
<i>Áhættustýring annarra eigna og skulda.</i>	58
<i>Lausafjárahætta</i>	58

<i>Vaxtaáhætta</i>	59
<i>Verðbólguáhætta</i>	59
<i>Hlutabréfaáhætta</i>	59
<i>Gengisáhætta</i>	60
<i>Afleiður</i>	60
VERÐMAT SKULDABRÉFA	60
ÝMISLEGT	61
MÁLAFERLI	61
SKATTAR	61
<i>Ágreiningur í skattamálum</i>	61
<i>Yfirfæranlegt tap</i>	61
<i>Skattamál í framtíð</i>	61
<i>Skatthlutfall á næstu árum</i>	62
EVRA, KOSTNAÐAR- OG FJÁRFESTINGARÁÆTLUN	62
BANKARÁÐ, HELSTU STJÓRNENDUR OG ENDURSKOÐENDUR	62
BANKARÁÐ, BANKASTJÓRI OG FRAMKVÆMDASTJÓRAR	62
FORSTÖÐUMENN HELSTU DEILDA	63
ENDURSKOÐENDUR	64
LAUN OG ÞÓKNANIR TIL YFIRSTJÓRNAR OG ENDURSKOÐANDA	64
LÁNVEITINGAR EÐA ÖVENJULEG VIÐSKIPTI	64
HLUTABRÉF Í EIGU BANKASTJÓRA, FRAMKVÆMDASTJÓRA OG ENDURSKOÐANDA	64
REGLUR UM BANKASTARFSEMI OG EFTIRLIT	65
BANKAEFTIRLIT	65
LÖG UM BANKASTARFSEMI	65
REGLUR UM EIGNARHALD ÍSLENSKRA BANKA	67
SKILGREININGAR	67
ÁSKRIFTARBLÖÐ	69
VIÐAUKAR	75
SAMÞYKKTIR LANDSBANKA ÍSLANDS HF.	79
ÁRSREIKNINGAR LANDSBANKA ÍSLANDS FYRIR 1997	86
ÁRSHLUTAUPPGJÖR LANDSBANKA ÍSLANDS HF. 1.1.-30.6.1998	103
LÖG NR. 50/1997 UM STOFNUN HLUTAFÉLAGA UM LANDSBANKA ÍSLANDS OG BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS	119
YFIRLÝSING VIÐSKIPTARÁÐHERRA	124
YFIRLÝSING BANKARÁÐS LANDSBANKA ÍSLANDS HF.	124
ÁSKRIFTARBLÖÐ-TVÍRIT	


YFIRLÝSING ÚTGEFANDA, UMSJÓNARAÐILA OG ENDURSKOÐENDA

Yfirlýsing útgefanda

Landsbanki Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, lýsir því hér með yfir að útboðs- og skráningarlýsing þessi er gerð eftir bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir og að í hana vanti engin mikilvæg atriði sem áhrif gætu haft á mat á félaginu eða hlutabréfum þess.

Reykjavík, 3. september 1998

Landsbanki Íslands hf.




Halldór J. Kristjánsson bankastjóri
kt. 130155-4569, Krókamýri 6, Garðabæ

Yfirlýsing umsjónaraðila

Umsjónaraðilar útboðs þessa á hlutabréfum Landsbanka Íslands hf. og skráningar þeirra á Verðbréfaþingi Íslands eru Landsbanki Íslands hf., viðskiptastofa, kt. 540291-2259, Austurstræti 11, Reykjavík, og Landsbréf hf., kt. 520789-3329, Suðurlandsbraut 24, Reykjavík. Þessir aðilar hafa samið útboðs- og skráningarlýsingu þessa í samstarfi við bankaráð og endurskoðendur Landsbanka Íslands hf. Landsbanki Íslands hf. og Landsbréf hf. hafa í þessu skyni aflað þeirra gagna frá bankanum og endurskoðendum hans sem talin voru nauðsynleg. Landsbanki Íslands hf. og Landsbréf hf. telja að útboðs- og skráningarlýsing þessi gefi eins glögga mynd af Landsbanka Íslands hf. og unnt er á grundvelli fyrirliggjandi gagna og að í hana vanti engin mikilvæg atriði sem áhrif gætu haft á mat á félaginu eða hlutabréfum þess.


Reykjavík, 3. september 1998

Landsbanki Íslands hf.



Davíð Björnsson, forstöðumaður á viðskiptastofu,
kt. 200658-7799, Dalseli 17, Reykjavík.

Landsbréf hf.



Gunnar H. Hálfðanarson, forstjóri
kt. 140451-2159, Hvassaleiti 91, Reykjavík.

Yfirlýsing endurskoðenda

Við undirritaðir, löggiltir endurskoðendur, höfum áritað án athugasemda ársreikninga samstæðu Landsbanka Íslands undanfarin þrjú fjárhagsár en upplýsingar úr þeim reikningum eru birtar í útboðs- og skráningarlýsingu þessari. Við staðfestum enn fremur að aðrar upplýsingar í útboðs- og skráningarlýsingu þessari varðandi reikninga Landsbanka Íslands eru í samræmi við fyrrgreind reikningsskil.

Reykjavík, 3. september 1998

Löggiltir Endurskoðendur hf.
Andersen Worldwide, SC
Suðurlandsbraut 32, Reykjavík
kt. 421085-1109



Árni Tómasson
löggiltur endurskoðandi
kt. 251055-7269,
Hraunbraut 20, Kópavogi.

Ríkisendurskoðun
Skúlagötu 57
Reykjavík
kt. 540269-1819




Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi
kt. 091241-2269
Miðvangi 143, Hafnarfirði


Við undirritaðir, löggiltir endurskoðendur, höfum áritað, án athugasemda árshlutauppgjör samstæðu Landsbanka Íslands hf. 30.06.1998, sem birt er í útboðs- og skráningarlýsingu þessari. Við staðfestum enn fremur að aðrar upplýsingar í útboðs- og skráningarlýsingu þessari varðandi árshlutauppgjör Landsbanka Íslands hf. eru í samræmi við fyrrgreind reikningsskil.

Reykjavík, 3. september 1998

PricewaterhouseCoopers ehf.
Höfðabakka 9
110 Reykjavík
kt. 690681-0139



Hjalta Schiöth
löggiltur endurskoðandi
kt. 141261-4289
Melahvarfi 7, Kópavogi



Ólafur Kristinsson
löggiltur endurskoðandi
kt. 271041-2769
Frostafold 14, Reykjavík

TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Í útboðs- og skráningarlýsingu þessari ná orðin „bankinn“, „Landsbankinn“, „samstæða Landsbankans“ yfir Landsbanka Íslands hf. og dótturfélög hans nema samhengið bendi til annars.

Útboðið fer fram samkvæmt íslenskum lögum. Útboðs- og skráningarlýsing þessi hefur verið samin með það fyrir augum að fullnægja þeim kröfum og skilyrðum sem skylt er samkvæmt íslenskum lögum, þar með töldum reglum Verðbréfaþings Íslands um skráningu verðbréfa á Verðbréfaþingi Íslands frá 1. desember 1997 og reglum um skráningarlýsingar hlutabréfa frá 1. desember 1997.

Sem seljandi hlutabréfa lýsir Landsbankinn eftir áskrifendum að þeim hlutabréfum sem hér eru boðin til sölu en gerist ekki sjálfur áskrifandi eða tilboðsgjafi í hlutabréf.

Upplýsingar um stefnu og horfur og annað er lýtur að framtíðarafkomu bankans byggjast á ákveðnum forsendum sem kunna að vera háðar breytingum. Á meðan útboðið stendur er aðilum innan Landsbanka Íslands hf. óheimilt að gefa frekari upplýsingar sem ekki er að finna í útboðs- og skráningarlýsingu þessari. Aðrar upplýsingar en hér er að finna geta ekki talist samþykktar af Landsbankanum, bankaráði eða stjórnendum bankans. Þær upplýsingar sem birtar eru í útboðs- og skráningarlýsingu þessari eru miðaðar við þann dag sem hún er gefin út. Hvorki afhending útboðs- og skráningarlýsingar þessarar né sala hlutabréfa samkvæmt henni skal talin fela í sér að þær upplýsingar sem útboðs- og skráningarlýsingin hefur að geyma séu enn réttar á þeim degi sem slík sala eða afhending á sér stað. Landsbankinn mun tilkynna um verulegar breytingar sem verða kunna og er fjárfestum bent á að veita slíkum tilkynningum athygli á meðan á sölutímabili stendur og síðar.

Fjárfestum er bent á að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kynnu að eiga við kaup þeirra á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf.

Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér efni útboðs- og skráningarlýsingar þessarar af kostgæfni sem og fylgiskjöl með henni. Þó er lögð á það áhersla að fjárfestar verða að reiða sig á eigin könnun á þeim markaði sem Landsbanki Íslands hf. starfar á og ytri aðstæðum, s.s. varðandi væntanlegan hagnað og þær áhættur sem í fjárfestingunni kunna að felast.

Útboðs lýsingu þessa er á engan hátt unnt að skoða sem bindandi tilboð af hálfu Landsbanka Íslands hf. til væntanlegra fjárfesta.

SAMANTEKT

Eftirfarandi samantekt ber að skoða sem útdrátt úr þeim upplýsingum sem er að finna í meginmáli útboðs- og skráningarlýsingar þessarar og þeim upplýsingum sem fram koma í ársreikningum og endurskoðuðu árs- hlutauppgjöri sem fylgja útboðslýsingu þessari.

Almennar upplýsingar um útboð og skráningu

Útgefandi	Landsbanki Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 11, Reykjavík.
Starfsemi samkvæmt félagssamþykktum	<p>Samkvæmt 3. gr. samþykktu Landsbankans, er tilgangur félagsins „að starfrækja viðskiptabanka er hafi á hendi hvers konar starfsemi sem heimil er samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði“.</p> <p>Landsbankinn var gerður að hlutafélagi með lögum nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Stofnað var hlutafélag hinn 10. september 1997 sem yfirtók rekstur og starfsemi Landsbanka Íslands, svo og eignir hans og skuldbindingar frá og með 1. janúar 1998. Um starfsemi Landsbankans gilda lög nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði og ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög að öðru leyti en greinir í lögum nr. 50/1997. Hlutafélagsbankanum var veitt starfsleyfi af viðskiptaráðherra hinn 20. desember 1997 og tók það gildi 1. janúar 1998.</p>
Umsjón með útboði og skráningu á Verðbréfaþingi Íslands	Landsbanki Íslands hf., viðskiptastofa, kt. 540291-2259, Austurstræti 11, Reykjavík og Landsbréf hf., kt. 520789-3329, Suðurlandsbraut 24, Reykjavík.
Heildarfjárhæð útboðs	Ný hlutabréf að nafnverði allt að 1.000 milljónir kr. verða seld samtímis í tveimur áskriftarflokkum og einum tilboðsflokki. Hlutabréf fyrir allt að 325 milljónir kr. að nafnverði verða seld starfsfólki og Lífeyrissjóði bankamanna, allt að 625 milljónir kr. að nafnverði verða seldar almenningi með áskrift á föstu gengi og allt að 50 milljónir kr. verða seldar samkvæmt tilboðsfyrirkomulagi. Seljist ekki öll hlutabréf í einum flokki er gert ráð fyrir að þau flytjist yfir í annan síðarnefndu flokkanna, svo sem nánar greinir í kaflanum um útboðið hér að neðan.
Söluskilmálar	Sérhverjum starfsmanni Landsbanka Íslands hf. og dótturfélaga Landsbankans er heimilt að skrá sig fyrir hlutabréfum allt að 250.000 kr. að nafnverði á genginu 1,285 og er sá réttur ófram-seljanlegur. Öllum starfsmönnum í föstu starfi, hjá Landsbankanum eða dótturfélögum hans við upphaf útboðsins, svo og þeim starfsmönnum sem létu af föstu starfi á tímabilinu frá 1. janúar 1997 fram að upphafsdegi útboðsins, er heimilt að taka þátt í útboðinu. Gengi hlutabréfa í sölu til starfsfólks var formlega ákveðið af ríkisstjórn Íslands hinn 31. desember 1997 sem liður í heildarskipulagi á breytingu Landsbankans í hlutafélag og breytingum á lífeyriskerfi starfsmanna. Lífeyrissjóði bankamanna verður boðið að kaupa þau hlutabréf í þessum flokki sem ekki eru keypt af starfsmönnum. Kjósi sjóðurinn að skrá sig ekki fyrir allri þeirri fjárhæð verður afgangurinn fluttur yfir í almenna áskriftarflokkinn.

Í almennu áskriftinni er hverjum áskrifanda heimilt að skrá sig fyrir hlutabréfum allt að 1,0 milljón kr. að nafnvirði. Ef hlutabréf í þessum flokki seljast ekki öll verður afgangurinn fluttur yfir í tilboðssöluflokkinn. Ef umframeftirspurn verður í þessum flokki útboðsins skerðist hámarksfjárhæð sem hverjum áskrifanda er heimilt að kaupa fyrir þar til heildarfjárhæð seldra bréfa er komin niður í 625 milljónir kr. eða þá fjárhæð sem stendur til boða í þessum flokki eftir mögulegan flutning úr öðrum flokkum.

Í tilboðsflokknum eru engin takmörk á þeirri fjárhæð sem hver áskrifandi getur skráð sig fyrir. Söluþyrirkomulag verður með þeim hætti að fyrst verður gengið að hæsta tilboði, þá því næsthæsta og svo koll af kolli uns bréfin hafa öll verið seld. Ef um framáskrift verður að ræða og verði gengið að fleiri tilboðum en einu á sama gengi, verður það gert hlutfallslega eftir fjárhæð tilboðanna. Landsbankinn áskilur sér rétt til þess að hafna öllum tilboðum sem eru lægri en sölugengið í hinu almenna útboði. Ef ekki koma fram tilboð í öll þau hlutabréf sem til sölu eru í þessum flokki verður afgangurinn fluttur yfir í almenna áskriftarflokkinn.

Tilboð verða opnuð í húsnæði viðskiptastofu að Laugavegi 77, Reykjavík, hinn 28. september 1998, kl. 15.00

Um alla flokkana gildir að sérhver áskrifandi fyllir út áskriftarblað sem er hluti útboðsgagna og skilar því inn til Landsbanka Íslands hf. eða Landsbréfa hf. Þegar skráningarblaði hefur verið skilað inn er tilboðið bindandi fyrir tilboðsgjafa og óbreytanlegt.

Greiðsla

Síðasti greiðsludagur er 14. október 1998. Berist greiðsla ekki geta áskrifendur átt von á því að skuldin verði innheimt með þeim hætti sem lög heimila. Verði um framáskrift að ræða í tilboðsflokknum, hefur Landsbankinn í stað innheimtuaðgerða heimild til að fella ógreiddar áskriftir úr gildi og verða bréfin þá seld kaupendum í tilboðsflokknum gegn staðgreiðslu.

Áskrifendum hlutabréfa, sem standast kröfur Landsbankans um lánsþæfi, stendur til boða lánveiting frá bankanum fyrir allt að 85% kaupverðs. Landsbankinn mun almennt taka handveð í hlutabréfum sem nægjanlega tryggingu fyrir greiðslu lánsins. Lánin verða með 9,85% föstum ársvöxtum, lántökugjald verður 1% og stimpilgjald 0,5%. Lengd lána getur orðið allt 36 mánuðum. Einnig er möguleiki á öðrum lánsformum bankans.

Áskriftar- og tilboðstímabil

9. september 1998 – 23. september 1998, en greiðslutímabili lýkur 14. október 1998.

Sölugengi til starfsmanna

Sölugengi hlutabréfa til starfsmanna og Lífeyrissjóðs bankamanna verður 1,285 sem var innra virði Landsbankans 31. desember 1997.

Sölugengi í almennri áskrift

Sölugengi hlutabréfa til almennings er 1,9.

Sölugengi í tilboðssölu

Þátttakendur í tilboðssölu geta gert tilboð á hvaða gengi sem er, en Landsbankinn áskilur sér rétt til að hafna hverju tilboði sem er lægra en sölugengi í almenna áskriftarflokknum.

Afhending hlutabréfa

Hlutabréf verða afhent eigi síðar en 12 vikum eftir lokagjald-daga áskriftar, enda hafi hlutafjárukningin þá verið skráð hjá Hlutafélagaskrá. Ekki verða gefin út bráðabirgðaskírteini fram að þeim tíma.

Forkaups- og áskriftarréttur hluthafa Samkvæmt 34. gr. laga nr. 2/1995 eiga hluthafar rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í félaginu í hlutfalli við hlutafjäreign sína. Núverandi hluthafi hefur afsalað sér þessum rétti sínum að því er varðar þetta nýja hlutafjárútbod. Fjárfestum er bent á að viðskiptaráðherra áskilur sér f.h. ríkissjóðs rétt til að leggja til við hluthafafund síðar að samskonar afsal taki til allra hluthafa komi til frekari hlutafjánhækkunar, sbr. 3. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, en ríkissjóður getur í krafti eignarhluta síns samþykkt slíka tillögu.

Engin sérákvæði eru í samþykktum Landsbankans um forkaupsrétt hluthafa.

Arður Stefna bankaráðs Landsbankans er að greiddur verði arður sem nemur 30%–50% af hagnaði hvers árs, frá árinu 2000 af hagnaði ársins 1999. Ekki er gert ráð fyrir að greiddur verði arður af hagnaði ársins 1998 heldur er ætlunin að byggja upp eiginfjárstöðu Landsbankans á þeim tíma. Ákvarðanir um greiðslu arðs, gjalddaga hans og útgáfu jöfnunarhlutabréfa eru teknar af aðalfundi Landsbankans. Allir hluthafar sem eru skráðir í hlutaskrá á aðalfundi munu fá greiddan út þann arð sem ákveðinn er. Tillögur um greiðslu arðs byggjast á mati á stöðu Landsbankans, rekstrarhorfum, þróun eiginfjárlutfalls og fyrirhuguðum fjárfestingum. Landsbankinn ber enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að hluthafi hefur vanrækt að tilkynna honum um eiganda- eða aðsetursskipti.

Heimild til hlutafjárukningar og sölu hlutafjár Skv. lögum nr. 50 frá 22. maí 1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands getur viðskiptaráðherra heimilað útgáfu nýrra hlutabréfa í því skyni að styrkja eiginfjárstöðu bankans en samanlagður eignarhluti annarra en ríkissjóðs má þó ekki vera hærri en 35% af heildarhlutafé.

Á hluthafafundi sem haldinn var 3. september 1998 ákvað viðskiptaráðherra að heimila útgáfu hlutabréfa fyrir allt að 1.000 milljónir kr. að nafnverði og var sú ákvörðun jafnframt ákvörðun hluthafafundar skv. 33. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hluthafafundur tók jafnframt ákvörðun um að heimila sölu hlutafjárins með almennu útbod.

Tilgangur útboðsins Tilgangur útboðsins er að styrkja eiginfjárstöðu Landsbankans, sem er nauðsynlegt vegna kaupa bankans á hlut í Vátryggingafélagi Íslands hf. (VÍS) og Líftryggingafélagi Íslands hf. (LÍFÍS) og til að bankinn geti nýtt sóknarfæri sín á bankamarkaði.

Tilgangur skráningar Skráning hlutabréfa í kauphöll leiðir að öðru jöfnu til þess að hlutabréf verða auðseljanlegri og vekja áhuga breiðari hóps fjárfesta. Skráning stuðlar þannig að skilvirkari markaði fyrir hlutabréf og dreifðri eignaraðild.

Söluaðilar Viðskiptastofa Landsbanka Íslands hf. að Laugavegi 77, Reykjavík, öll útibú Landsbankans og Landsbréf hf.

Upplýsingar og gögn	<p>Útboðs- og skráningarlýsingin og önnur gögn um Landsbanka Íslands hf., sem getið er um í útboðs- og skráningarlýsingu þessari, liggja frammi í viðskiptastofu Landsbanka Íslands hf. að Laugavegi 77 í Reykjavík, öllum útibúum Landsbankans, hjá Landsbréfum hf., Fjórvingi hf. og umboðsaðilum VÍS. Einnig er unnt að nálgast öll gögn á heimasíðu Landsbankans: www.landsbanki.is.</p>
Skráning	<p>Stjórn Verðbréfaþings Íslands hefur samþykkt að taka öll útgefin hlutabréf Landsbanka Íslands hf. til skráningar á Aðallista þingsins að loknu útboðinu, enda hafi Landsbankinn þá uppfyllt öll skilyrði til skráningar, þ.m.t. að hlutfjárúkningin hafi verið skráð hjá Hlutfélagaskrá Hagstofu Íslands, að undanskildu því skilyrði að a.m.k. 25% af hlutabréfum bankans séu í dreifðri eign. Fyrir því skilyrði hefur stjórn Verðbréfaþings Íslands veitt undanþágu til 1. júní árið 2000, sbr. heimild til tímabundinnar undanþágu í 4. mgr. 9. gr. reglna um skráningu verðbréfa á Verðbréfaþingi Íslands.</p> <p>Niðurstaða útboðs þessa verður birt í viðskiptakerfi Verðbréfaþings Íslands ásamt upplýsingum um endanlega dagsetningu skráningar. Þess er vænst að skráning verði í októberlok 1998.</p>
Kostnaður	<p>Landsbanki Íslands hf. mun greiða allan kostnað við útboðið og stimpilgjöld af hlutabréfum. Beinn kostnaður við útboðið er áætlaður u.þ.b. 1,75% af söluandvirði hlutabréfanna eða alls um 30 milljónir kr.</p>
Framsal	<p>Engar takmarkanir eru á framsali hlutabréfa. Hluthöfum er heimilt að veðsetja hlut sinn nema slíkt sé óheimilt samkvæmt lögum. Öll eigendaskipti ber að tilkynna til hlutaskrár Landsbankans. Gagnvart Landsbankanum telst hlutaskráin fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum.</p>
Skattlagning	<p>Ríkisskattstjóri hefur staðfest að Landsbankinn uppfylli skilyrði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 9/1984 eftir að eignarhaldi á hlutum í Landsbankanum hefur verið dreift þannig að hluthafar séu að minnsta kosti 25 talsins, en samkvæmt lögunum er einstaklingum heimilt að draga tiltekið hlutfall af kaupverði hlutabréfa í félaginu frá skattstofni.</p> <p>Landsbankanum er skylt að halda eftir staðgreiðsluskatti af fjármagnstekjum skv. 3. gr. laga nr. 94/1996, þ.m.t. af vöxtum og arðgreiðslum.</p> <p>Útgefin bréf eru stimpilgjaldsskyld. Bréfin verða stimpluð við útgáfu. Landsbanki Íslands hf. ber allan kostnað af stimpilgjaldinu.</p> <p>Þeim starfsmönnum sem fjárfesta í hlutabréfum Landsbankans er bent á að skattfirvöld kunna að telja að sá mismunur sem er á sölugengi til starfsmanna og sölugengi í almennum áskriftarflokki hafi áhrif á ákvörðun um tekjuskatt þeirra. Landsbankinn telur að svo verði ekki, einkum með vísan til þess að sölugengi til starfsmanna var ákveðið í lok árs 1997 svo sem áður er getið. Landsbankinn getur þó ekki ábyrgst neina niðurstöðu í þessum efnum.</p> <p>Um þessi og önnur skattaleg atriði varðandi bréfin fer samkvæmt gildandi skattalögum hverju sinni.</p>

Dreift eignarhald

Eftir hlutafjárhækkunina er gert ráð fyrir að um 15% hlutafjár verði í dreifðri eignaraðild en að um 85% verði áfram í eigu ríkisins.

Á hluthafafundi 3. september 1998 lýsti viðskiptaráðherra því að það væri liður í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sölu hlutafjár í Landsbanka Íslands hf., að tryggt verði að eigi síðar en 1. júní árið 2000 verði meira en 25% af heildarhlutafé Landsbankans í dreifðri eignaraðild í samræmi við reglur Verðbréfaþings Íslands.

Bankaráð Landsbankans hefur jafnframt lýst yfir að það muni beita sér fyrir því að slíkri dreifingu verði náð innan þessara tímamarka.

Samkvæmt lögum eru tvær leiðir færar. Annars vegar er unnt að selja hlutafé með beinni sölu en til þess þarf samþykki Alþingis. Hins vegar getur viðskiptaráðherra heimilað hlutafjárukningu skv. lögum nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands svo sem áður er getið.

Réttindi hluthafa

Hlutafé Landsbankans fyrir útboðið nemur 5.500 milljónum kr. Hverjum hlut í bankanum að nafnvirði 1 kr. fylgir eitt atkvæði. Engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hlutabréf í Landsbankanum. Ákvarðanir um greiðslu arðs og útgáfu jöfnunarhlutabréfa eru teknar af aðalfundi Landsbankans, sbr. það sem áður sagði um arðgreiðslur. Allir hluthafar sem eru skráðir í hlutaskrá á aðalfundi eiga rétt á arðgreiðslu á grundvelli eignarhlutdeildar sinnar. Að því er varðar önnur atriði er vísað til samþykktu Landsbankans, sem fylgja útboðs- og skráningarlýsingu þessari.

Aðrar upplýsingar

Saga Landsbanki Íslands hefur frá því hann hóf starfsemi árið 1886 verið stærsti viðskiptabanki landsins hvort sem miðað er við innlán eða útlán. Hann hefur auk þess starfað sem seðlabanki, rekið kauphöll og átt mikinn þátt í uppbyggingu atvinnulífs landsmanna.

Ríkisumsvif á fjármálamarkaði Ríkisstórn Íslands hefur að markmiði að draga úr ríkisumsvifum á fjármálamarkaði. Útboð aukins hlutfjár og sala á almennum markaði, ásamt skráningu á Verðbréfabingi Íslands styrkir í sessi það markmið.

Fjárhagsstaða og afkoma samstæðu Landsbankans 1995 – 1998 (allar upphæðir í milljónum kr.)

	1/1 –30/6 1998	1997	1996	1995
Tölur eru byggðar á ársreikningum og árshlutauppgjöri.				
Vaxtatekjur	5.286,0	9.906,2	8.939,8	9.061,0
Vaxtagjöld	3.120,8	5.624,8	5.013,1	4.761,0
Hreinar vaxtatekjur	2.165,2	4.281,3	3.926,7	4.300,0
Aðrar rekstrartekjur	1.545,8	2.854,2	2.668,2	2.224,4
Hreinar rekstrartekjur	3.711,0	7.135,5	6.594,6	6.524,4
Rekstrargjöld	2.791,3	5.152,1	4.743,9	4.497,4
Framlög í afskrifareikning útlána	450,0	1.012,7	1.299,7	1.500,0
Innkomin áður afskrifuð útlán	22,3	541,4	62,8	133,7
Hagnaður fyrir skatta og óreglulega liði	491,9	1.512,1	614,1	660,7
Skattar	(2,6)	(458,7)	(180,6)	(308,3)
Hagnaður af reglulegri starfsemi eftir skatta	489,3	1.053,5	433,5	352,4
Óreglulegir liðir	0	(727,3)	(171,1)	(175,6)
Hagnaður ársins	489,3	326,2	262,4	176,9

Lánshæfismat á Landsbanka Íslands hf.

Bandaríska matsfyrirtækið Moody's Investors Service hefur metið lánshæfi Landsbankans og gaf honum eftirfarandi einkunnir 2. febrúar 1998:

Langtímaskuldbindingar: A3
 Skuldbindingar til skemmri tíma: P2
 Mótaðila áhætta: A3
 Fjárhagslegur styrkur: D

Skýringar á einkunnum er að finna í sérstökum kafla um lánshæfismatið í megintexta útboðs- og skráningarlýsingar þessarar.

Fjárfesting í VÍS og LÍFÍS

Bankinn hefur gert samning um kaup og kauprétt á öllum eignarhluta Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands í Vátryggingafélagi Íslands hf. (VÍS) og Líftryggingafélagi Íslands hf. (LÍFÍS) á tímabilinu 1997 til 1999. Nýti Landsbankinn kauprétt sinn að fullu verður eignarhlutdeild bankans beint og óbeint 50% í VÍS og LÍFÍS, hvoru um sig.

Skipulag Landsbankans

Í apríl 1998 var stjórnskipulagi Landsbankans breytt. Bankaráðið tilnefndi einn bankastjóra er kom í stað bankastjórnarinnar sem áður var skipuð þremur bankastjórum. Í kjölfarið fylgdu frekari breytingar á stjórnskipulagi bankans sem miðuðu að því að einfalda skipurit bankans. Þar er tekið tillit til breytts markaðsumhverfis og verkefnum skipt miðað við rekstur bankans og þá þjónustu sem verið er að veita einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum. Við þessa vinnu var haft að leiðarljósi að stytta boðleiðir, hraða ákvarðanatöku, auka skilvirkni og tryggja sveigjanleika þannig að bankinn geti lagað sig fyrr að þróuninni hverju sinni. Samþykktum Landsbankans hefur verið breytt til samræmis við breytingar á yfirstjórn bankans.

Samkvæmt skipuriti er starfsemi Landsbankans skipt í fjögur svið: alþjóða- og fjármálasvið, einstaklings- og markaðssvið, fyrirtækja- og stofnanasvið og rekstrarsvið.

Útibúakerfi Landsbankans er hið víðtækasta á landinu, með 9 svæðisútbúum, 34 útibúum og 21 afgreiðslu. Auk þess býður Landsbankinn sjálfsafgreiðsluþjónustu í fjölmörgum hraðbönkum, í gegnum síma og tölvutengingar. Þá nýta fyrirtæki sér í töluverðum mæli rafræn samskipti við Landsbankann og beintengingar fjármálaþjónustu við eigin bókhaldskerfi.

Dótturfélög Landsbankans eru samstæða Landsbréfa sem nær yfir Landsbréf hf. og Landsvaka hf. og samstæða eignaumsýslufélaga Landsbankans sem nær til Hamla hf., Regins hf. og Rekstrarfélagsins hf., en öll fyrirtækin eru beint eða óbeint alfarið í eigu Landsbankans. Til viðbótar á Landsbankinn innan við 50% eignarhlut í átta hlutdeildarfélögum.

Samkeppnisstaða

Landsbanki Íslands hf. hefur umtalsverða markaðshlutdeild á þeim mörkuðum sem hann starfar á. Markaðshlutdeild Landsbankans í árslok 1997 á lánamarkaði, þ.m.t. fjárfestingarlánastarfsemi, mælt í heildarútlánum, var 24,6%. Ef mæld er í innlánum nam markaðshlutdeildin 33,9%.

Horfur

Hagnaður fyrstu sex mánuði ársins 1998 var 489 milljónir kr. samkvæmt árshlutauppgjöri 30. júní 1998. Stefnt er að auknum hagnaði Landsbankans á næstu árum, þrátt fyrir lækkun vaxtamunar, einkum vegna áætlana um lækkun á kostnaðarhlutfalli bankans, aukningar heildareigna og lækkunar á framlögum á afskriftareikning útlána.

Stefna

Landsbanki Íslands veitir alhliða fjármálaþjónustu, bæði almenna og sértæka til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Stærstu viðskiptavinir Landsbankans á fyrirtækja- og stofnana-markaði fá sérhæfða þjónustu hjá fyrirtækja- og stofnanasviði í höfuðstöðvum Landsbankans en öll önnur þjónusta er veitt í útibúum Landsbankans víða um land, með nauðsynlegum stuðningi frá höfuðstöðvum

Með viðtæku útibúaneti sínu og fjölbreyttu vöru- og þjónustuframboði er Landsbankinn vel í stakk búinn til þess að taka þátt í vexti í efnahagslífi og á fjármálamarkaði á Íslandi. Samstarf Landsbankans við VÍS og LÍFÍS í krafti eignarhlutdeildar bankans í báðum félögum opnar sóknarfæri á nýjum sviðum fjármálamarkaðarins.

Aðalmarkmið Landsbankans eru:

- Að leggja áherslu á þau svið þar sem bankinn er sterkastur og nýta nafn hans og ímynd.
- Að víkka út framboð á vöru og þjónustu og færast inn á ný svið fjármálaþjónustu í nánu samstarfi við VÍS og LÍFÍS.
- Að mæta auknum þörfum einstaklinga og fyrirtækja með öflugri vöruþróun innan bankans og nánu samstarfi við valda innlenda og erlenda aðila, bæði fjármálafyrirtæki og önnur fyrirtæki.
- Að beina markaðsaðgerðum að þeim sviðum atvinnulífsins sem eru í örum vexti.
- Að styrkja og auka eignastýringarstarfsemi bankans í því skyni að ná leiðandi stöðu í fjárvörslu á tímum ört vaxandi langtímasparnaðar.
- Að mæta vaxandi þörf íslenskra fjárfesta með stofnun sérstakrar einingar er veitir aðstoð við fjárfestingu í erlendum verðbréfum.
- Að stofna til sérstaks sambands við erlent fjármálafyrirtæki með það að markmiði að styrkja alþjóðlega þjónustu bankans og eiga samstarf um vöruþróun og upplýsinga- og tæknimál.

Áhættustýring

Stýring útlánaáhættu er mikilvægur þáttur í stjórnun Landsbankans og hluti af samfelldu ferli sem snýr að samsetningu útlána og lánveitingum. Yfirumsjón útlánamála er í höndum bankastjóra og tveggja lánanefnda.

Stjórnendur og endurskoðendur Landsbankans telja að gæði útlána hafi batnað verulega á síðastliðnum árum og að lagt hafi verið hæfilega í afskriftasjóð vegna áhættusamra útlána.

Önnur rekstraráhætta er innan þeirra marka sem stjórnendur Landsbankans hafa ákvarðað. Meðal þessara áhættuþátta eru markaðsáhætta, lausafjáraáhætta, vaxtaáhætta, hlutabréfaáhætta, gengisáhætta og áhætta sem stafar af afleiðuvíðskiptum.

HLUTAFJÁRÚTBOÐIÐ

Almennar upplýsingar um útboð og skráningu

Sölutímabil

Þau hlutabréf sem boðin eru til sölu með útboði þessu verða seld samtímis í tveimur áskriftarflokkum og einum tilboðsflokki, á tímabilinu 9. september – 14. október 1998. Sölutímabilið skiptist þannig að áskrift fer fram á tímabilinu 9. september – 23. september 1998 en greiðslutímabil stendur til 14. október 1998. Skilmálum sölnunnar er lýst hér að neðan. Allt útboðið er með áskriftarformi, og þurfa væntanlegir kaupendur að fylla út og skila inn áskriftareyðublaði til að taka þátt í útboðinu.

Áskriftargögn

Áskriftargögnin samanstanda af útboðs- og skráningarlýsingu. Áskriftargögnum verður dreift á eftirfarandi stöðum og eru þar aðgengileg fjárfestum: Viðskiptastofu Landsbanka Íslands hf., öllum útibúum Landsbanka Íslands hf., Landsbréfum hf., Fjárvangi hf. og umboðsaðilum VÍS hf. Einnig er unnt að nálgast öll gögn á heimasíðu Landsbankans, www.landsbanki.is. Áskriftargögnum verður einnig dreift til annarra verðbréfafyrirtækja. Áskriftarblöð þarf að fylla út og skila inn til viðskiptastofu eða útibúa Landsbanka Íslands hf. eða til Landsbréfa hf. eigi síðar en miðvikudaginn 23. september 1998, kl. 16.00. Áskrifendur sem senda inn áskriftarblöð á faxi gera það á eigin ábyrgð og þurfa að staðfesta áskrift sína með því að senda jafnframt inn frumrit áskriftarblaðs.

Sala til starfsmanna Landsbanka Íslands hf. og Lífeyrissjóðs bankamanna

Starfsmönnum Landsbanka Íslands hf., dótturfélaga Landsbankans og Lífeyrissjóðs bankamanna er heimilt að kaupa hlutabréf fyrir allt að 325 milljónir kr. að nafnverði, á sölugenginu 1,285. Þetta gengi jafngildir innra virði Landsbankans 31. desember 1997. Gengi hlutabréfa í sölu til starfsfólks var formlega ákveðið af ríkisstjórn Íslands hinn 31. desember 1997 sem liður í heildarskipulagi á breytingu Landsbankans í hlutafélag og breytingum á lífeyriskerfi starfsmanna.

Hámarksfjárhæð sem hverjum starfsmanni er heimilt að skrá sig fyrir í þessum flokki er 250.000 kr. að nafnvirði. Öllum starfsmönnum í föstu starfi, hjá Landsbankanum eða dótturfélögum hans við upphaf útboðsins, svo og þeim starfsmönnum sem létu af föstu starfi á tímabilinu frá 1. janúar 1997 fram að upphafsdegi útboðsins, er heimilt að taka þátt í útboðinu. Hlutfé sem ekki selst til starfsmanna með þessum hætti verður boðið Lífeyrissjóði bankamanna á sömu kjörum. Þeir sem sitja í bankaráði Landsbankans eiga ekki áskriftarrétt með þessum kjörum. Starfsmönnum og Lífeyrissjóði bankamanna er óheimilt að framselja áskriftarrétt sinn.

Ef heildarfjárhæðin í þessum hluta útboðsins, 325 milljónir kr. að nafnverði, selst ekki til starfsmanna og Lífeyrissjóðs bankamanna svo sem hér að framan er lýst, flyst sú fjárhæð sem eftir stendur yfir í almenna áskriftarflokkinn.

Almenn áskrift

Heildarnafnverð hlutabréfa sem seld verða með almennri áskrift er 625 milljónir kr., og verða þau seld á genginu 1,9. Við verðlagningu hlutabréfa í Landsbanka Íslands hf. hefur verið tekið tillit til sérstaks verðmats á bankanum sem m.a. byggði á núvirtu væntu greiðsluflæði og endurmetnum eignum Landsbankans, auk þess sem horft var til verðlagningar viðskiptabanka á Íslandi og á norðurlöndum.

Heildarnafnverð hlutabréfa sem seld verða í þessum hluta útboðsins gæti aukist ef minna en 325 milljónir kr. seljast til starfsmanna og Lífeyrissjóðs bankamanna, en í því tilviki verða þau hlutabréf sem eftir standa flutt yfir í þennan hluta útboðsins. Hið sama á við um hlutabréf sem seld verða með tilboðsfyrirkomulagi ef nafnvirði hlutabréfa sem seld eru með tilboðsfyrirkomulagi er innan við 50 milljónir kr. Ef hlutabréf seljast fyrir minna en 625 milljónir kr. í þessum áskriftarflokki útboðsins, flytjast eftirstöðvarnar yfir í tilboðshluta útboðsins.

Áskriftarflokkur þessi er öllum opin. Hámarksfjárhæð sem hver áskrifandi getur skráð sig fyrir í þessum hluta útbóðsins er 1,0 milljón kr. að nafnvirði. Ef umframeftirspurn verður í þessum hluta útbóðsins, skerðist sú hámarksfjárhæð sem hverjum áskrifanda er heimilt að kaupa fyrir þar til heildarfjárhæð seldra bréfa er komin niður í 625 milljónir kr. Heildarfjárhæðin kann að hækka ef ekki er nægjanleg eftirspurn í útbóði hlutabréfa til starfsmanna eða í hlutabréf í tilboðsflokknum.

Tilboðssala

Þriðji hluti útbóðsins er með tilboðsfyrirkomulagi og verða í þessum hluta útbóðsins seld bréf fyrir 50 milljónir kr. að nafnvirði. Ekki er um að ræða fast tilboðsverð, en Landsbankinn áskilur sér rétt til að hafna tilboðum sem eru lægri en sölugengi í almenna áskriftarflokknum, þ.e. 1,9. Eins og lýst er hér að framan, gæti heildarfjárhæð tilboðshlutans aukist ef öll bréfin sem gert er ráð fyrir að selja í almenna hlutanum seljast ekki. Til sölu í tilboðshluta útbóðsins koma einnig þau bréf sem áskrifendur kunna að skrá sig fyrir en eru enn ógreidd á gjalddaga, sem er 14. október 1998, að því gefnu að umframáskrift verði í tilboðsflokknum. Ef ekki seljast hlutir fyrir 50 milljónir kr. að nafnvirði í tilboðshluta útbóðsins, flytjast óseld hlutabréf í þeim hluta yfir í almenna áskriftarflokkinn.

Tilboðshluti útbóðsins er opin öllum og eru engin takmörk á þeirri fjárhæð sem hver áskrifandi getur skráð sig fyrir. Þó er ljóst að til boða standa að minnsta kosti 50 milljónir í þessum flokki, en vegna mögulegs flutnings úr öðrum áskriftarflokkum getur sú fjárhæð hækkað. Ekki er unnt að áætla hversu mikil sú hækkan kann að verða á áskriftartímanum en eðlilega takmarkast hún við heildarfjárhæð þeirra hluta sem í boði eru. Hlutum sem seljast í tilboðshluta útbóðsins verður dreift sem hér segir: Fyrst verður gengið að hæsta tilboði, síðan að því næsthæsta og þannig koll af kalli þar til öll hlutabréfin í þessum hluta eru seld. Verði gengið að fleiri tilboðum en einu á sama gengi, verður það gert hlutfallslega eftir fjárhæð tilboðanna, en við mat á hlutfalli milli einstakra aðila verða þó tilboð sem berast fyrir hærri fjárhæð en til boða stendur í þessum flokki aðeins talin fela í sér tilboð fyrir alla þá fjárhæð sem í boði er.

Tilboð verða opnuð í húsnæði viðskiptastofu að Laugavegi 77, Reykjavík, hinn 28. september 1998, kl. 15.00

Greiðsla hlutabréfa

Þegar farið hefur verið yfir öll áskriftarblöð, verða greiðsluseðlar sendir áskrifendum og þarf að greiða þá í síðasta lagi 14. október 1998. Berist greiðsla ekki geta áskrifendur átt von á því að skuldin verði innheimt með þeim hætti sem lög heimila. Verði um umframáskrift að ræða í tilboðsflokknum er þó heimilt í stað innheimtu aðgerða að fella ógreidda áskrift úr gildi og verða bréfin þá seld kaupendum í tilboðsflokki gegn staðgreiðslu.

Til að inna af hendi staðgreiðslu hinna keyptu hluta fyrir 14. október 1998 mun áskrifendum hlutabréfa sem þess óska og standast kröfur Landsbankans um lánshæfi, standa til boða lánveiting frá bankanum fyrir allt að 85% kaupverðs. Landsbankinn mun almennt taka handveð í hlutabréfum sem nægjanlega tryggingu fyrir greiðslu lánsins. Lánin verða með 9,85% föstum ársvöxtum, lántökugjald verður 1% og stimpilgjald 0,5%. Lengd lána getur orðið allt 36 mánuðum. Einnig er möguleiki á öðrum lánsformum bankans.

Ráðstöfun andvirðis hlutfjárhækkunar

Andvirði hlutfjárhækkunar þessarar verður ráðstafað með tvennum hætti. Í fyrsta lagi er hlutfjárukningin nauðsynleg vegna þeirra áhrifa sem aukinn eignarhlutur í VÍS hefur á eiginfjárstöðu Landsbankans. Í öðru lagi gerir hún Landsbankanum kleift að auka starfsemi sína á bankamarkaðnum með því meðal annars að útvíkka starfsemi sína bæði á hefðbundnum og nýjum sviðum.

Hlutfé

Hlutfé Landsbanka Íslands hf. nemur í upphafi útbóðs 5.500 milljón hlutum í einum flokki að nafnvirði 1 kr. hver hlutur, og svarar það til 5.500 milljóna kr. að nafnvirði og er það allt greitt. Að lokinni hlutfjárukningunni sem lýst er í þessari útbóðs- og skráningarlýsingu verður hlutfé Landsbankans því allt að 6.500 milljón hlutir að nafnvirði 1 kr. hver, og svarar það til heildarhlutfjár að nafnvirði allt að 6.500 milljónum kr.

Hlutabréfin eru gefin út af bankaráði Landsbankans og undirrituð af öllum bankaráðsmönnum. Gefa má út eitt hlutabréf fyrir öllu hlutfé hvers hluthafa og geta hluthafar fengið hlutfé sínu skipt í aðrar einingar ef þeir óska. Hlutabréf verða afhent eigi síðar en 12 vikum eftir lokagjalddaga áskriftar, enda hafi hlutfjárukningin þá verið skráð hjá Hlutafélagaskrá. Ekki verða gefin út bráðabirgðaskirteini fram að þeim tíma.

Landsbanki Íslands hf. mun greiða allan kostnað við útbóðið og stimpilgjöld af hlutabréfum. Beinn kostnaður við útbóðið er áætlaður u.þ.b. 1,75% af söluandvirði hlutabréfanna eða alls um 30 milljónir kr.

Skattlagning

Ríkisskattstjóri hefur staðfest að Landsbankinn uppfylli skilyrði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 9/1984 eftir að eignarhaldi á hlutum í Landsbankanum hefur verið dreift þannig að hluthafar séu að minnsta kosti 25 talsins, en samkvæmt lögnum er einstaklingum heimilt að draga tiltekið hlutfall af kaupverði hlutabréfa í félaginu frá skattstofni.

Bankanum er skylt að halda eftir staðgreiðsluskatti af fjármagnstekjum skv. 3. gr. laga nr. 94/1996, þ.m.t. af vöxtum og arðgreiðslum.

Útgefin bréf eru stimpilgjaldsskyld. Bréfin verða stimpluð við útgáfu. Landsbanki Íslands hf. ber allan kostnað af stimpilgjaldinu.

Þeim starfsmönnum sem fjárfesta í hlutabréfum Landsbankans er bent á að skattfyrvöld kunna að telja að sá mismunur sem er á sölugengi til starfsmanna og sölugengi í almennum áskriftarflokki hafi áhrif á ákvörðun um tekjuskatt þeirra. Landsbankinn telur að svo verði ekki, einkum með vísan til þess að sölugengi til starfsamanna var ákveðið í lok árs 1997 sem liður í heildarskipulagi á breytingu Landsbankans í hlutafélag og breytingum á lífeyriskerfi starfsmanna, svo sem áður er getið. Landsbankinn getur þó ekki ábyrgst neina niðurstöðu í þessum efnum.

Um þessi og önnur skattaleg atriði varðandi bréfin fer samkvæmt gildandi skattalögum hverju sinni.

Framsal hlutabréfa

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði er óheimilt að leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf í hlutafélagsbanka. Samkvæmt sömu grein er hluthöfum, sem eiga eða hyggjast eignast virkan eignarhlut sem er eignarhlutur eða atkvæðastyrkur umfram 10%, í hlutafélagsbanka, skylt að tilkynna Bankaeftirliti Seðlabanka Íslands um slíkt fyrirfram. Um tilkynningaskyldu eigenda virkra eignarhluta og frekari takmarkanir á meðferð hlutanna gilda fyrrgreind lög, sbr. einnig umfjöllun hér að neðan.

Skv. 26. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, er eigendum hluta í skráðum hlutafélögum skylt að tilkynna viðkomandi kauphöll og félaginu ef hlutur hans eða atkvæðastyrkur fer yfir eða undir eitthvert eftirgreindra marka: 5%, 10%, 20%, 33,33%, 50% og 66,67%. Reglur Verðbréfaþings Íslands hafa einnig að geyma sams konar ákvæði um flöggun, sbr. reglur um viðvarandi upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa. Svo sem áður er getið mun hluti áskrifenda eiga þess kost að fá lán hjá Landsbankanum til kaupa á hlutafé í bankanum og gæti því komið til þess að Landsbankinn falli undir ákvæði um flöggun um skamman tíma.

Ákvæði 19. gr. laga nr. 34/1998 varðandi minnihlutaréttindi, ef til yfirtöku kæmi í framtíðinni, gilda einnig um hlutabréf í Landsbankanum. Vakin er athygli á að ákvæðið á ekki við um eignarhluta ríkissjóðs þar sem ríkissjóður er stór hluthafi fyrir skráningu hlutabréfa á Verðbréfaþingi Íslands.

Aðalfundur

Aðalfundur og aðrir hluthafafundir fara með æðsta vald í málefnum Landsbankans. Samkvæmt samþykktum Landsbankans hafa hluthafar, umboðsmenn þeirra og ráðgjafar, endurskoðandi og bankastjórn rétt til að sækja aðalfund. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð til staðfestingar á umboði sínu. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum. Endurskoðandi Landsbankans og bankastjórn hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum, þótt ekki séu þeir hluthafar. Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til bankaráðs með það löngum fyrirvara að unnt sé samkvæmt samþykktum bankans að taka málið á dagskrá fundarins. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé. Á hluthafafundum er meginreglan sú að afl atkvæða ráði úrslitum og gildir hún nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum bankans eða landslögum.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok apríl ár hvert. Til aðalfundar skal boða með skemmst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað án tillits til þess hversu margir sækja hann.

Eignarhald

Allt hlutafé Landsbankans er í eigu ríkissjóðs áður en útboðið fer fram. Eftir útboðið munu nýir hluthafar ráða yfir allt að 15,38% hlutfjár. Ríkissjóður mun eiga a.m.k. 84,62% hlutfjárins, en samkvæmt 4. gr. laga nr. 50/1997 fer viðskiptaráðherra með eignarhlut ríkisins.

Viðskiptaráðherra hefur átt í viðræðum við Skandinaviska Enskilda Banken um kaup þess síðarnefnda á hlut í Landsbanka Íslands hf. og hefur sendinefnd á vegum S-E-Banken meðal annars átt fundi með fulltrúum frá Landsbankanum þar sem farið hefur verið yfir fjárhagslega stöðu og horfur Landsbankans. Hinn 28. ágúst 1998 var sú ákvörðun hins vegar staðfest að viðræðum viðskiptaráðuneytis við S-E-Banken verði hætt og ekki verði á komandi löggjafarþingi leitað eftir heimildum Alþingis til sölu á Landsbankanum. Í kjölfar útboðs þessa og skráningar Landsbankans á Aðallista Verðbréfaþings Íslands og með hliðsjón af árangri bankans verður stefna mótuð um sölu á hlutafé ríkissjóðs í Landsbankanum.

Bankinn á engin eigin hlutabréf, en hluthafafundur haldinn 3. september 1998 veitti Landsbankanum heimild til að eignast eða taka að veði allt að 10% hlutfjár í bankanum.

Samkvæmt lögum nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands getur viðskiptaráðherra, til að styrkja eiginfjárstöðu bankanna, heimilað útboð á nýju hlutafé. Samanlagður eignarhluti annarra aðila en ríkissjóðs má þó ekki vera hærra en 35% af heildarhlutafé bankans. Á hluthafafundi, sem haldinn var 3. september 1998, ákvað viðskiptaráðherra að heimila útgáfu hlutabréfa fyrir allt að 1.000 milljónir kr. að nafnverði og var sú ákvörðun jafnframt ákvörðun hluthafafundar samkvæmt 33. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hluthafafundur tók jafnframt ákvörðun um að heimila sölu hlutfjárins með almennu útboði. Viðskiptaráðherra ákvað á sama fundi að nýta ekki áskriftarrétt ríkissjóðs.

Á hluthafafundi 3. september 1998 lýsti viðskiptaráðherra því að það væri liður í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sölu hlutfjár í Landsbanka Íslands hf., að tryggt verði að eigi síðar en 1. júní árið 2000 verði meira en 25% af heildarhlutafé Landsbankans í dreifðri eignaraðild í samræmi við reglur Verðbréfaþings Íslands. Bankaráð Landsbankans hefur jafnframt lýst yfir að það muni beita sér fyrir því að slíkri dreifingu verði náð innan þessara tímamarka.

Samkvæmt lögum eru tvær leiðir færar við að ná frekari dreifingu eignaraðildar. Annars vegar er unnt að selja hlutafé með beinni sölu hlutfjár ríkissjóðs en til þess þarf samþykki Alþingis. Hins vegar getur viðskiptaráðherra heimilað hlutfjáruakningu skv. lögum nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands svo sem áður er getið.

Samkvæmt 34. gr. laga nr. 2/1995 eiga hluthafar rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í félaginu í hlutfalli við hlutfjáreign sína. Núverandi hluthafi hefur afsalað sér þessum rétti sínum að því er varðar þetta nýja hlutfjárútboð. Fjárfestum er bent á að viðskiptaráðherra áskilur ríkissjóði rétt til að leggja til við hluthafafund síðar að sams konar afsal taki til allra hluthafa komi til frekari hlutfjárhækkunar síðar, sbr. 3. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, en ríkissjóður getur í krafti eignarhluta síns samþykkt slíka tillögu.

Engin sérákvæði eru í samþykktum Landsbankans um forkaupsrétt hluthafa.

LANDSBANKINN

Inngangur

Heiti og skráðar höfuðstöðvar

Landsbanki Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

Stofnun

Bankinn var stofnaður með lögum frá Alþingi árið 1885 og hóf starfsemi 1. júlí 1886. Með lögum nr. 50 frá 22. maí 1997 var ákveðið að stofna hlutafélag um Landsbankann og var stofnfundur haldinn 10. september 1997. Hlutafélagsbankinn yfirtók rekstur og starfsemi Landsbanka Íslands, svo og eignir hans og skuldbindingar frá og með 1. janúar 1998.

Lagagrunnur

Bankinn er hlutafélag með takmarkaðri ábyrgð og annast bankastarfsemi samkvæmt íslenskum lögum, þ.m.t. lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Landsbankinn er háður eftirliti Bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Tilgangur

Skv. 3. gr. félagssamþykktar er tilgangur Landsbankans „að starfrækja viðskiptabanka er hafi á hendi hvers konar starfsemi sem heimil er samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði“.

Fjárhagsár

1. janúar til 31. desember.

Arður

Stefna bankaráðs Landsbankans er að greiddur verði arður er nemur 30%–50% af hagnaði hvers árs, frá árinu 2000 vegna hagnaðar ársins 1999. Ekki er gert ráð fyrir að greiddur verði arður af hagnaði ársins 1998 heldur er ætlunin að byggja upp eiginfjárstöðu Landsbankans á þeim tíma. Ákvarðanir um greiðslu arðs, gjalddaga hans og útgáfu jöfnunarhlutabréfa eru teknar af aðalfundi Landsbankans. Allir hluthafar sem eru skráðir í hlutaskrá á aðalfundi munu fá greiddan út þann arð sem ákveðinn er. Tillögur um greiðslu arðs byggjast á mati á stöðu Landsbankans, rekstrarhorfum, þróun eiginfjárlutfalls og fyrirhuguðum fjárfestingum. Landsbankinn ber enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að hluthafi hefur vanrækt að tilkynna honum um eiganda- eða aðseturskipti.

Félagsslit

Sé Landsbankanum slitið eða standi eignir eftir við gjaldþrotaskipti að greiddum kröfum lánardrottna verður þeim skipt milli hluthafa í hlutfalli við hlutfjáreign þeirra.

Stiklur úr sögu Landsbankans

Landsbanki Íslands hefur frá stofnun verið stærsti viðskiptabanki landsins, hvort sem litið er á innlán eða útlán, og átt mikinn þátt í uppbyggingu atvinnulífs landsmanna.

Landsbanki Íslands hóf starfsemi sína 1. júlí árið 1886, fyrstur banka á Íslandi, í húsi Sigurðar Kristjánsónar bóksala við Bakarastíg, þar sem nú heitir Bankastræti. Fyrsti framkvæmdastjóri bankans var Lárus E. Sveinbjörnsson yfirdómari. Tilgangurinn með stofnun hans var að efla atvinnuvegina og renna traustari stöðum undir íslenskt atvinnulíf. Peningaskortur háði landsmönnum og þörfin fyrir peninga til að efla og umbylta stöðnuðu atvinnulífi varð stöðugt brýnni. Viðskipti Landsbankans jukust því jafnt og þétt og varð hann meginstöð í uppbyggingu nýs atvinnulífs og framfara.

Bankinn óx ört á næstu árum og var Sparisjóður Reykjavíkur sameinaður honum árið 1887. Árið 1899 hinn 17. ágúst fluttist starfsemi Landsbankans í nýtt og glæsilegt húsnæði á horni Pósthússtrætis og Austurstrætis. Húsið var hið veglegasta og voru innviðir t.d. skreyttir útskurði Stefáns Eiríkssonar tréskurðar-meistara.

Aldamótaárið 1900 var samþykkt á Alþingi að veðdeild yrði stofnuð við Landsbankann. Tilgangur veðdeildarinnar var að veita lán til langs tíma með lágum vöxtum gegn veði í fasteignum. Tryggingarfé deildarinnar var ákveðið með lögum 200.000 krónur á verðgildi þess tíma og að landssjóður legði fram féð. Fyrsta veðdeildarlánið var síðan veitt Ólafi Arinbjarnarsyni 20. júlí sama ár og var lánið veitt út á húsið númer 3 við Bergstaðastræti í Reykjavík.

Fyrsta útibú Landsbanka Íslands tók til starfa 18. júní árið 1902 á Akureyri. Í kjölfarið komu útibú á Ísafirði 1904, á Eskifirði og Selfossi árið 1918 og síðan voru útibú opnuð hvert af öðru víðs vegar um landið. Fyrsta útibúið í Reykjavík var opnað 20. júní 1931, Austurbæjarútibú, og var það til húsa í tveimur herbergjum á neðstu hæð í húsi Valdimars Paulsen, kaupmanns, Klapparstíg 29 í Reykjavík.

Á árunum 1927 og 1928 setti Alþingi lög um Landsbanka Íslands. Landsbankinn var einnig gerður að seðlabanka og honum veittur einkaréttur á seðlaútgáfu. Tók hann við því hlutverki af Íslandsbanka sem stofnaður var árið 1904 í þeim tilgangi. Fyrsti seðillinn var gefinn út árið 1927, 100 króna seðill, og árið 1928 5, 10 og 50 króna seðlar. Skreytingar myntar og seðla voru myndir af þjóðhöfðingjum, skjaldarmerki o.s.frv. Þegar Íslendingar hófu seðlaútgáfu sem frjálst og fullvalda ríki voru seðlarnir skreyttir myndum úr aðalvinnuvegunum, landbúnaði og sjávarútvegi. Allt tákn sem þjóðin þekkti og gat sameinast um.

Þann 22. desember árið 1942 var kauphöll opnuð í Landsbankanum og opinber viðskipti með verðbréf og skráning þeirra hófst þá í fyrsta skipti á Íslandi. Viðskipti kauphallarinnar þennan fyrsta dag námu 373.000 krónum. Þessi tilraun varð ekki langlíf og hætti kauphöllin rekstri stuttu síðar.

Það var árið 1946 að lög um stofnlánadeild landbúnaðarins við Landsbankann voru samþykkt á Alþingi. Lög þessi voru liður í áætlun nýsköpunarstjórnarinnar um alhliða endurnýjun og aukningu framleiðslutækja landsmanna. Tilgangur stofnlánadeildarinnar var að útvega lánsfé með hagstæðum kjörum til þessara framkvæmda.

Árið 1957 var Landsbankanum skipt í tvær aðaldeildir, seðlabanka og viðskiptabanka. Síðustu seðlar með nafni Landsbankans voru gefnir út árið 1960 og voru að verðgildi 5, 10, 25, 100 og 1000 kr., teiknaðir af Halldóri Péturssyni. Árið 1961 var svo Seðlabanki Íslands stofnaður og tók hann við útgáfu seðla af Landsbankanum.


Landsbanki Íslands hf., hið nýja hlutafélag, var formlega stofnaður 10. september 1997 á grundvelli laga nr. 50 frá 22. maí 1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Á stofnfundinum tilkynnti viðskiptaráðherra að hlutafé Landsbanka Íslands hf. yrði 5.500 milljónir kr., eða um 80% af eigin fé Landsbankans. Ákveðið var að í fyrstu yrði hlutafé alfarið í eigu íslenska ríkisins en nú er einkaaðilum gefinn kostur á að eignast hlut í Landsbankanum með hlutafjárukningu þessari. Samkvæmt lögum yfirtók Landsbanki Íslands hf. rekstur og starfsemi bankans auk eigna hans og skuldbindinga. Formbreyting þessi tókst í alla staði vel og hlutafélagsbankinn tók til starfa þann 1. janúar 1998.

Skipulag

Augu landsmanna beindust að Landsbankanum í upphafi árs 1998 vegna þjóðfélagsmæðna um svar við fyrirspurn á Alþingi varðandi ferða- og risnukostnað bankans. Í kjölfarið ákváðu allir þrír bankastjórar Landsbankans að segja upp störfum. Bankaráðið samþykkti uppsagnir þeirra hinn 13. apríl 1998. Hinn 14. apríl 1998 var Halldór J. Kristjánsson ráðinn aðalbankastjóri. Á fundi sem haldinn var 14. apríl 1998 ákvað bankaráðið að endurskipuleggja yfirstjórn Landsbankans, m.a. með það í huga að í framtíðinni yrði aðeins einn bankastjóri. Á hluthafafundi hinn 3. september 1998 var þessi skipan staðfest með breytingum á samþykktum Landsbankans.

Jafnframt var stjórnskipulag Landsbankans einfaldað og miðuðu breytingarnar að því að laga skipurit Landsbankans að breyttu markaðsumhverfi og skipta verkefnum miðað við rekstur bankans og þá þjónustu sem verið er að veita einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum. Við þessa vinnu var haft að leiðarljósi að stytta boðleiðir, hraða ákvarðanatöku, auka skilvirkni og tryggja sveigjanleika þannig að Landsbankinn geti lagað sig fyrir að þróuninni hverju sinni.

Skipurit Landsbankans er nú sem hér segir:



Fyrir þjónustufyrirtæki með margþætta starfsemi eins og Landsbanki Íslands hf. er einnig mikilvægt að skipulag sé sniðið sem best að þörfum viðskiptavina samstæðunnar. Til að bæta þjónustu við viðskiptavina hafa enn frekari breytingar verið gerðar á verkefnum útibúa Landsbankans á Reykjavíkursvæðinu. Þannig hafa ýmis verkefni er varða bakvinnslu, eftirlit og símaþjónustu verið flutt til sérhæfðra deilda.

Einstaklings- og markaðssvið

Einstaklings- og markaðssvið skiptist í fjórar deildir, einstaklingsviðskipti, fræðsludeild, lögfræðiinnheimtu og veðdeild. Einstaklings- og markaðssvið hefur umsjón með upplýsingamiðlun og samskiptum við útibúanet bankans. Einstaklingsviðskipti hafa umsjón með þróun á þjónustuframboði bankans gagnvart einstaklingum, félagasamtökum og minni fyrirtækjum. Einstaklingsviðskipti annast einnig önnur markaðs- og kynningarmál bankans. Fræðsludeild hefur umsjón með gæðamálum, endurmenntun, fræðslu og þjálfun starfsmanna. Lögfræðiinnheimta annast allar lögfræðilegar innheimtur vanskilalána. Veðdeild Landsbankans sinnir þjónustu við Húsnæðisstofnun ríkisins samkvæmt samningi þ.m.t. afgreiðslu húsnæðislána, innheimtu fasteignaveðbréfa svo og annarri tilfallandi umsjón með húsnæðislánum.

Alþjóða- og fjármálasvið

Alþjóða- og fjármálasvið skiptist í fimm deildir, tvær þeirra tilheyra alþjóðasviði og annast þær erlend viðskipti og erlend samskipti bankans. Helstu verkefni alþjóðasviðs eru erlendar lántökur, umsjón viðskipta-tengsla við erlenda banka, greiðslumiðlun, ábyrgðir, erlendar innheimtur, kröfukaup og varsla verðbréfa fyrir erlendar fjármálastofnanir.

Fjármálasviðið skiptist í fjarreiðudeild, sem hefur umsjón með lausafjárstöðu Landsbankans, útgáfu banka-bréfa og bankavíxla. Markaðsviðskipti annast gjaldeyrisviðskipti, afleiðuviðskipti og eigin viðskipti Landsbankans með markaðsverðbréf. Áhættustýring og útlánaeftirlit hefur umsjón og eftirlit með útlánaáhættu og markaðsáhættu Landsbankans.

Fyrirtækja- og stofnanasvið

Í ársbyrjun 1998 voru kraftar Landsbanka Íslands hf. og Landsbréfa hf. sameinaðir á fyrirtækja og stofnanasviði. Fyrirtækja- og stofnanasvið, markaðsviðskipti og fjárstýring mynda saman viðskiptastofu Landsbankans. Sviðið annast yfirstjórn og framkvæmd viðskipta og samskipta við stærstu viðskiptavinum Landsbankans á fyrirtækja- og stofnanamarkaði. Einnig er þar fylgst með viðskiptum við meðalstór og lítil fyrirtæki, sem að mestu leyti halda áfram viðskiptum við útibú sín. Útibúin eru jafnframt aðstoðuð varðandi mat á lánshæfi. Nú er unnið að umfangsmiklum breytingum á samskipta- og vinnuferlum innan Landsbankans til að hraða, samhæfa og vanda afgreiðslu mála. Starfsmenn markaðsviðskipta, fyrirtækja- og stofnanasviðs Landsbréfa hf. fluttust af þessu tilefni til starfa í Landsbankanum. Með þessu móti tekur Landsbankinn beinan þátt í verkefnum vegna skuldabréfa- og hlutabréfaútboða auk annarra verkefna varðandi fyrirtæki og stofnanir.

Markmiðið með þessum breytingum er að bæta og auka þjónustu Landsbankans við fyrirtæki, stofnanir, lífeyrissjóði og bæjar- og sveitarfélög. Gagnvart viðskiptavinum byggist nýja kerfið á því að samskiptastjórar í Landsbankanum hafi yfirumsjón með viðskiptunum og annist, ásamt viðskiptatenglum, bein samskipti við viðskiptavinum sína. Þeir verða í útibúum Landsbankans viðs vegar um landið eftir því sem við á eða á fyrirtækja- og stofnanasviði. Stærri fyrirtæki og stofnanir fá auk þess viðskiptatengilið á viðskiptaborði vegna daglegra viðskipta af ýmsu tagi. Með þessu móti nýtast kraftar Landsbankasamstæðunnar allrar betur og sá styrkleiki sem felst í viðtæku útibúaneti Landsbankans kemur enn betur fram. Fyrirtæki nýta sér í töluverðum mæli rafræn samskipti við Landsbankann og beintengingar fjármálaþjónustu við eigin bókhaldskerfi.

Starfsemi fyrirtækja- og stofnanasviðs skiptist niður í nokkrar deildir svo sem sjá má af skipuritinu hér að ofan.

Rekstrarsvið

Rekstrarsviði tilheyra eftirfarandi fjórar deildir: fjárhagsdeild, eignadeild, upplýsingavinnsla og lögfræðiráðgjöf.

Fjárhagsdeild ber ábyrgð á áætlanagerð, reikningshaldi, miðlægri vinnslu og kostnaðareftirliti. Eignadeild annast húsnæðismál Landsbankans þar með talið rekstur og viðhald fasteigna, tækja og búnaðar ásamt innkaupum, öryggismálum, skjala- og birgðavörslu. Upplýsingavinnslan annast innkaup og rekstur tölvu- og öryggiskerfa Landsbankans og sér um gerð og þróun hugbúnaðar sem notaður er í hinum ýmsu deildum bankans. Lögfræðiráðgjöf annast lögfræðilega ráðgjöf fyrir yfirstjórn Landsbankans ásamt lögfræðilegum samskiptum við yfirvöld auk þess að fylgjast með lagabreytingum um fjármagnsmarkað.

Áformað er að stofna nýja deild á rekstrarsviði, sem sér um stjórnun og framkvæmd árangursmarkmiða. Deildin mun taka til starfa í september 1998.

Fastanefndir Landsbankans

Samkvæmt hinu nýja stjórnskipulagi Landsbankans eru fastanefndir sex og hafa yfirumsjón með mikilvægum rekstrarþáttum. Fastanefndir Landsbankans eru:

- Fjármálanefnd
- Lánanefnd I
- Lánanefnd II
- Markaðsnefnd
- Starfsþróunarnefnd
- Tækni- og öryggisnefnd

Fjármálanefnd

Fjármálanefnd er skipuð bankastjóra og framkvæmdastjórum ásamt fulltrúum einstakra deilda í Landsbankanum samkvæmt nánari ákvörðun framkvæmdastjóra hlutaðeigandi sviða. Fjármálanefnd kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði en hlutverk hennar er eftirfarandi:

- Að fara yfir og meta áhrif breytinga í starfsumhverfi bankans á starfsemi og rekstur.
- Að meta horfur á vaxtabreytingum.
- Að ákveða verðlagningu inn- og útlána og annarra vörutegunda.
- Að fylgjast með og mæla markaðsáhættu og útlánaáhættu.
- Að yfirfara og meta frávik milli áætlana og rauntalna.
- Að fjalla um nýja þjónustupætti og áhrif þeirra á vaxtaáhættu og aðra markaðsáhættu.
- Að endurskoða og staðfesta breytingar í eigna- og skuldastýringu.
- Að ákveða áhættumörk.

Lánanefnd I

Lánanefnd I er skipuð bankastjóra og framkvæmdastjórum Landsbankans. Lánanefnd I kemur saman a.m.k. vikulega en hlutverk hennar er eftirfarandi:

- Að setja reglur um útlán, ábyrgðir og sölutryggingar í samræmi við reglur bankaráðs um lánveitingar og ábyrgðir bankans.
- Að gera áætlun um útlánastarfsemi bankans fyrir hvert rekstrarár.
- Að fjalla um og afgreiða lánaramma, einstakar lánsbeiðnir, ábyrgðir og sölutryggingar sem falla utan heimilda lánanefndar II, eða yfir 500 milljónir kr. vegna heildarskuldbindinga einstakra aðila og tengdra aðila, og yfir 100 milljónir kr. vegna einstakra lánveitinga.
- Að yfirfara og ákveða aðgerðir á sviði útlánamála.
- Að yfirfara tillögur áhættu- og útlánaeftirlits um afskriftir útlána.

Lánanefnd II

Lánanefnd II er skipuð framkvæmdastjóra fyrirtækja- og stofnanasviðs, framkvæmdastjóra alþjóða- og fjármálasviðs, forstöðumanni viðskiptatengsla, forstöðumanni fyrirtækjaráðgjafar útibúa, lögfræðiráðgjafa fyrirtækja- og stofnanasviðs og forstöðumanni fjárstýringar. Forstöðumaður áhættu- og útlánaeftirlits situr einnig fundina. Lánanefnd II kemur saman að minnsta kosti tvisvar í viku og daglega ef á þarf að halda. Hlutverk hennar er eftirfarandi:

- Að fjalla um og afgreiða lánaramma, einstakar lánsbeiðnir, ábyrgðir og sölutryggingar sem falla utan 60 milljóna kr. heimilda svæðisstjóra, allt að 500 milljónum kr. vegna heildarskuldbindinga einstakra og tengdra aðila, og innan við 100 milljónir kr. vegna einstakra lánveitinga.
- Að fjalla um og undirbúa mál fyrir afgreiðslu í lánanefnd I.

Markaðsnefnd

Markaðsnefnd er skipuð framkvæmdastjóra einstaklings- og markaðssviðs og fulltrúum einstakra sviða samkvæmt nánari ákvörðun framkvæmdastjóra hlutaðeigandi sviðs. Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:

- Að gæta þess að vöru- og þjónustuframboð bankans sé í samræmi við óskir og þarfir einstakra markhópa.
- Að fylgjast með vöruþróun og markaðssetningu hjá bankanum og dóttur- og hlutdeildarfélögum og skila bankastjóra og framkvæmdastjórum umsögn reglulega.
- Að yfirfara og veita bankastjóra og framkvæmdastjórum umsögn um allar meiriháttar tillögur og hugmyndir varðandi markaðsstefnu bankans.
- Að leggja fyrir bankastjóra og framkvæmdastjóra tillögur um markaðsaðgerðir eftir því sem þörf krefur.

Starfsþróunarnefnd

Starfsþróunarnefnd er skipuð bankastjóra og framkvæmdastjórum Landsbankans ásamt starfsmannastjóra. Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:

- Að móta stefnu bankans á sviði starfsmannamála, s.s. varðandi starfskjör, starfsferilsþróun, þjálfun og starfslok.
- Að taka til umfjöllunar ráðningar í helstu ábyrgðar- og stjórnunarstörf innan bankans.
- Að skilgreina hæfniskröfur vegna helstu ábyrgðar- og stjórnunarstarfa innan bankans.

Tækni- og öryggisnefnd

Tækni- og öryggisnefnd er skipuð fulltrúum einstakra sviða í Landsbankanum samkvæmt nánari ákvörðun framkvæmdastjóra hlutaðeigandi sviðs. Einnig situr í nefndinni forstöðumaður innri endurskoðunar. Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:

- Að fylgjast með nýjungum í tæknimálum á sviði fjármálaþjónustu.
- Að gera tillögur til bankastjórnar og framkvæmdastjóra um samræmingu og forgangsröðun verkefna í tækni- og öryggismálum.
- Að yfirfara hagkvæmnisathuganir og kostnaðaráætlanir á sviði tækni- og öryggismála.
- Að fylgja eftir framgangi stærri verkefna.
- Að móta stefnu um samstarf bankans á vettvangi Reiknistofu bankanna.
- Að móta stefnu bankans á sviði öryggismála.

Svæðaskipting útibúa Landsbanka Íslands hf.

Útibúakerfi Landsbankans skiptist á milli níu svæða en útibú og afgreiðslur Landsbanka Íslands hf. eru alls 64 talsins. Stærstu útibú Landsbankans eru Aðalbanki og útibúið á Akureyri. Heildarútlán aðalbanka í lok árs 1997 námu 24.414 milljónum kr. en útlán útibúsins á Akureyri á sama tíma námu 12.553 milljónum kr. Hlutdeild annarra útibúa var minni en 10% af heildarútlánum Landsbankans.

Merking tákna

- ▶ Svæðisútibú (9)
- Útibú (34)
- ◆ Afgreiðsla (21)

Útreikningur markaðshlutdeildar byggist á ársskýrslum viðskiptabanka og sparisjóða og miðast við árslok 1997. Tölur um útlán og innlán byggjast einnig á upplýsingum Seðlabanka Íslands. Samsvarandi tölur í ársreikningi Landsbanka Íslands fyrir árið 1997 vegna útlána einstakra svæða eru án eignarleigusamninga og afskriftarsjóður hefur þar ekki verið dreginn frá útlánum. Samsvarandi tölur vegna innlána einstakra svæða eru með bankavíxlum en þeir eru ekki taldir með í yfirliti hér.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Höfuðstöðvar	▶ Aðalbanki	▶ Austurbær	▶ Breiðholt	• Suðurlandsbraut
• Seltjarnarnes	• Langholt	• Miklabraut	• Höfðabakki	• Kópavogur
• Vesturbær	• Árbær	• Múli	• Hafnarfjörður	• Háaleiti
• Grafarvogur	♦ Holtagarðar	♦ Hátún 10	♦ Bæjarhraun 16	♦ Hótel Loftleiðir
♦ Smárinn	♦ Tollvörugeymsla	♦ Sundahöfn		
Í milljónum kr.	<i>Útlán</i>	<i>Innlán</i>		
	52.559	38.270		

	<i>Markaðs- hlutdeild, útlán, 1997</i>	<i>Markaðs- hlutdeild, innlán, 1997</i>
Landsbanki Íslands hf.	34,9%	32,5%
Íslandsbanki hf.	22,4%	26,9%
Búnaðarbanki Íslands hf.	23,1%	20,0%
Sparisjóðir samtals	19,6%	20,6%

REYKJANES

▶ Keflavík	• Keflavíkurlugvöllur	• Grindavík	• Sandgerði
Í milljónum kr.	<i>Útlán</i>	<i>Innlán</i>	
	4.146	3.360	

	<i>Markaðs- hlutdeild, útlán, 1997</i>	<i>Markaðs- hlutdeild, innlán, 1997</i>
Landsbanki Íslands hf.	33,9%	31,6%
Íslandsbanki hf.	14,7%	16,5%
Sparisjóðir samtals	51,4%	52,0%

SUÐURLAND

▶ Selfoss	• Þorlákshöfn	• Tryggvatorg	• Hvalsvellur	• Vík
• Djúpvogur	♦ Eyrarbakki	♦ Reykholt	• Hornafjörður	♦ Stokkseyri
♦ Kirkjubæjarklaustur				
Í milljónum kr.	<i>Útlán</i>	<i>Innlán</i>		
	7.969	6.489		

	<i>Markaðs- hlutdeild, útlán, 1997</i>	<i>Markaðs- hlutdeild, innlán, 1997</i>
Landsbanki Íslands hf.	39,3%	34,3%
Íslandsbanki hf.	37,0%	21,3%
Búnaðarbanki Íslands hf.	14,6%	36,5%
Sparisjóðir samtals	9,1%	7,9%

AUSTURLAND

▶ Eskifjörður	• Seyðisfjörður	♦ Borgarfjörður eystri	• Vopnafjörður	• Reyðarfjörður
• Egilsstaðir	• Stöðvarfjörður	• Neskaupstaður	♦ Breiðdalsvík	• Fáskrúðsfjörður
Í milljónum kr.	<i>Útlán</i>	<i>Innlán</i>		
	5.533	4.566		

	<i>Markaðs- hlutdeild, útlán, 1997</i>	<i>Markaðs- hlutdeild, innlán, 1997</i>
Landsbanki Íslands hf.	78,1%	70,0%
Búnaðarbanki Íslands hf.	12,4%	19,8%
Sparisjóðir samtals	9,5%	10,2%

NORÐURLAND

▶ Akureyri	♦ Raufarhöfn	♦ Brekkufgreiðsla	♦ Svalbarðseyri	• Skagaströnd
• Húsavík	♦ Kópasker	• Sauðárkrúkur		
Í milljónum kr.	<i>Útlán</i>	<i>Innlán</i>		
	15.680	6.898		

	<i>Markaðs- hlutdeild, útlán, 1997</i>	<i>Markaðs- hlutdeild, innlán, 1997</i>
Landsbanki Íslands hf.	46,1%	31,4%
Íslandsbanki hf.	18,3%	19,3%
Búnaðarbanki Íslands hf.	17,8%	21,8%
Sparisjóðir samtals	17,8%	27,5%

VESTFIRÐIR

▶ Ísafjörður	♦ Bildudalur	• Patreksfjörður
Í milljónum kr.	<i>Útlán</i>	<i>Innlán</i>
	4.818	1.857

	<i>Markaðs- hlutdeild, útlán, 1997</i>	<i>Markaðs- hlutdeild, innlán, 1997</i>
Landsbanki Íslands hf.	46,2%	31,5%
Íslandsbanki hf.	18,9%	17,0%
Búnaðarbanki Íslands hf.	3,9%	8,0%
Sparisjóðir samtals	31,0%	43,5%

VESTURLAND

▶ Akranes	• Ólafsvík	♦ Stillholt, Akranesi	• Króksfjarðarnes	• Hellisandur
• Grundarfjörður				
Í milljónum kr.	<i>Útlán</i>	<i>Innlán</i>		
	4.114	3.343		

	<i>Markaðs- hlutdeild, útlán, 1997</i>	<i>Markaðs- hlutdeild, innlán, 1997</i>
Landsbanki Íslands hf.	37,0%	35,0%
Íslandsbanki hf.	2,6%	4,6%
Búnaðarbanki Íslands hf.	29,9%	34,5%
Sparisjóðir samtals	30,6%	25,9%

Hlutverk bankaráðs og bankastjórnar

Hlutverki hluthafa, bankaráðs og bankastjóra er lýst í lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og lögum nr. 2/1995, um hlutafélög. Frekari reglur er að finna í samþykktum Landsbankans.

Í Landsbanka Íslands hf. fara hluthafafundir með æðsta vald í málefnum bankans, sbr. 30. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði og 11. gr. samþykktu Landsbankans. Að öllu jöfnu koma hluthafar Landsbankans aðeins saman á aðalfundi, en ef þörf krefur er boðað til sérstakra hluthafafunda. Á aðalfundi fara hluthafar yfir rekstur og afkomu síðastliðins árs og ákveða meginstefnu Landsbankans á komandi ári. Ennfremur taka þeir ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps Landsbankans á undanfarandi ári. Hluthafar kjósa fimm menn og fimm varamenn í bankaráð til næsta árs, sbr. 31. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, 84. gr. hlutafélagalaga og 19. gr. samþykktu Landsbankans.

Samkvæmt 39. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði og 21. gr. samþykktu Landsbankans hefur bankaráð umsjón með málefnum Landsbankans milli hluthafafunda, þ.m.t. rekstri bankans skv. lögum, reglugerðum og samþykktum bankans. Bankaráðið hefur einnig eftirlit með rekstri Landsbankans. Sér í lagi annast bankaráð eftirtalin verkefni:

- Að ráða bankastjóra og forstöðumann innri endurskoðunar og staðfesta ráðningu staðgengils bankastjóra.
- Að staðfesta tillögur bankastjóra um höfuðþætti í stjórnskipulagi bankans, móta stefnu í vaxta- og gjaldskrármálum og setja almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir að fenginni umsögn aðalbankastjóra.
- Að taka ákvörðun um að stofna eða leggja niður útibú, um byggingu, kaup, sölu og veðsetningu á fasteignum bankans, kaup og sölu hlutabréfa í öðrum hlutafélögum, og samruna bankans við aðra viðskiptabanka eða sparisjóði.
- Að hafa eftirlit með rekstri bankans, meðal annars með milligöngu forstöðumanns innri endurskoðunar bankans, sem ber ábyrgð gagnvart bankaráði.


Daglegur rekstur Landsbankans er í höndum bankastjóra. Samkvæmt lögum hefur bankastjóri heimild til að taka allar ákvarðanir varðandi málefni Landsbankans sem ekki eru beinlínis falin öðrum. Bankastjóra ber að sjá um að bankareksturinn sé í samræmi við lög, reglugerðir, samþykktir og ákvarðanir bankaráðs.

Starfsmannamál

Í lok ársins 1997 voru stöðugildi bankastarfa í Landsbankanum 904 og hafði fækkað um 25 á árinu. Auk þess voru 134 stöðugildi í öðrum störfum.

Þann 30. júní 1998 skiptust stöðugildi á eftirfarandi hátt.

Stöðugildi	Fjöldi	%
Höfuðstöðvar	263	28
Útibú í Reykjavík	338	37
Útibú úti á landi	294	32
Veðeild	23	3
Samtals	920	100



Fræðslumál

Á undanförunum árum hefur bankastarfsemi tekið miklum breytingum og hefur það haft áhrif á verkefni starfsmanna. Þeir fást nú við mun fjölbreyttari þjónustu og vöruframboð en áður. Samhliða þessu fleygir tækninni fram. Stöðugt fullkomnari tölur og hugbúnaður tekur við. Bankastarfið er í stöðugri þróun og breytist ört.

Starfsfólk Landsbankans hefur ekki farið varhluta af þessum breytingum, enda hefur þjálfun starfsmanna að mestu leyti miðast við að gera starfsfólki kleift að takast á við ný og flóknari verkefni. Fyrirkomulag í starfsmenntun Landsbankans hefur nýlega verið endurskoðað með hliðsjón af herra tæknistigi og vaxandi samkeppni. Auk átaks í fræðslumálum gerir Landsbankinn auknar kröfur um menntun og/eða starfsreynslu við nýráðningar.

Fræðsla á vegum Landsbankans hefur meðal annars farið fram á námskeiðum sem fjalla um grundvallaratriði í sölu og þjónustu. Í samvinnu við Vátryggingafélag Íslands hf. hafa verið haldin nokkur yfirgripsmikil námskeið um nýjar tryggingaafurðir og þjónustu. Auk þess var starfsfólki kynntur nýr hugbúnaður vegna nýrra verkefna. Þá voru haldin námskeið um almenna tölvuvinnslu og nokkrum tíma varið í yfirferð á upplýsingakerfi Landsbankans. Alls var boðið upp á 131 fræðslufund og námskeið sem Landsbankinn annaðist sjálfur eða í samvinnu við aðra á árinu 1997 og voru þátttakendur 568 talsins.

Dótturfélög og hlutdeildarfélag

Dótturfélög

Samstæðureikningur Landsbanka Íslands hf. tekur til reikningsskila Landsbankans og dótturfélaga. Til dótturfélaga teljast öll þau félag sem bankinn á meira en 50% eignarhlut í en þau eru annars vegar samstæða Landsbréfa hf. sem tekur til Landsbréfa hf. og Landsvaka hf. Eignarhluti Landsbréfa í Landssjóði hf. sem einnig er að fullu í eigu Landsbréfa hf. er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð, þar sem starfsemi Landssjóðs er það ólík starfsemi Landsbréfa hf. að samstæðuuppjör félaganna gæfi ekki lýsandi mynd af starfsemi þeirra. Hins vegar er samstæða eignaumsýslufélag Landsbankans með fullnustueignum, sem tekur til hlutfélaganna Hamla, Regins og Rekstrarfélagsins. Dótturfélögin eru öll með beinum eða óbeinum hætti að fullu í eigu Landsbankans.

Hinn 30. júní 1998 voru dótturfélög Landsbankans eftirtalin:

Landsbanki Íslands hf.

Félag	Kennitala	Eignarhluti (%)	Nafnvirði (m.kr.)	Bókfært verð (m.kr.)
Landsbréf hf.	520789-3329	90	81,8	285
Hömlur hf.	630992-2149	100	10,0	13,4
Stofnlánadeild Samvinnufélaga	520789-3329	100	0,7	0,7

Samstæða Landsbanka Íslands hf.:

Félag	Kennitala	Eignarhluti (%)	Nafnvirði (m.kr.)	Bókfært verð (m.kr.)
Stofnlánadeild Samvinnufélaga	520789-3329	100	0,7	0,7
Landssjóður hf.	600390-2019	99,8	5,0	7,6

Samstæða Landsbréfa hf.

Félag	Kennitala	Eignarhluti (%)	Nafnvirði (m.kr.)	Bókfært verð (m.kr.)
Landssjóður hf.	600390-2019	99,8	5,0	7,6

Samstæða Hamla hf.

Félag	Kennitala	Eignarhluti (%)	Nafnvirði (m.kr.)	Bókfært verð (m.kr.)
Rekstrarfélagið hf.	670492-2069	100	3,9	3,9
Reginn hf.	530269-3029	100	3,8	251,4

Landsbréf hf.

Landsbréf hf., kt. 520789-3329, Suðurlandsbraut 24, 155 Reykjavík eru löggilt verðbréfafyrirtæki og hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra til að hafa með höndum þá starfsemi sem kveðið er á um í 8. gr. laga nr. 13 frá 28. mars 1996 um verðbréfavíðskipti. Hagnaður fyrirtækisins á árinu 1997 nam 66,4 milljónum kr. eftir skatta, samanborið við 61,5 milljón kr. árið 1996 og 10,3 milljónir kr. árið 1995. Hagnaður Landsbréfa hf. á tímabilinu janúar - júní 1998 nam 2,3 milljónum kr. en minni hagnaður skýrist af minni umsvifum fyrirtækisins í framhaldi af breyttri verkaskiptingu innan Landsbankasamstæðunnar á sviði markaðsvíðskipta, fyrirtækja- og stofnananavíðskipta, eins og greint er frá annars staðar í útboðs- og skráningarlýsingu þessari. Í lok júní 1998 voru starfsmenn Landsbréfa 45 talsins. Eigið fé Landsbréfa nam í lok júní 293 milljónum kr. og er nafnverð hlutfjár 90,9 milljónir kr.

Eignastýring, þ.e. ávöxtun fjármuna í eigu þriðja aðila, og skyld þjónusta við einstaklinga og lögaðila verða framvegis aðalvíðskiptasvið Landsbréfa en umsvif á þessum vettvangi hafa aukist mjög á undanförunum misserum. Undir eignastýringu fellur rekstur verðbréfasjóða og hlutabréfasjóða sem og rekstur og ávöxtun sjálfstæðra lífeyrissjóða og annarra eignasafna.

Landsbréf hf. héldu áfram brautryðjandastarfi sínu á íslenska verðbréfamarkaðinum á árinu 1997 er kynnt voru verðbréfavíðskipti í svonefndri Kauphöll Landsbréfa. Með Kauphöll Landsbréfa er almenningi í fyrsta sinn gefinn kostur á að eiga rafræn hlutabréfavíðskipti við Landsbréf hf. á vefnum og samhliða að fá hlutabréfaeign sína uppfærða í takt við breytingar á markaðsvirði hlutabréfa. Á árinu 1998 verður lögð mikil áhersla á að þróa þessa afurð enn frekar fyrir sem flestar tegundir verðbréfavíðskipta þar sem saman geta farið aukinn hraði, þægindi og lágur víðskiptakostnaður án þess að öryggi sé fórnað.

Heildareignir í eignastýringu og vörslu hjá Landsbréfum hf. í árslok 1997 námu 60,7 milljörðum kr. Heildareignir Íslenska lífeyrissjóðsins, verðbréfasjóða og hlutabréfasjóða á vegum Landsbréfa hf. námu í árslok 13,5 milljörðum kr. og hækkuðu úr 9,7 milljörðum kr. frá fyrra ári. Íslenski lífeyrissjóðurinn er undir daglegri stjórn Landsbréfa hf. en Landsvaki ehf. dótturfyrirtæki Landsbréfa hf., rekur hins vegar hina sjóðina þrjá, þ.e. Landsjóð hf., Íslenska hlutabréfasjóðinn hf. og Íslenska fjársjóðinn hf. Landsbréf hf. er vörsluaðili fyrir alla framangreinda sjóði. Hlutfé Landssjóðs hf. í árslok 1997 var 5 milljónir kr. og bókfært eigið fé 7,4 milljónir kr. Hlutfé Landsvaka ehf. í árslok 1997 var 0,5 milljón kr. en bókfært eigið fé 4,2 milljónir kr.

Hömlur hf.

Hömlur hf., kt. 630992-2149, Austurstræti 11, 155 Reykjavík. Eignarhaldsfélagið Hömlur hf. sá um rekstur tveggja dótturfélaga á árinu 1997, Rekstrarfélagsins hf. og Regins hf. Jafnframt sá félagið um rekstur eignaleigudeildar Landsbankans. Hlutverk Hamla hf. er að gæta hagsmuna Landsbankans með rekstri og sölu eigna sem Landsbankinn hefur yfirtekið við uppgjör útlána. Bókfærðar eignir félagsins 30. júní 1998 voru 266 milljónir. Bókfært verð eigna samstæðu Hamla hf. 30. júní 1998 var 4.608 m.kr. Reginn hf. sér um og selur hlutabréf og eignarhluta sem Landsbanki Íslands hf. hefur yfirtekið. Bókfærðar eignir Regins hf. í árslok 1997 voru 1.554 milljónir en 1.529 milljónir kr. 30. júní 1998. Rekstrarfélagið hf. sér um og selur fasteignir og aðrar eignir sem Landsbankinn hefur yfirtekið eða eignast á uppboðum. Bókfærðar eignir Rekstrarfélagsins hf. í árslok 1997 voru 3.229 milljónir kr. en 3.069 milljónir kr. 30. júní 1998. Bókfært verð eignarhlutar Landsbankans í fullnustu- og rekstarfélögum var kr. 13,4 milljónir kr. 30. júní 1998. Hagnaður af rekstri samstæðu Hamla hf. 1. janúar til 30. júní 1998 var 41 milljón kr.

Bókfært verð eigna Rekstrarfélagsins hf. og Regins hf. skiptist þannig 30. júní 1998: Íbúðarhúsnæði 343 milljónir, verslunar- og iðnaðarhúsnæði 2.766 milljónir, hlutabréf og eignarhlutir 973 milljónir og útistandandi kröfur og aðrar eignir 526 milljónir. Heildarskuld félaganna við Landsbankann 30. júní 1998 var 4.528 milljónir kr.

Nýtt dótturfélag um erlenda starfsemi

Til að styðja sókn erlendra dótturfélaga íslenskra fyrirtækja á erlendum vettvangi og mæta vaxandi þörf íslenskra fjárfesta vegna fjárfestinga í erlendum verðbréfum hefur Landsbankinn sótt um starfsleyfi vegna fyrirhugaðs reksturs fjármálafyrirtækis (Protected Cell Company) á eyrni Guernsey á Ermarsundi. Fyrirtækið verður að fullu í eigu Landsbanka Íslands hf. en áætlaður stofnkostnaður er um 4,0 milljónir kr. Fyrirtækið verður undir yfirstjórn Landsbankans en Landsbréf hf. verða fjárfestingaráðgjafi þess. Þá hefur verið gengið til samninga við Midland Bank plc. um sjóðavörslu og ýmsa aðra daglega rekstrarþætti. Midland Bank plc. er meðal stærri og virtari breskra banka og alfarið í eigu HSBC Holdings plc. (Hongkong and Shanghai Banking Corporation), sem er meðal allra stærstu fjármálafyrirtækja heims og rekur fjölþætta banka- og fjármálastarfsemi í öllum heimsálfum.

Hlutdeildarfélög

Til hlutdeildarfélaga Landsbanka Íslands hf. teljast þau félög sem samstæða Landsbankans hefur fjárfest í til langs tíma og þar sem eignarhlutur er umtalsverður, þó aldrei meiri en 50%. Eignarhlutir hlutdeildarfélaga eru færðir í reikninga Landsbankans í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í eigin fé þeirra og hlutdeild í rekstrarafkomu er færð með sama hætti, en úthlutaður arður er færður til lækkunar á eignarhlut samstæðunnar í hlutdeildarfélögunum.

Hlutdeildarfélög hinn 30. júní 1998 voru eftirtalin:

Félag	Kennitala	Eignarhluti (%)	Nafnverð (milljónir kr.)	Bókfært verð (milljónir kr.)
Greiðslumiðlun hf.	500683-0589	45,4	30,0	498,6
Lýsing hf.	491086-1229	40,0	122,2	244,9
Reiknistofa bankanna	551073-0339	38,4	211,6	198,4
Snorrabraut 29 ehf.	450488-2839	36,0	6,4	10,9
Kreditkort hf.	440686-1259	17,5	8,2	142,9
Rafræn skráning ehf.	430697-2509	15,1	5,9	5,9
Samtals			<u>384,3</u>	<u>1.101,6</u>

Hinn 2. ágúst 1998 bættust eftirtalin fyrirtæki við hlutdeildarfélög:

VÍS	690689-2009	22,98	122,5	1.659,9
LÍFÍS	570990-1449	23,11	23,1	144,3
Samtals			<u>145,6</u>	<u>1.804,2</u>

Greiðslumiðlun hf.

Greiðslumiðlun hf., kt. 500683-0589, Álfabakka 9, 109 Reykjavík. Félagið er greiðslukortafyrirtæki og gefur út, fyrir hönd banka og sparisjóða, fjölbreytt úrval greiðslukorta, bæði VISA kreditkort og VISA Electron debetkort. Hagnaður ársins 1997 nam 120,6 milljónum, samanborið við 86,7 milljónir fyrir árið 1996. Hagnaður fyrstu sex mánaða ársins 1998 var 73,6 milljónir. Fjöldi VISA korthafa er nú um 116 þúsund og jókst um u.þ.b. 8,6% á árinu 1997 og fjöldi notenda VISA Electron debetkorta er um 141 þúsund og jókst um 17% á árinu 1997. VISA kreditkortafærslur voru 15,9 milljónir talsins og jukust um 7,6% á milli árána 1996 og 1997. VISA debetkortafærslur voru 15 milljónir talsins og jukust um 25% frá fyrra ári. Landsbankinn á 45,4% hlutdeild í félaginu. Í árslok 1997 nam hlutfé félagsins 66,1 milljónum kr. að nafnvirði. Óráðstafað eigið fé í árslok 1997 nam 944 milljónum kr.

Kreditkort hf.

Kreditkort hf., kt. 440686-1259, Ármúla 28, 108 Reykjavík. Félagið er greiðslukortafyrirtæki og gefur út EUROCARD og Master Card debet- og kreditkort. Hagnaður félagsins á árinu 1997 nam 74 milljónum kr. og 60,6 milljónum fyrstu sex mánuði ársins 1998. Hlutdeild Landsbankans í félaginu er 17,5%. Í árslok 1997 nam hlutfé félagsins 47 milljónum kr. að nafnvirði og óráðstafað eigið fé var 698 milljónir kr.

Lýsing hf.

Lýsing hf., kt. 491086-1229, Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík. Lýsing hf. þjónar atvinnulífi með því að bjóða eignarleigusamninga um atvinnutæki og húsnæði, auk lána til tækjakaupa. Félagið býður viðskiptavinum sínum einnig verkabyrgðir. Á árinu 1997 hóf Lýsing hf. að bjóða einstaklingum eignarleigusamninga um einkabifreiðar er byggja á sveigjanleika í greiðslum. Hagnaður ársins 1997 var 73 milljónir kr. og 30,5 milljónir fyrstu sex mánuði ársins 1998. Heildarfjárhæð gerðra eignarleigusamninga og veittra lána í árslok 1997 var 7.693 milljónir kr. að frádregnum afskriftasjóði útlána að fjárhæð 254 milljónir kr. og hafði vaxið um 2.202 milljónir kr. á árinu, eða um 40%. Samningar um fjármögunarleigu eru 65% af útlánum, kaupleigusamningar eru 17% og önnur útlán 18%. Heildarútlán hafa aukist um 92% á síðustu tveimur árum. Skipting samninga og lána milli atvinnugreina er nokkuð jöfn og áhætta því dreifð. Landsbanki Íslands hf. á 40% eignarhlut í félaginu. Hlutfé félagsins í árslok 1997 var 305 milljónir kr. að nafnvirði. Óráðstafað eigið fé í árslok 1997 nam 268 milljónum kr.

Reiknistofa bankanna

Reiknistofa bankanna, kt. 551073-0339, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík. Reiknistofa bankanna rekur tölvuverki fyrir alla viðskiptabanka og sparisjóði á Íslandi, sem og Seðlabanka Íslands, og er í sameiginlegri eigu þeirra og greiðslukortafyrirtækjanna tveggja. Hagnaður ársins 1997 var 60 milljónir kr., sem er svipað og árið áður. Hlutdeild Landsbankans í félaginu er 38,4%. Óráðstafað eigið fé í árslok 1997 nam 415 milljónum kr. Reiknistofa bankanna er rekin sem sameiginleg deild eignaraðila og hagnaður eða tap af starfsemi hennar skiptist því á eignaraðila.

Snorrabraut 29 ehf.

Snorrabraut 29 ehf., kt. 450488-2839, Snorrabraut 29, 105 Reykjavík. Tilgangur félagsins er að kaupa og reka fasteignir fyrir Bankamannaskólann. Hagnaður ársins 1997 var 1,9 milljónir kr. Hlutdeild Landsbankans í félaginu er 36%. Hlutfé félagsins í árslok 1997 nam 17,8 milljónum kr. að nafnvirði. Óráðstafað eigið fé í árslok 1997 nam 12 milljónum kr.

Vátryggingafélag Íslands hf. (VÍS)

Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 4, 108 Reykjavík. Tilgangur félagsins er að hafa með höndum vátryggingastarfsemi. VÍS er stærsta vátryggingafélag landsins með 36,4% markaðshlutdeild. Eignarhluti Landsbankans í félaginu er nú 26%, með beinum og óbeinum hætti vegna gagnkvæmrar eignaraðildar VÍS og LÍFÍS, en Landsbankinn hefur kauprétt á allt að 50% eignarhluta í félaginu. Heildartekjur af iðgjöldum árið 1997 námu 4.664,5 milljónum kr. Heildarkröfur námu 4.373,1 milljónum kr. og kröfur fyrir eigin reikning námu 3.552,6 milljónum kr. Hagnaður ársins nam 305,1 milljónum kr. eftir skatta. Eigið fé VÍS í árslok 1997 nam 1.918 milljónum kr. Bókfært verð eignarhluta í VÍS og LÍFÍS 31. desember 1997 var 408 milljónir kr.

Samkeppni hefur hardnað mjög á vátryggingamarkaðinum og hafa iðgjöld lækkað mikið frá árinu 1996, aðallega í ábyrgðartryggingum ökutækja og fjölskylduþryggingum. Stækkandi tryggingastofn m.a. vegna kaupa félagsins á vátryggingafélaginu Skandia, hefur þó bætt upp að nokkru tekjumissinn, en honum fylgja einnig hækkaðar tjónagreiðslur.

Líftryggingafélag Íslands hf. (LÍFÍS)

Líftryggingafélag Íslands hf., kt. 570990-1449, Ármúla 4, 108 Reykjavík. Tilgangur félagsins er að hafa með höndum líf- og sjúkratryggingastarfsemi og er félagið með stærstu fyrirtækjum á því sviði hérlendis. Eignarhluti Landsbankans í félaginu með beinum og óbeinum hætti er nú 26%, en Landsbankinn hefur kauprétt á allt að 50% eignarhluta. Markaðshlutdeild LÍFÍS á árinu 1997 var 34,3%. Iðgjöld ársins námu 168 milljónum kr. árið 1997 samanborið við 149,9 milljónir árið 1996. Iðgjöld af einkalíftryggingum námu 145,7 milljónum kr. en af hóplíftryggingum 13,8 milljónum kr. og af sjúkratryggingum 8,5 milljónum kr. Eigin iðgjöld námu 126,7 milljónum kr. Fjárfestingartekjur námu 59,1 milljón kr. og hagnaður ársins 1997 nam 31,3 milljónum kr. eftir skatta. Eigið fé LÍFÍS í árslok 1997 nam 342 milljónum kr.

Rafræn skráning ehf.

Rafræn skráning ehf., kt. 430697–2509, Austurstræti 5, 101 Reykjavík. Félagið var stofnað 12. maí 1997. Tilgangur þess er að eiga og stýra hlutafé nýstofnaðs félags, Verðbréfaskráningar Íslands hf., sem verður miðstöð pappírslausra viðskipta með verðbréf og skráningu eignarréttar þeirra. Félagið er að hefja starfsemi sína og tap ársins 1997 var 0,2 milljónir kr. Hlutafé félagsins í árslok 1997 nam 8,0 milljónum kr. Hlutdeild Landsbankans í félaginu er 15,1%, en Landsbréf hf. eiga til viðbótar 3,7% í félaginu.

Stefna

Staðsetning á markaði

Landsbanki Íslands hf. veitir alhliða almenna og sértæka fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Í umhverfi sem einkennist af hröðum breytingum og harðnandi samkeppni er Landsbankinn að endurskilgreina sig og búa sig undir framtíðina með endurskipulagningu og hagræðingu sem miðar að því að auka sveigjanleika og hraða þjónustu.

Framtíðarmarkmið

Með víðtæku útibúaneti sínu og fjölbreyttu vöru- og þjónustuframboði er Landsbankinn vel í stakk búinn til þess að taka þátt í örum vexti efnahagslífs og fjármagnsmarkaðar á Íslandi. Samstarf Landsbankans við VÍS og LÍFÍS í krafti eignarhlutdeildar Landsbankans í báðum félögunum veitir sóknarfæri á nýjum sviðum fjármagnsmarkaðarins. Ennfremur er gert ráð fyrir að samstarf Landsbanka Íslands hf. við VÍS og LÍFÍS leiði til hagræðingar og stuðli að auknum hagnaði Landsbankans á komandi árum. Landsbankinn, í samvinnu við VÍS, stefnir einnig að því að auka hagræði með því að samnýta dreifikerfi félaganna enn frekar og bjóða viðskiptavinum VÍS bankaþjónustu og ýmis konar heildarlausnir í váttryggingum í útibúum Landsbankans.

Helstu liðir í stefnumótun Landsbankans eru eftirfarandi:

- Að leggja áherslu á þau svið sem bankinn er sterkastur á og nýta nafn hans og ímynd.
- Að auka framboð á vöru og þjónustu og sækja á ný svið fjármálaþjónustu í nánu samstarfi við VÍS og LÍFÍS.
- Að mæta auknum kröfum einstaklinga og fyrirtækja með öflugri vöruþróun innan bankans í nánu samstarfi við valdar innlendar og erlendar fjármálastofnanir.
- Að beina markaðsaðgerðum að þeim sviðum atvinnulífsins sem eru í vexti.
- Að styrkja eignastýringu fyrir viðskiptavinum bankans í því skyni að ná leiðandi stöðu í fjárvörslu á tímum vaxandi langtímasparnaðar.
- Að mæta vaxandi þörf íslenskra fjárfesta með stofnun sérstakrar alþjóðlegrar einingar er annast milli-göngu um fjárfestingu í erlendum verðbréfum.
- Að stofna til sambands við erlent fjármála-fyrirtæki með það að markmiði að styrkja alþjóðlega þjónustu bankans og eiga samstarf um vöruþróun og upplýsinga- og tæknimál.

Fjárhagsleg markmið

Innan ramma stefnumörkunar Landsbankans hafa verið sett ákveðin fjárhagsleg markmið til skemmri og lengri tíma í því skyni að styrkja rekstrarstöðu hans. Tekið skal fram að hér er um markmið að ræða en ekki fyrirheit um rekstrarárangur.

Fjárhagsleg markmið	4 – 5 ára markmið	Lengri tíma markmið
Ávöxtun eigin fjár (eftir skatta)	9% – 12%	12% – 15%
Kostnaðarhlutfall	62 – 64%	<60%
Framlög í afskriftasjóð	0,75%	0,50%
Eiginfjárlutfall (CAD hlutfall)	10%	9%
Eiginfjárbáttur A	8%	7 – 7,5%
Arður sem % af hagnaði (frá 2000)	30% – 50%	50%
Árleg raunaukning heildareigna	3% – 5%	2 – 3%

Þessi markmið eru samtengd þróun vaxtamunar á fjármagnsmarkaði og kostnaðarhlutfalls bankans og ráða mestu um hvort arðsemismarkmiðum verði náð. Ytri aðstæður munu ráða miklu um arðsemi Landsbankans og virði hlutafjár í honum.

LANDSBANKINN Í BREYTTU UMHVERFI Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

Bankakerfið í Evrópu hefur verið að breytast hratt á undanförnum árum. Bankar hafa sameinast í því skyni að mæta aukinni samkeppni, lækka kostnað, efla dreifinet og laga sig að breyttum aðstæðum á markaðinum. Íslenskur fjármálamarkaður hefur tekið fyrstu skrefin í sömu átt með sameiningu fjárfestingarlánasjóða og breytingu á ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélag.

Með þátttöku Íslands í evrópska efnahagssvæðinu var í auknum mæli opnað fyrir samkeppni frá erlendum fjármálastofnunum. Erlendar lánastofnanir hafa á undanförnum árum átt nokkuð stóran hluta af lánnum til íslenskra fyrirtækja og stofnana.

Vaxtamunur hefur verið mun meiri hér á landi en í nágrannalöndunum, en hefur þó farið minnkandi. Bregðast þarf við þessu með lækun á kostnaðarhlutfalli banka, sem einnig hefur verið hátt. Menn eru almennt sammála um að miklir möguleikar séu til hagræðingar innan bankakerfisins. Í markmiðum sínum til skemmri tíma gerir Landsbanki Íslands hf. ráð fyrir að hagræðing geti orðið á bilinu 8-9% af kostnaði. Ef litið er til lengri tíma ætti að vera unnt að ná svipuðum árangri til viðbótar með rekstrarsamvinnu og samruna fjármálafyrirtækja.

Nauðsynlegt er fyrir íslenska banka að bregðast við þessari þróun með aukinni samvinnu eða samruna, bæði milli innlendra banka í stærri verkefnum og með samstarfi við erlend fjármálafyrirtæki. Landsbanki Íslands hf. hefur sett sér ákveðin markmið um hagræðingu og arðsemi. Stjórnendur bankans telja að slík samvinna sem hér um ræðir mundi styrkja bankann í þeim efnum. Hluthafar Landsbanka Íslands hf. mega búast við að bankaráð muni vinna að tillögum um aukid samstarf við innlenda eða erlenda aðila, jafnvel með eignaraðild í huga og þá eftir atvikum gagnkvæma eignaraðild.

UMFJÖLLUN OG YFIRLIT FJÁRHAGSLEGRAR AFKOMU

Landsbanki Íslands – Rekstur 1997

Hagnaður samstæðu Landsbanka Íslands af reglulegri starfsemi á árinu 1997 var 1.054 milljónir kr. á móti 434 milljónum á árinu á undan og hafði aukist um 620 milljónir. Eigið fé var 7.047 milljónir í árslok og hafði aukist um 453 milljónir milli ára, eða um 6,9%. Eiginfjárlutfall Landsbankans í árslok 1997, samkvæmt eiginfjárákvæðum laga, var 8,53% samanborið við 9,33% í árslok 1996. Lækkun á eiginfjárlutfalli bankans stafar af því að vöxtur heildareigna er meiri en vöxtur eigin fjár á árinu. Lögum samkvæmt má hlutfallið ekki fara niður fyrir 8%.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings var 124.763 milljónir í árslok og hafði hækkað um 14.516 milljónir eða 13,2%. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings höfðu hækkað um 5.364 milljónir, eða 47,1%, og voru 16.742 milljónir í árslok.

Hreinar vaxtatekjur voru 4.281 milljónir í lok ársins 1997 og höfðu hækkað um 355 milljónir, eða 9%. Vaxtamenur Landsbankans í hlutfalli af meðalstöðu heildarfjármagns var næstum sá sami og árið á undan eða 3,65% á móti 3,63%.

Aðrar rekstrartekjur höfðu hækkað um 186 milljónir kr., eða um 6,9%. Hreinar þóknunartekjur voru um 1.963 milljónir og höfðu aukist um 106 milljónir. Lækkun gengismunar var um 65 milljónir og lækkun annarra rekstrartekna var um 26 milljónir.

Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 214 milljónir, eða um 8,4%, en um 6,4% af því voru fyrir áhrif kjarasamninga. Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 154 milljónir eða um 8%. Fjárfesting í fasteignum og öðrum varanlegum rekstrarfjármunum var 549 milljónir á árinu og seldar voru eignir fyrir 178 milljónir. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna sem miðast við framreiknað kostnaðarverð námu 265 milljónum á árinu og höfðu hækkað um 26 milljónir frá fyrra ári.

Framlag á afskriftareikning útlána nam 1.013 milljónum en var 1.300 milljónir á árinu 1996 og er það lækkun um 22%. Tekjufærð áður afskrifuð útlán námu um 541 milljónir en sambærileg færsla árið 1996 var um 63 milljónir. Útlán að fjárhæð um 2.039 milljónir voru endanlega afskrifuð. Í árslok nam afskriftareikningurinn 2.688 milljónum, eða um 2,8% af heildarútlánum.

Meðal óreglulegra liða var gjaldfærsla vegna uppgjör á eftirlaunaskuldbindingum starfsmanna að fjárhæð um 1.086 milljónir. Hér var um lokauppgjör að ræða því frá og með 1. janúar 1998 féll ábyrgð Landsbanka Íslands á lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna niður. Til tekna kom reiknuð skattspörun af óreglulegum gjöldum, sem nam um 358 milljónum.

Landsbanki Íslands hf. – Rekstur janúar – júní 1998

Hagnaður samstæðu Landsbanka Íslands hf. á fyrri hluta árs 1998 var 489 milljónir á móti 325 milljónum á sama tíma á árinu á undan og hafði aukist um 164 milljónir.

Eigið fé var 7.628 milljónir í lok júní 1998 og hafði hækkað um 581 milljónir frá áramótum, eða um 8,2%. Eiginfjárhlutfall bankans í lok júní 1998, samkvæmt eiginfjárákvæðum laga, var 8,71% á móti 8,53% í árslok 1997.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings var 132.974 milljónir í lok júní 1998 og hafði hækkað um 8.211 milljónir eða 6,6%. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings hafa aukist um 17 milljónir eða 0,1% og eru 16.758 milljónir í lok júní 1998.

Hreinar vaxtatekjur voru 2.165 milljónir í lok júní 1998 og eru um 27 milljónir, eða um 1,3% hærri en á sama tímabili á árinu 1997. Vaxtamenur bankans í hlutfalli af meðalstöðu heildarfjármagns er næstum sá sami og árið á undan eða 3,60% á móti 3,65%.

Aðrar rekstrartekjur hafa hækkað um 114 milljónir, eða um 8,0% á fyrstu sex mánuðum þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra. Tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum í félögum hækkuðu um 109 milljónir, hreinar þóknunartekjur um 36 milljónir og gengismunur um 55 milljónir en aðrar rekstrartekjur lækkuðu um 86 milljónir.

Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 182 milljónir, eða um 12,9%, en áhrif kjarasamninga voru um 4,0% miðað við fyrri hluta árs 1997. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 67 milljónir og er 6,9% meiri en á sama tímabili í fyrra. Fjárfesting í fasteignum og öðrum varanlegum rekstrarfjármunum var 449 milljónir á tímabilinu og seldar voru eignir fyrir 28 milljónir. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, sem miðast við framreiknað kostnaðarverð, námu 145 milljónum fyrstu sex mánuði ársins og hafa hækkað um 19 milljónir miðað við sama tímabil á fyrra ári.

Framlag á afskriftareikning útlána nam 450 milljónum en var 562 milljónir á sama tímabili á árinu 1997. Áður afskrifuð útlán að fjárhæð um 22 milljónir innheimtust en á sama tíma í fyrra náðust um 43 milljónir. Engin útlán voru endanlega afskrifuð. Í lok júní nemur afskriftareikningurinn 3.138 milljónum, eða um 2,9% af heildarútlánum og veittum ábyrgðum.

Samaburður á fjárhagsstöðu og afkomu Landsbankans 1995–1997 og 1/1 1998 – 30/6 1998

Framsetning og samræmi

Reikningsskilin eru gerð í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana og hefur verið fylgt sömu reikningsskilaaðferðum í öllum meginatriðum undanfarin ár.

Tölurnar hér að neðan eru úr samstæðureikningi Landsbankans, sem tekur til reikningsskila Landsbanka Íslands hf. og dótturfélaga, en til dótturfélaga teljast öll þau félög sem Landsbankinn á 50% eignarhlut í eða meira, en þau eru: Samstæða Landsbréfa, sem tekur til Landsbréfa hf. og Landsvaka hf., og samstæða eignaumsýslufélaga Landsbankans með fullnustueignum, sem tekur til hlutafélaganna Hamla, Regins og Rekstrarfélagsins. Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er þessum stærðum því eytt innan samstæðunnar við gerð reikningsskilanna.

Rekstrarreikningur samstæðu fyrir 1995–1997 og 1/1–30/6 1998

	1/1 – 30/6 1998	1997	1996	1995
Vaxtatekjur	5.286,0	9.906,2	8.939,8	9.061,0
Vaxtagjöld	3.120,8	5.624,8	5.013,1	4.761,0
Hreinar vaxtatekjur	2.165,2	4.281,3	3.926,7	4.299,9
Aðrar rekstrartekjur	1.545,8	2.854,2	2.668,2	2.224,4
Hreinar rekstrartekjur	3.711,0	7.135,5	6.594,9	6.524,4
Rekstrargjöld	2.791,3	5.152,1	4.743,9	4.497,4
Framlög á afskrifareikning útlána	450,0	1.012,7	1.299,7	1.500,0
Innkomin áður afskrifuð útlán	22,3	541,4	62,8	133,7
Hagnaður fyrir skatta og óreglulega liði	491,9	1.512,1	614,1	660,7
Skattar	(2,6)	(458,7)	(180,6)	(308,3)
Hagnaður af reglulegri starfsemi eftir skatta ..	489,3	1.053,5	433,5	352,4
Óreglulegir liðir		(727,3)	(171,1)	(175,6)
Hagnaður ársins	489,3	326,2	262,4	176,9

Efnahagsreikningur samstæðu í árslok 1995, 1996, 1997 og 30/6 1998

	30/6 1998	1997	1996	1995
Eignir:				
Sjóður og kröfur á lánastofnanir	15.238,5	15.364,5	12.446,0	8.256,6
Útlán	95.358,2	93.723,1	84.836,8	83.748,9
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum	17.181,4	10.816,1	8.216,8	5.427,1
Rekstrarfjármunir	4.719,7	4.379,2	4.185,7	4.118,4
Ýmsir eignarliðir	476,0	479,9	561,3	660,6
Eignir samtals	132.973,8	124.762,8	110.246,6	102.211,4
Skuldir og eigið fé:				
Lánastofnanir	18.067,9	11.927,9	3.740,7	6.500,8
Innlán	68.014,8	64.660,8	62.206,1	60.369,6
Lántaka	30.963,9	32.836,1	31.171,8	23.645,0
Aðrar skuldir	6.155,2	6.135,0	4.539,4	3.937,1
Víkjandi lán	2.143,8	2.155,8	1.994,7	1.564,2
Skuldir og víkjandi lán alls	125.345,7	117.715,6	103.652,7	96.016,6
Eigið fé	7.628,2	7.047,2	6.593,9	6.194,8
Skuldir og eigið fé samtals	132.973,8	124.762,8	110.246,6	102.211,4

Liðir utan efnahagsreiknings:

Ábyrgðir	8.167,8	8.050,2	5.684,3	4.523,2
Aðrar skuldbindingar	8.590,3	8.691,4	5.693,4	6.928,1

Sjóðstreymi árin 1995–1997 og 1/1–30/6 1998

	1/1 –30/6 1998	1997	1996	1995
Handbært fé frá rekstri	1.251,3	3.461,0	3.581,1	2.999,8
Fjárfestingahreyfingar	(8.912,8)	(9.209,6)	(8.802,1)	1.764,8
Fjármögnunarhreyfingar	5.466,7	7.790,8	6.179,3	(6.095,7)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(2.194,8)	2.042,2	958,3	(1.331,1)
Handbært fé í ársbyrjun	3.600,0	1.557,8	599,5	1.930,6
Handbært fé í lok tímabils	1.405,2	3.600,0	1.557,8	599,5

Kennitölur


	1/1–30/6 1998	1997	1996	1995
Bókfært eigið fé / heildareignir	5,74%	5,65%	5,98%	6,06%
Vaxtamunur	3,60%	3,65%	3,63%	3,60%
Kostnaðarlutfall fyrir framlag á afskr.reikning ..	75,22%	72,20%	71,93%	68,93%
Arðsemi eigin fjár	13,9%	4,80%	4,10%	2,92%
Arðsemi heildarfjármagns	0,74%	0,28%	0,25%	0,17%
Eiginfjárlutfall / CAD	8,71%	8,53%	9,33%	9,46%
Fjöldi hraðbanka	38	30	25	23
Fjöldi útibúa og afgreiðslna	64	64	61	62
Fjöldi stöðugilda – bankastörf í samstæðu	971	966	968	983
Fjöldi stöðugilda – bankastörf í Landsbanka Íslands	920	904	929	949

Lánshæfismat

Bandaríska matsfyrirtækið Moody's Investors Service er annað tveggja virtustu matsfyrirtækja starfandi á alþjóðlegum vettvangi en einkunn þeirra er oft afgerandi í verðlagningu lána til fjármálastofnana og fyrirtækja og einnig einn af ákvarðandi þáttum í verðmyndun verðbréfa á helstu fjármálamörkuðum heims. Uppistaðan í einkunnakerfi Moody's er A-B-C flokkun vegna langtímaskuldbindinga og tveggja stiga P-kerfi (Prime Rating System) vegna skuldbindinga til skemmri tíma. Þá byggir kerfið einnig á hliðstæðri A-B-C flokkun vegna mótaðila áhættu (Counterparty Risk), og A-E flokkun vegna fjárhagslegs styrks.

Moody's mat lánshæfi Landsbanka Íslands hf. snemma árs 1998 og gaf Landsbankanum einkunnina A3 vegna langtímaskuldbindinga, P2 vegna skuldbindinga til skemmri tíma, A3 vegna mótaðila áhættu og D fyrir fjárhagslegan styrk. Samkvæmt umsögn matsfyrirtækisins tekur einkunnin mið af stöðu Landsbankans sem stærsta banka landsins, fullnægjandi fjárhagslegum styrk og 100% eignarhaldi ríkisins. Einnig var tekið mið af háu hlutfalli lána til sjávarútvegs, þeim hættum sem tengjast hröðum breytingum á fjármálamarkaðinum á Íslandi og svigrúmi til frekari endurbóta á fjárhagslegum grundvelli Landsbankans. Moody's tók jafnframt mið af því að Landsbankinn færir nú nær einkavæðingu er almennir fjárfestar eignast hluta í Landsbankanum á árinu 1998.

Myndin hér að neðan sýnir mat Moody's á ýmsum fjármálafyrirtækjum á Norðurlöndum, vegna langtímaskuldbindinga:



FASTEIGNIR

Alls eru 67 fasteignir í eigu Landsbankans sem nýttar eru fyrir eigin starfsemi auk lóða, sumarhúsa og þjónustumiðstöðvar. Bókfært verð fasteigna þann 28. maí 1998 var 3.426 milljónir kr. Þar af eru eignir í Reykjavík bókfærðar á 1.964 milljónir kr. og á landsbyggðinni á 1.461 milljónir kr. Heildarstærð eigna í Reykjavík er 24.200 fm. og á landsbyggðinni 24.700 fm. Helstu fasteignir í eigu og rekstri Landsbankans eru Austurstræti 11, Álfabakki 10, Laugavegur 7, Laugavegur 77, Lynghals 9 og Suðurlandsbraut 24 í Reykjavík og Suðurgata 57, Akranesi, Strandgata 1, Akureyri, Austurvegur 20, Selfossi og Selvík við Álfartvatn.

VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR Á ÍSLANDI

Breytt hlutverk ríkisins á fjármagnsmarkaði

Einkavæðing ríkisfyrirtækja á undanförunum árum hefur leitt til minnkandi umsvifa ríkisins í atvinnustarfsemi sem einkaaðilar hafa vilja og getu til að annast. Fjöldmörg ríkisfyrirtæki hafa verið seld en öðrum hefur verið breytt í hlutafélög. Fjármálamarkaðurinn hefur ekki farið varhluta af þessum breytingum. Í árslok 1997 voru gerðar mikilvægar breytingar á nokkrum af stærstu fjármálastofnunum landsins. Tveimur viðskiptabönkum sem eru í ríkiseign, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, var þá breytt í hlutafélög. Fjórum fjárfestingarlánasjóðum, sem hver um sig tengdist ákveðnum atvinnugreinum, var steypt saman í tvær nýjar stofnanir, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. (FBA) og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.


Breytingar þessar voru liður í stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi fjármálamarkaðinn. Markmið ríkisstjórnarinnar voru:

- Að minnka ríkisumsvif á fjármálamarkaði og notkun ríkisábyrgðar.
- Að auka hagkvæmni á fjármálamarkaði með því að sameina fjóra fjárfestingarlánasjóði í einn fjárhagslega sterkan fjárfestingarbanka sem þjónar öllum atvinnugreinum og minnka þannig hefðbundna deildaskiptingu á fjármagnsmarkaði.
- Að aðskilja öll niðurgreidd lán og þróunarfjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna frá viðskiptalánastarfsemi þeirra og sameina í nýjan nýsköpunarsjóð er sinni öllum atvinnugreinum.
- Að breyta rekstrarformi þessara aðila í það form sem ríkjandi er meðal fjármálaþjónustufyrirtækja hérlandis og erlendis.
- Að jafna samkeppnisstöðu fjármálafyrirtækja og auka samkeppni á fjármálamarkaði.


Hlutafjárhækkun Landsbanka Íslands hf. nú styrkir í sessi stefnumörkun ríkisstjórnarinnar samkvæmt framsögðu. Viðskiptaráðherra mun gæta hagsmuna ríkissjóðs sem hluthafa í Landsbankanum á hluthafafundum banksins.

Starfsumhverfi

Landsbanki Íslands hefur verið stærstur íslensku bankanna, miðað við heildareignir þeirra. Í lok árs 1997 voru heildareignir Landsbanka Íslands 124 milljarðar kr. í samanburði við 110 milljarða 1996. Íslandsbanki er næst stærstur íslensku bankanna með 89 milljarða heildareignir, sparisjóðirnir voru með í heild um 74 milljarða í lok árs 1997. Heildarfjöldi viðskiptavina Landsbankans er ríflega 88.000, einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir.




Miðað við eigið fé fyrirtækjanna er myndin aðeins önnur; FBA er með mest eigið fé bankanna, rúma 8 milljarða kr., sparisjóðirnir tuttugu og sjö eru með samtals 7,4 milljarða og Landsbankinn með rúmlega 7 milljarða. Að loknu hlutfjárútboði verður Landsbanki Íslands hf. með hæst eigið fé, um 9 milljarða kr.




Auk íslensku viðskiptabankanna og fjárfestingalánasjóðanna (og nú FBA) hafa erlendir bankar verið nokkuð stórir lánveitendur hjá íslenskum fyrirtækjum og stofnunum undanfarin ár. Markaðshlutdeild Landsbankans er hæst á markaðinum, mæld sem hlutfall af heildarútlánunum, 24,6%. Næst kemur Íslandsbanki hf., með 17,4%. Erlendir bankar eru með um 17,2% hlutdeild á íslenska lánamarkaðinum.

Meðal atvinnugreina þar sem Landsbanki Íslands hf. hefur sterka markaðsstöðu má nefna sveitarfélög, útgerð, verslun og verktakastarfsemi. Landsbankinn hefur um langt skeið verið stærsti lánveitandi fyrirtækja í sjávarútvegi. Þessi nánu tengsl við þá höfuðútflutningsgrein sem sjávarútvegurinn er eiga sinn þátt í því að Landsbankinn er einnig stærsti banki landsins á sviði gjaldeyrisviðskipta.




Í útlánunum til heimila er Landsbankinn í þriðja sæti með 19 milljarða kr. heildarútlán, eða 22,6% af heildarmarkaðinum. Stærstu lánveitendur til heimila eru sparisjóðirnir, með 26,5 milljarða kr., eða 26,8% markaðshlutdeild, en Íslandsbanki er í öðru sæti með 22,7 milljarða eða 23% markaðarins. Hlutdeild Landsbankans í heildarútlánunum á landinu er 37%. Hlutdeild Landsbankans á greiðslukortamarkaði er um 40%.




Heildarhlutdeild Landsbankans á útlánamarkaði hefur minnkað nokkuð á undanförunum árum. Á árinu 1990 var markaðshlutdeild Landsbankans 30,3% en hefur síðan minnkað jafnt og þétt niður í núverandi hlutdeild sem er 24,6%. Erlendir bankar hafa verið að missa markaðshlutdeild ásamt Landsbankanum. Minnkandi markaðshlutdeild Landsbankans má að hluta til rekja til nýrra reglna um áhættugrunn fjármálastofnana (BIS-reglur, nú CAD-reglur) sem tóku gildi á tímabilinu og leiddu m.a. til lækkunar á efnahagsreikningi Landsbankans, en á árinu 1994 seldi Landsbankinn hluta af útlánunum sínum til annarra fjármálafyrirtækja. Sú staða þýddi að Landsbankinn óx ekki með sama hraða og markaðurinn í heild. Yfirstandandi hlutfjárútboð mun gera Landsbankanum kleift að auka útlánastarfsemina sína og þar með markaðshlutdeildina. Búast má við að

hlutur erlendra banka vaxi einnig eitthvað á ný með auknum stórframkvæmdum á Íslandi, sérstaklega á sviði orkuvirkjana, orkufreks iðnaðar og verslunar, að því marki sem íslensku bönkunum tekst ekki að auka sinn hlut á þessum markaði. Á þessum áratug hefur lánamarkaðurinn vaxið verulega á Íslandi á sama tíma og verðbólga hefur lækkað verulega. Aukning heildarútlána árið 1997 var rúm 12% og heildaraukningin frá 1990 er um 45%. Heildarútlán drógust saman á árunum 1994 og 1995 en skýringin á því er þrjúþætt. Fjárfestingar fyrirtækja voru í lágmarki á þeim tíma, mikið var um að fyrirtæki fjármögnuðu starfsemi sína með almennu útboði verðbréfa og greiddu niður bankalán. Útlit er fyrir enn frekari aukningu þar sem gert er ráð fyrir örum efnahagsbata á næstu árum með tilsvarendi aukningu í fjárfestingum og neyslu.




Í því skyni að ná aukinni markaðshlutdeild hefur Landsbankinn verið að endurskipuleggja markaðsstefnu sína með því að einbeita sér bæði að núverandi viðskiptavinum sínum og nýjum viðskiptavinum, auka þjónustu og vöruúrval. Ennfremur vinnur Landsbankinn að því að þróa nýjar afurðir sem sniðnar eru að þörfum viðskiptavina.



Heildarinnlán viðskiptavina hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum hafa aukist um 27% frá 1992 til 1997. Svipaðrar þróunar gættir hér og í útlánunum, þ.e. Landsbanki Íslands tapar nokkurri markaðshlutdeild á meðan sparisjóðirnir bæta við sig. Erlendir bankar hafa ekki verið áberandi á íslenskum innlánamarkaði, en verulegar aukningar gættir hins vegar í fjárfestingum í erlendum verðbréfum og hafa lífeyrissjóðir verið umsvifamiklir á þeim vettvangi undanfarin tvö ár.

Líkt og í nágrannalöndum Íslands hefur munur á inn- og útlánsvöxtum farið minnkandi hér á landi. Minni vaxtamunur hjá Landsbankanum en keppinautum skýrist að hluta af háu hlutfalli fyrirtækja sem eru í viðskiptum hjá Landsbankanum og að sama skapi háu hlutfalli einstaklinga í viðskiptamannahópi sparisjóðanna. Þrátt fyrir þessa lækkun er vaxtamunur héraendis nokkru meiri en á öðrum Norðurlöndum og má búast við frekari lækkun héraendis á komandi árum.



Verðbréfavíðskipti – Fjárfestingabankastarfsemi

Vaxtarbroddur á íslenskum bankamarkaði hefur verið í starfsemi tengdri verðbréfavíðskiptum, fyrirtækjaþjónustu og fjárfestingabankastarfsemi. Allir víðskiptabankarnir reka eigin víðskiptastofur. Veruleg samkeppni er á þessum markaði um ávöxtun og útlán til stærri aðila, nýjar útgáfur verðbréfa, sölutryggingar, vöruþróun o.fl.

Þessi markaður hefur þróast hratt á skömmum tíma, bankarnir hafa tekið upp víðskiptavakt með gjaldeyri og verðbréf og þar með hafið virka stýringu á eigin stöðu. Þetta hefur gert þróun afleiðuvíðskipta mögulega en sá hluti markaðarins á væntanlega eftir að eflast verulega.


Markaðurinn hefur verið í örur vexti og veltan á Verðbréfaþingi Íslands hefur aukist um 150% á fimm árum. Hlutabréfavisitalan hækkaði um meira en 60% á árinu 1996, en hægði síðan á sér árið 1997.

Í milljónum kr.	1993	1994	1995	1996	1997
Heildarvelta á Verðbréfaþingi Íslands	75.584	86.503	70.937	119.308	188.925
- Peningamarkaður	53.260	64.347	48.338	86.308	114.090
- Skuldabréf með ríkisábyrgð	21.364	20.821	20.017	27.100	61.187
- Hlutabréf	960	1.355	2.858	5.845	13.283
- Annað			64		365
HLUTABRÉFAMARKAÐUR					
Fjöldi skráðra fyrirtækja á Verðbréfaþingi Íslands	17	24	27	32	51
Fjöldi skráninga á opnum tilboðsmarkaði				27	55
Heildarmarkaðsvirði		45.924	65.347	130.095	189.421
Frummarkaður		1.893	2.867	12.188	16.995
Eftirmarkaður		1.923	3.621	7.892	16.704


Þrátt fyrir að hlutabréfamarkaðurinn hafi verið í örur vexti undanfarin ár hér á landi er velta í hlutfalli af markaðsvirði enn nokkuð lág hér á landi borið saman við markaðina á hinum Norðurlöndunum. Það bendir því margt til þess að þessi hluti markaðarins haldi áfram að vaxa verulega á næstu árum.

Eignastýring


Starfsemi verðbréfafyrirtækjanna hefur vaxið mikið undanfarin ár. Sjóðavörslufyrirtækin reka öll verðbréfasjóði og hlutabréfasjóði, auk þess sem þau eru með fjárvörslu fyrir þriðja aðila, s.s. lífeyrissjóði, stofnanir og fjársterka einstaklinga. Meðfylgjandi línurit sýnir þróun markaðshlutdeildar verðbréfasjóða fimm stærstu verðbréfafyrirtækjanna á markaðinum frá árinu 1992 til 1997. Á tímabilinu hafa sjóðirnir vaxið um 273%. Stærstu aðilarnir á þessu sviði hafa verið Landsbréf, Kaupþing og Verðbréfamarkaður Íslandsbanka.



Á sama tímabili hafa hlutabréfasjóðir vaxið um 780%. Þess ber þó að geta að skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa fellur niður í lok næsta árs.



Verðbréfa- og hlutabréfasjóðir verðbréfafyrirtækjanna hafa keppt við hefðbundin innlán hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Á árunum 1992 til 1997 hafa þessir sjóðir meira en þrefaldað markaðshlutdeild sína, úr 6,5% í 20,3%, á kostnað hefðbundinna innlána. Á línuritinu hér fyrir neðan sést þróun markaðshlutdeildar innlána viðskiptabankanna og sparisjóða í samanburði við fjárfestingar- og hlutabréfasjóði.



Gera má ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram, jafnframt því sem vaxtamunur lækkar og samkeppni harðnar á sviði eignastýringar.

Líftryggingar

Stærstu þátttakendurnir á litlum en vaxandi líftryggingamarkaði hérlendis eru LÍFÍS, Samlíf og Alþjóðalíftryggingarfélagið. Breytingar hafa orðið á eignarhaldi þessara félaga á undanförunum þremur árum.

Kaupþing hf. og sparisjóðirnir keyptu Alþjóðalíftryggingarfélagið í desember 1996 og hafa nú hafið sölu líftrygginga gegnum útibúakerfi sitt og til félaga í lífeyrissjóði Kaupings hf.

Í mars 1997 eignaðist Landsbanki Íslands hf. hluti og kauprétt á 50% hlutdeild í LÍFÍS. Landsbankinn og LÍFÍS hafa þegar átt samstarf í nokkrum verkefnum, meðal annars einingategndum söfnunartryggingum og tilboðum til sjóðsfélaga í Frjálsa lífeyrissjóðnum og Íslenska lífeyrissjóðnum.

Samlíf er líftryggingafélag sem var 65% í eigu Sjóvá-Almennra trygginga hf. og 35% í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (TM) en í janúar 1998 keyptu bankar og lífeyrissjóðir 60% hlut í félaginu. Samlíf býður sjóðsfélögum í séreignarlífeyrissjóðum VÍB og Búnaðarbanka líftryggingar.

Auk þessara fyrirtæki starfa hér á landi sjálfstæðir tryggingamiðlarar á vegum erlendra fyrirtækja á borð við Allianz og Sun-life sem keppa á markaði hefðbundinna líftrygginga og söfnunarlíftrygginga.

Vátryggingar

Þrjú fyrirtæki eru stærstu þátttakendur á hefðbundnum íslenskum tryggingamarkaði: VÍS, Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Tryggingamiðstöðin hf. Markaðshlutdeild þeirra samkvæmt árskýrslum fyrirtækjanna fyrir 1997 er sem hér segir:

Félag	Tekjur af iðgjöldum	Eigin iðgjöld
VÍS	40%	36,4%
Sjóvá – Almennar	33%	35,7%
TM	20%	20,4%
Trygging	7%	7,4%

Nokkur fyrirtæki hafa runnið saman á þessum markaði á undanförunum árum. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. eignuðust Húsatryggingar Reykjavíkur og Ábyrgð hf. VÍS yfirtók Vátryggingafélagið Skandia hf. og Fjárfestingafélagið Skandia hf. (nú Fjárvangur) og LÍFÍS yfirtók Líftryggingafélagið Skandia hf. Árið 1997 eignaðist Landsbanki Íslands svo hlut og kauprétt á 50% hlutdeild í VÍS/LÍFÍS. Tengslin milli Landsbanka Íslands hf. og VÍS eru einu verulegu eignatengsl banka og hefðbundinna tryggingafélaga hér á landi.

FJÁRFESTING Í VÍS OG LÍFÍS

Hinn 14. mars 1997 gerði Landsbankinn samning um áfangakaup/kauprétt á öllum eignarhluta Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands í Vátryggingafélagi Íslands hf. (VÍS) og Líftryggingafélagi Íslands hf. (LÍFÍS) á tímabilinu 1997 til 1999, en sú hlutdeild nemur beint og óbeint 50% í VÍS og LÍFÍS, hvoru um sig. Heildarverð beggja eignarhluta var alls 3.400 milljónir kr. Kaup Landsbankans á eignarhluta Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands byggjast á eftirfarandi tímaáætlun:

Kaupréttardagur	Heimild %	Verð (milljónir kr.)	Eignarhluti alls
15. apríl 1997	6%	408	6%
02. apríl 1998	10%	680	16%
02. ágúst 1998	10%	680	26%
02. desember 1998	10%	680	36%
02. apríl 1999	7%	476	43%
02. júlí 1999	7%	476	50%
	50%	3.400	50%

Á grundvelli samningsins neytti Landsbankinn kaupréttar síns á 6% eignarhluta í apríl 1997 og síðan 10% í apríl 1998 og loks 10% í ágúst 1998. Landsbankinn mun neyta kaupréttar síns á 10% eignarhluta í desember 1998 og verður eignarhluti Landsbankans þar með 36% í árslok 1998, sem svarar til fjárfestingar að upphæð 2.448 milljónir kr. hinn 31. desember 1998.

Samkvæmt ákvæðum 54. og 55. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði skal eiginfjárlutfall ekki vera lægra en 8% af skilgreindum áhættugrunni. Í árslok 1997 var eiginfjárlutfall samstæðunnar 8,53% og eiginfjárlutfall Landsbanka Íslands 8,69%. Hinn 30. júní 1998 var eiginfjárlutfall samstæðunnar 8,71% og eiginfjárlutfall bankans 8,80%.

Kaupin á eignarhluta Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands í VÍS og LÍFÍS hafa áhrif á eiginfjárlutfall Landsbankans. Landsbankinn hefur nýtt sér kauprétt í ágúst 1998 samkvæmt ofangreindri töflu. Nýti Landsbankinn sér kauprétt í VÍS og LÍFÍS í desember 1998, apríl 1999 og júlí 1999 mun það hafa þau heildar áhrif á eiginfjárlutfall að það lækkar sambærilega og hækkun eiginfjárlutfalls vegna þessa hlutafjárútboðs.

Með hinu nýja hlutafjárútboði Landsbankans, sem svarar til eiginfjárukningar er nemur allt að 1.000 milljónum kr. að nafnvirði, er gert ráð fyrir viðbótar eigin fé er nemur um 1.700 milljónum kr. Nýtt eigið fé að fjárhæð 1.700 milljónir kr. hefur þau áhrif á eiginfjárlutfall að það hækkar um u.þ.b. 1,7% stig.

Bankaráð samþykkti á fundi hinn 23. júlí 1998 heimild til bankastjóra til töku víkjandi láns (eiginfjárbáttar B) að fjárhæð allt að 1.500 milljónir kr. Sú heimild hefur enn ekki verið nýtt en ákveðið hefur verið að nýta 500 milljónir kr. af heimildinni og eru viðræður um þá fjármögnun á lokastigi.

Fjárfestingar vegna starfsemi Landsbankans

Helstu fjárfestingar í fasteignum árið 1997 fólust í viðtækum endurbótum á útibúi og höfuðstöðvum Landsbankans að Laugavegi 77 og að Lynghalsi 9 í Reykjavík. Tvö útibú voru opnuð, annað í Holtagörðum í Reykjavík en hitt í Smáranum í Kópavogi, en í báðum tilfellum er um leiguhúsnæði að ræða. Heildarfjárfesting í fasteignum nam 233 milljónum kr. en á móti kemur að Landsbankinn seldi fasteignir fyrir 155 milljónir kr. Fjárfesting í búnaði og tækjum nam alls 316 milljónum kr. en sala á búnaði skilaði 36 milljónum kr.

Á yfirstandandi ári hefur verið haldið áfram endurbótum á Laugavegi 77 en einnig má nefna kaup á húsnæði fyrir útibúið á Akranesi. Heildarfjárfestingar ársins í fasteignum eru áætlaðar alls 350 milljónir kr., en ákveðið hefur verið að selja eignir á móti þessum fjárfestingum á þessu ári og því næsta. Fjárfesting í búnaði og tækjum, að meðtöldum hugbúnaði, er áætluð 300 milljónir kr. árið 1998 og 400 milljónir kr. árið 1999. Stærstu liðir eru nýtt afgreiðsluferfi, upplýsingakerfi og gjaldeyrisviðskiptakerfi.

ÁRIÐ 2000 OG TÖLVUKERFI LANDSBANKANS

Snemma á sjötta áratugnum, þegar minnisrými á gagnadiskum og mannaflí við að slá inn tölur var dýr, var tekinn upp 6 stafa staðall til að tákna dagsetningar þar sem einungis var gerð grein fyrir degi, mánuði og ári. Öldin var ekki geymd með dagsetningunni. Þessi aðferð dugar fram að aldamótum en eftir árið 1999 munu tölvukerfi sem ekki hafa verið undirbúin fyrir aldamót ekki geta greint á milli dagsetninga. Dagsetningin 19. júní 1900 er geymd á nákvæmlega sama formi og dagsetningin 19. júní 2000.

Dæmi um 2000 vandamál

Með núverandi formi dagsetningar (dd/mm/áá)

Víðmiðunardagur	Fæðingardagur	Reiknaður aldur
19/06/99	19/06/60	39
19/06/00	19/06/60	-60, 60 eða villa!

Leiðrétt átta stafa dagsetning

Víðmiðunardagur	Fæðingardagur	Reiknaður aldur
19/06/2000	19/06/60	40

Þessar dagsetningar gætu haft í för með sér að vaxtareikningur raskaðist og gjalddagar yrðu rangir, einnig gæti þetta haft í för með sér að bókhaldskerfi tækju ekki við nýjum færslum. Alþjóðlega fjármálafyrirtækið J.P. Morgan hefur gert áætlun um að breyting tölvukerfa í Bandaríkjunum muni taka til sín á bilinu 7-8% af tölvukostnaði þar á árunum 1997-2001.

Undanfarin misseri hefur Landsbankinn unnið að undirbúningi tölvukerfa Landsbankans vegna aldamóta. Stór hluti af vinnslu Landsbankans fer fram hjá Reiknistofu bankanna sem vinnur markvisst að aldamótavæðingu sinna kerfa. Unnið er að uppsetningu nýs afgreiðslukerfis Landsbankans, gert er ráð fyrir að kerfið verði tekið í notkun í öllum afgreiðslum bankans fyrir árslok 1999.

Vegna erlendra viðskipta er notað tölvukerfi sem unnið er að stækkun á þannig að öll erlend lán Landsbankans verða færð yfir í það kerfi á þessu ári. Vegna launaútreiknings og lögfræðinnheimtu verða keypt ný kerfi á þessu ári og því verður ekki farið í breytingar á eldri kerfum. Unnið er samkvæmt verkáætlun að aðlögun annarra eigin kerfa bankans vegna aldamóta.

Til viðbótar vinnu við uppsetningu nýrra kerfa gera áætlanir ráð fyrir að alls fari um 3 mannrá í forritsbreytingar vegna aðlögunar eigin tölvukerfa að aldamótum sem ekki verða endurnýjuð. Verið er að skipta út tölvubúnaði Landsbankans eftir því sem þörf er á, meðal annars vegna nýs hugbúnaðar og áætlað er að allur vélbúnaður bankans utan afgreiðslukerfis verði uppfærður með tilliti til aldamóta um næstu áramót. Skipt verður um vélbúnað afgreiðslukerfis á næsta ári.

Þrátt fyrir að Landsbankinn þurfi að leggja í verulegan kostnað vegna hugbúnaðar og vélbúnaðar hefur það verið á langtímaáætlun bankans að leggja í þessar fjárfestingar, en undirbúningur vegna aldamóta flýttir því ferli. Þess er vænst að fjárfesting Landsbankans muni koma fram í aukinni hagræðingu í upplýsingavinnslu og skila auknum afköstum afgreiðslukerfis.

SÖLU- OG MARKAÐSMÁL

Einstaklingsviðskipti

Starfsemi

Í samræmi við þá stefnu Landsbankans að veita einstaklingum og fyrirtækjum alhliða fjármálaþjónustu hafði bankinn um nokkurt skeið undirbúið að auka starfsemi sína og fara inn á svið líftrygginga, lífeyrstrygginga og annarra skyldra trygginga. Með samningi um kaup Landsbankans í mars 1997 á eignarhlut Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands í Vátryggingafélagi Íslands hf. og Líftryggingafélagi Íslands hf. tókst að skapa umgjörð um þátttöku Landsbankans í rekstri tveggja traustra og öflugra tryggingafélaga. Kaup Landsbankans í VÍS og LÍFÍS opna margvíslega möguleika á að veita viðtækar heildarlausnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Með samstarfi fyrirtækjanna skapast aukið hagræði sem leiðir til þess að hægt er að bjóða enn betri kjör og þjónustu fyrir þá viðskiptavini sem kjósa að sækja alla fjármálaþjónustu á einn stað.

Fyrsta skrefið í samstarfi Landsbankans og VÍS fólst í markaðssetningu á F+ fjölskyldutryggingunni í útibúum bankans. Samstarf fyrirtækjanna var kynnt á fjölmönnum fundi starfsmanna þann 26. september 1997 samhliða kynningu á Vörðuklúbbi Landsbankans.

Hinn 7. nóvember 1997 steig Landsbankinn annað skref inn á tryggingamarkaðinn þegar LÍFÍS fjárhagsvernd var kynnt. LÍFÍS fjárhagsvernd samanstendur af þremur tryggingum, söfnunarlíftryggingu, sjúkdómatryggingu og líftryggingu. LÍFÍS söfnunarlíftrygging sameinar líftryggingu og reglubundinn sparnað. Uppsafnaður sparnaður og ávöxtun greiðist út sem eingreiðsla í lok söfnunartíma. Söfnunarlíftrygging er ætluð þeim sem vilja sýna fyrirhyggju og skapa sér aukinn lífeyri síðar á ævinni. LÍFÍS sjúkdómatryggingu er ætlað að gera fólki kleift að vera undir það búíð að takast á við þann tekjumissi og kostnaðarauka sem oft fylgir því að greinast með alvarlegan sjúkdóm. LÍFÍS líftryggingu er ætlað að skapa fjárhagslegt öryggi fyrir þá sem treysta á framfærslu af hálfu þess sem tryggður er.

Varðan er nafn á fjármálaþjónustu Landsbankans fyrir einstaklinga. Með nýjum Vörðuklúbbi setti Landsbankinn alla þjónustuþætti er varða fjármál einstaklinga undir einn hatt. Markmið Vörðunnar er að veita sérhverjum viðskiptavini persónulega þjónustu með hagkvæmni og öryggi hans í huga. Við inngöngu er lögð áhersla á að meta fjárhagslega stöðu Vörðufélagans og tengja hana þeim þjónustuþáttum sem Varðan býður. Varðan tengist Vildarklúbbi Flugleiða og gefur samstarfið Vörðufélögum kost á að safna punktum til ferðalaga. Í tengslum við markaðssetningu á Vörðuklúbbum var einnig ferðabókin, sem er nýtt innláns-

form, kynnt. Með innborgunum á ferðabók safnar bókaeigandi, auk vaxta, punktum sem hann getur nýtt til ferðalaga í Vildarklúbbi Flugleiða. Sérstakt söluáttak á Vörðubjónustunni fór fram í útibúum Landsbankans á tímabilinu 6. október 1997 til 9. apríl 1998. Viðtökur við Vörðuklúbbum hafa verið mun betri en reiknað var með en þann 30. júní 1998 höfðu rúmlega 13.000 einstaklingar gerst aðilar að þessari þjónustu.

Samstarfsaðilar

Landsbanki Íslands hf. hefur gert samninga við nokkur fyrirtæki um sameiginlega markaðssetningu. Þjónusta Landsbréfa hf., sem er dótturfélag Landsbankans, er t.d. markaðssett með milligöngu útibúa Landsbankans, og viðtækt samstarf er milli bankans og Greiðslumiðlunar hf., útgefanda VISA kreditkorta og VISA Electron debetkorta.

Flugleiðir hf. taka þátt í ýmiss konar markaðssetningu með Landsbankanum og VISA Íslandi. Dæmi um slíkt er „ferðabókin“, sem getið er að ofan. Einnig er í gangi samstarfsverkefni þar sem gefið er út VISA - kort Flugleiða og korthafi safnar ferðapunktum í hvert skipti sem hann notar kortið.

Bankinn hefur einnig tekið þátt í viðamiklu markaðsátaki með tryggingaafurðir VÍS eins og nánar er lýst hér að framan.

Í febrúar 1996 var gerður samstarfssamningur við Olíufélagið hf. og Olíuverslun Íslands hf. um úttektir á reiðufé með debetkortum. Viðskiptavinir bankans geta tekið út reiðufé af reikningum sínum, allt að 10.000 kr. á um 140 bensínstöðvum um land allt.

Í ársbyrjun 1996 var gerður umboðssamningur við fyrirtækið Global Refund (Europe Tax-free Shopping). Hlutverk Landsbankans er að annast endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupa ferðamanna á vörum og þjónustu á Íslandi. Bankinn er tengdur alþjóðlegu tölvukerfi Global Refund og getur því einnig skipt öllum ávísunum sem gefnar eru út af aðildarfyrirtækjum Global Refund. Kerfi þetta nær til um 125.000 verslana í 23 þjóðlöndum. Bankinn annast þessa þjónustu einkum í Leifsstöð en einnig um borð í flestum skemmtiferðaskipum sem koma til landsins og á Seyðisfirði.

Markmið og stefna

Markmið Landsbankans á smásöluarkaði er að halda núverandi viðskiptavinum og bæta nýjum við. Landsbankinn mun einbeita sér að því að þjóna núverandi viðskiptavinum og bæta hag þeirra með því að bjóða samkeppnisfærar og nútímalegar vörur. Landsbankinn leggur mikla áherslu á að mæta þörfum viðskiptavina og að veita þeim frelsi til að velja milli kosta, bæði að því er varðar vöru og þjónustu.

Viðskiptavinir

Viðskiptavinir Landsbankans er að finna um allt land þótt mesti fjöldinn sé á höfuðborgarsvæðinu. Landsbankinn hefur skipt viðskiptavinum sínum í markhópa á grundvelli umsvifa og aldurs. Þetta gerir Landsbankanum kleift að mæta mismunandi þörfum hinna ýmsu hópa að því er varðar vöru, söluleiðir og ráðgjafarþjónustu.

Vöru- og þjónustuframboð

Bankinn hefur lagt mikinn metnað í að þróa vöruúrval fyrir viðskiptavinum sína. Aukið frjálrsræði á markaðnum ásamt samleitni trygginga-, banka- og verðbréfaþjónustu hefur orðið til þess að nú á sér stað stöðug þróun á nýjum vörum. Landsbankinn hefur það markmið að geta boðið viðskiptavinum sínum alla þá fjármálaþjónustu sem þeir þurfa á einum stað.

Fyrirtækja- og stofnanaviðskipti

Starfsemi

Landsbanki Íslands hf. veitir alhliða bankaþjónustu til fyrirtækja- og stofnana og ætlun hans er að viðhalda og auka samskipti sín við lánsþæfa og arðsama íslenska viðskiptavinum.

Þjónusta við viðskiptavinum Landsbankans á fyrirtækja- og stofnanamarkaði er á fyrirtækja- og stofnana-sviði bankans. Fyrirtækja- og stofnanasvið, markaðsviðskipti og fjárreiðudeild mynda saman viðskiptastofu Landsbankans.

Með því að sinna stærstu viðskiptavinum sínum í viðskiptastofunni leitast Landsbankinn við að bæta gæði þjónustunnar við þennan hóp. Þar geta stærstu viðskiptavinir Landsbankans sótt þjónustu til sérfræðinga Landsbankans á sviði fjármögnunar, fjárfestinga, gjaldeyrisviðskipta og afleiðuviðskipta. Sérfræðingar viðskiptastofu eru auk þess til taks til ráðgjafar fyrir útibú Landsbankans.

Landsbankinn áformar að stofna nýja deild innan bankans, sem sérhæfir sig í ráðgjöf um stefnumörkun og útfærslur á sviði fjármála til lengri tíma til fyrirtækja og sveitarfélaga. Deildin mun taka til starfa í september 1998 og tilheyra alþjóða- og fjármálasviði.

Viðskiptavinir

Bankinn hefur sterka stöðu á íslenskum stofnana- og fyrirtækjamarkaði. Flest af stærstu fyrirtækjum landsins eru að öllu leyti eða að hluta í viðskiptum hjá Landsbanka Íslands hf.

Vöru- og þjónustuframboð

Þjónustuframboð Landsbankans gagnvart fyrirtækjum og stofnunum er mjög breitt og spannar alla þætti sem þessir aðilar sækja á fjármagnsmarkað.

Landsbankinn býður fyrirtækjum og stofnunum fjölbreytt úrval innláns- og ávöxtunarforma, sem stuðla eiga að sem mestum sveigjanleika. Auk hefðbundinna tékkareikningsviðskipta má m.a. nefna fyrirtækjaveltuna, sem er peningamarkaðsreikningur, bankavísla Landsbankans, sem bæði eru til staðlaðir og skráðir á Verðbréfaþing Íslands, svo og óstaðlaðir. Þá má nefna peningabréf, svo og sérstök innlán til tiltekins tíma, bæði í krónum og í erlendri mynt.

Landsbankinn býður fyrirtækjum og stofnunum fjölbreytt úrval útlánsforma, til skemmri sem lengri tíma, í krónum og í erlendri mynt. Þar má m.a. nefna reikningslán, yfirdráttarlán, afurðalán, langtímalán, skuldabréfaútböð, verkefnafjármögnun og fasteignafjármögnun.

Landsbankinn býður fyrirtækjum ennfremur ýmsar tegundir veltufjármögnunar, s.s. kaup á viðskiptavíxlum og viðskiptaskuldabréfum, kaup á greiðslukortanótum og raðgreiðslusamningum, svo og kaup á kröfum á traust erlend fyrirtæki í samstarfi við Factors Chain International sem einnig er tengt greiðslufallstryggingum, svo helstu þættirnir séu nefndir.

Þá annast Landsbankinn afleiðuviðskipti og býður viðskiptavinum sínum ýmsar tegundir vilnana, framvirkra samninga og skiptasamninga. Jafnframt hefur Landsbankinn ásamt Landsbréfum hf. verið leiðandi í útgáfu hlutabréfatengdra skuldabréfa hér á landi.

Landsbankinn annast útgáfu og sölu nýs hlutafjár fyrir fyrirtæki, einkavæðingu opinberra fyrirtækja, svo og skráningu hlutabréfa á Verðbréfaþing Íslands. Jafnframt annast Landsbankinn verðmat hlutabréfa í lokuðum félögum, opnun lokaðra félaga, samrunaráðgjöf o.fl.

Landsbankinn veitir fyrirtækjum og stofnunum ýmsa aðra þjónustu, s.s. opnun ábyrgða, innheimtuþjónustu, greiðsluþjónustu, boðlínu o.fl.

Landsbankinn veitir fagfjárfestum viðtæka þjónustu á sviði verðbréfamíðlunar og eignastýringar. Landsbankinn miðlar öllum tegundum verðbréfa, þ.e. skuldabréfum, hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum og erlendum verðbréfum, auk þess að bjóða ýmsa aðra þjónustu. Þar má m.a. nefna fjárvörsluþjónustu og innheimtuþjónustu, auk gjaldeyris- og afleiðuviðskipta.

Dreifing

Dreifing á vörum og þjónustu Landsbankans er í höndum fyrirtækja- og stofnanasviðs Landsbankans og eftir atvikum útibúanna, allt eftir stærð og eðli viðskiptanna.

Stærstu viðskiptavinir sækja þjónustu beint til fyrirtækja- og stofnanasviðs og til útibúanna. Þeir viðskiptavinir sem fá beina þjónustu fyrirtækja- og stofnanasviðs eru u.þ.b. 300 af stærstu fyrirtækjum landsins, stór sveitarfélög, svo og fagfjárfestar. Á fyrirtækja- og stofnanasviði sinna þrjár megineiningar þjónustu við viðskiptavini. Ein þeirra sinnir stærri fyrirtækjum og sveitarfélögum, önnur sinnir fagfjárfestum, en hin þriðja sinnir smærri fyrirtækjum og útibúum Landsbankans. Á sviðinu starfa einnig sérhæfðar einingar á sviði rannsókna og greininga, útgáfustarfsemi, auk lánsþjónustar.

Hvar sem viðskiptavinir sækja þjónustu í dreifikerfi Landsbankans, njóta þeir þjónustu sérdeilda sem veita faglega ráðgjöf á sviði fjármagnsmarkaðar, alþjóðlegrar þjónustu, verðbréfavíðskipta og viðskipta með erlenda gjaldmiðla.

Innlán

Heildarinnlán samstæðu Landsbankans í árslok 1997 að verðbréfaútgáfu meðtalinni, voru 81.937 milljónir kr. og höfðu því hækkað um 6.356 milljónir kr. eða 8,4% frá sama tíma árið 1996. Hinn 30. júní 1998 námu heildarinnlán að verðbréfaútgáfu meðtalinni 85.884 milljónum kr.

Heildarinnlán voru 64.661 milljónir kr. í árslok 1997 og hækkuðu um 2.455 milljónir kr. á árinu eða um 3,9%. Hinn 30. júní 1998 námu heildarinnlán 68.015 milljónum kr. og hafa því hækkað um 5,2% frá áramótum. Í árslok 1997 var kjörbókin sem fyrr stærsta innlánsform Landsbankans jafnvel þótt innlán á Kjörbók hefðu lækkað um 260 milljónir kr. Ástæða þessarar lækkunar er einkum sú að viðskiptavinir Landsbankans hafa undanfarin ár valið að binda fé sitt til lengri tíma. Þannig hækkuðu innlán á Landsbók um 1.834 milljónir kr. Innstæður á 12, 24 og 60 mánaða Landsbókum námu í árslok 1997 12.700 milljónum kr.


Bankinn hefur undanfarin ár lagt áherslu á að hvetja til reglubundins sparnaðar. Í þessu sambandi má nefna að innlánsformið Grunnur hefur verið í miklum vexti. Innlán á Grunni um áramótin voru um 3.086 milljónir kr.


Innlán á gjaldeyrisreikningum hækkuðu um 504 milljónir kr. í 7.096 milljónir kr. Hlutdeild Landsbankans í heildarinnstæðum á gjaldeyrisreikningum banka og sparisjóða var 54% í árslok 1997.

Útlán

Útlán til viðskiptamanna voru 89.065 milljónir kr. í árslok 1997 og höfðu aukist um 9.819 milljónir kr. eða 12,4% frá árslokum 1996. Hinn 30. júní 1998 voru útlán til viðskiptavina 91.162 milljónir kr. og höfðu því aukist um 2,4%. Að viðbættum eignaleigusamningum og fullnustueignum námu heildarútlán 93.723 milljónum kr. og jukust um 10,5% milli ára en um mitt ár 1998 var þessi tala komin í 95.358 milljónir kr. og hafði þá hækkað um 1,7% frá áramótum.

Útlán til sjávarútvegs hækkuðu á árinu 1997 og voru 31.796 milljónir kr. í árslok. Hlutdeild útlána til sjávarútvegs var 36% af heildarútlánnum Landsbankans en var 32% í árslok 1996. Útlán til einstaklinga voru 18.776 milljónir í árslok 1997, sem var hækkun um 2.812 milljónir eða 17,6% á árinu. Hlutdeild útlána til einstaklinga í útlánnum Landsbankans var 21% í árslok 1997 en var 20% árið áður.





Lágvaxtalán

Lágvaxtalán Landsbankans eru 149 talsins að fjárhæð 1.128 milljónir kr. Skipting þeirra er eftirfarandi:

(í milljónum kr.)

	Fjöldi	Vaxtabil	Fjárhæð
Fastir vextir, verðtryggð	104	1,50 – 4,75%	263
Lán til eignarhaldsfélaga Landsbankans, föst og verðtryggð	19	2,00%	828
Fastir vextir, óverðtryggð	29	3,00 – 7,00%	32
Samtals	152		1.123

Ath: Lán til eignarhaldsfélaga Landsbankans flokkast ekki með lánnum til viðskiptavina á efnahagsreikningi. Þau eru færð undir liðnum „Fullnustueignir“. Lán til eignarhaldsfélaganna, Rekstrarfélagsins hf. og Regins hf., verða til með framsali fullnustueigna frá Landsbankanum til eignarhaldsfélaganna. Lágvaxtalán til viðskiptavina samkvæmt framangreindu nema þannig 295 milljónum kr.

Óvaxtaberandi útlán og fullnustueignir.

(í milljónum kr.)

	1994	1995	1996	1997	30.6.1998
Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir	3.324,1	3.013,9	2.516,3	1.588,4	2.036,7
Fullnustueignir	6.146,4	5.566,7	5.571,9	4.627,8	4.472,7
Sérstakur afskriftareikningur útlána	-3.814,1	-3.678,9	-3.257,8	-2.108,0	-2.585
Afskriftarlán að frádregnum sérstökum afskriftum	5.656,4	4.901,7	4.830,4	4.108,2	3.924,4
Önnur vaxtafryst útlán	487,9	714,7	535,9	950,6	564,3
Samtals	6.144,3	5.616,4	5.366,3	5.058,8	4.488,7

Athugasemd: Verulegur hluti af fullnustueignum skilar tekjum. Á árinu 1997 var raunávöxtun Landsbankans af yfirtökueignum um 5%.

HORFUR

Hagnaður fyrstu sex mánaða ársins 1998 var 489,3 milljónir kr. samkvæmt árschlutauppgjöri frá 30. júní 1998. Þetta er töluverð aukning frá hagnaði fyrri ára. Áætlanir bankans í upphafi árs gerðu ráð fyrir ríflega 700 milljón kr. hagnaði á árinu í heild.

Reiknað er með að hagnaður Landsbankans muni aukast á næstu árum, en hér á eftir verður fjallað um mikilvægustu þætti og breytur sem áhrif geta haft á rekstrarafkomu bankans.

Gera má ráð fyrir að áfram verði þrýstingur á að minnka mun á útláns- og innlánsvöxtum þar til vaxtamunur hér á landi verði á þeim nótum sem hann er á öðrum mörkuðum í Evrópu. Munur á innláns- og útlánsvöxtum árið 1997 var 3,65%, en gert er ráð fyrir að á næstu 5 árum muni þessi munur nálgast 3%.

Þá getur þróun þóknunartekna orðið með öðrum hætti en áætlanir gera ráð fyrir, m.a. vegna mikillar samkeppni um eignastýringu og vaxandi eigna á vegum stofnanafjárfesta. Einnig mun tæknileg þróun væntanlega auka samkeppni um tiltekna fjármálaþjónustu, m.a. frá öðrum en þeim sem nú veita fjármálaþjónustu.

Samkvæmt gildandi kjarasamningum við Samband íslenskra bankamanna verða almennar hækkanir á launum allra bankamanna er nema 5,38% og taka þær gildi 1. janúar 1999. Kjarasamningar eru lausir í september 1999.

Á móti koma nokkrir mikilvægir þættir sem gera má ráð fyrir að muni auka hagnað Landsbankans jafnvel þótt vaxtamunur minnki.

Fyrsti þátturinn er kostnaðarhlutfall Landsbankans, en stefnt er að því að ná kostnaðarhlutfalli niður á næstu árum úr, 75%, sem er núverandi kostnaðarhlutfall, niður í 62 – 64% á næstu 4–5 árum og síðan niður fyrir 60% þegar til lengri tíma er litið. Stjórnendur Landsbankans eru að vinna heildaráætlun um lækun kostnaðar, sem mun m.a. taka til kostnaðar höfuðstöðva, útibúa og fjárbindingar í fasteignum og hlutafélögum. Samkvæmt tímaáætlun er gert ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir nú í haust og má gera ráð fyrir fyrstu aðgerðum til lækunar kostnaðar skömmu síðar.

Annar þáttur er vöxtur heildareigna Landsbankans, sem reiknað er með að verði 3–5% á ári umfram verðbólgu næstu 4–5 árin en minnki síðan í 2–3% á ári. Mikill vöxtur er nú í fjárfestingum hér á landi og gert er ráð fyrir því að hann verði viðvarandi a.m.k. næstu árin. Landsbankanum hefur að undanfögnu ekki verið kleift að taka þátt í þessum vexti vegna eiginfjártakmarkana, en nú þegar Landsbankanum hefur verið breytt í hlutafélag og hann getur aflað aukins hlutafjár sem nýtt verður til að styrkja samkeppnisstöðu bankans verður slíkt mögulegt. Landsbankinn mun beina markaðsstarfi sínu að mikilvægustu vaxtarsviðunum.

Þriðji þátturinn er framlög í afskrifareikning útlána, sem gert er ráð fyrir að lækki frá því að vera 1% af heildarútlánum, eins og þau eru nú, og í það að vera 0,75% á næstu 4–5 árum og 0,5% þegar til lengri tíma er litið. Þessu takmarki verður náð með strangari reglum um útlán, sem þegar eru komnar til framkvæmda, og einnig með strangari og virkari reglum um meðferð vanskilalána. Landsbankinn hefur langa reynslu af meðferð vanskilalána, og þeirrar reynslu sér merki í nýjum reglum um útlán og útlánastefnu.

ÁHÆTTUÞÆTTIR

Almennt

Almenn áhætta hlutabréfa

Fjárfesting í hlutabréfum er að jafnaði arðsamari en fjárfesting í skuldabréfum þegar til lengri tíma er litið og kemur ávöxtunin fram með tvennum hætti. Í fyrsta lagi birtist hún sem breyting á verði eða gengi viðkomandi hlutabréfs og í öðru lagi geta eigendur margra hlutafélaga átt von á að fá greiddan arð af hlutabréfaeign sinni.

Hins vegar ber að hafa það í huga að hlutabréf eru að öllu jöfnu áhættusamari en skuldabréf. Sú áhætta er einkum fólgin í því að verð hlutabréfa sveiflast meira en verð skuldabréfa. Með því að dreifa hlutabréfaeign með kaupum á mörgum ólíkum fyrirtækjum er hægt að draga verulega úr þeirri áhættu sem tengd er einstökum hlutafélögum. Hins vegar eru ýmsir áhættuþættir sem snerta markaðinn í heild, s.s. almennar vaxtahækkningar, gengi gjaldmiðla, pólitísk áhætta og efnahagshorfur, sem verða eftir sem áður fyrir hendi.

Hér að neðan er athygli fjárfesta vakin á nokkrum áhættuþáttum sem tengjast kaupum á hlutabréfum. Þessari upptalningu er engan veginn ætlað að vera tæmandi og aðrir þættir geta haft áhrif á fjárfestingu í hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf.

Ráðandi hluthafar

Svo sem kunnugt er á ríkissjóður allt hlutafé í Landsbankanum fyrir útboðið, en eftir að útboði lýkur er gert ráð fyrir að um 85% hlutafjár verði í eigu ríkissjóðs. Viðskiptaráðherra fer með hlut ríkissjóðs í Landsbankanum. Ljóst er að þetta stór eignarhlutur veitir eiganda ráðandi stöðu á hluthafafundum, þ.m.t. varðandi kjör til bankaráðs Landsbankans.

Svo sem áður er getið er mögulegt að af einhvers konar samstarfi við erlent fjármálafyrirtæki geti orðið og þá mögulega með eignaraðild slíks fyrirtækis að Landsbankanum, en að bankinn verði áfram að meginhluta til í dreifðri eign almennings og fagfjárfesta. Stefna ríkisstjórnar að þessu leyti er þó enn í mótun.

Viðskipti á nýjum sviðum

Stefna bankans er að veita alhliða fjármálaþjónustu og er því nauðsynlegt að hefja starfsemi á nýjum sviðum. Stjórnendur Landsbankans telja að slík stefna muni skila bankanum vexti og auknum hagnaði, en ljóst er að bankinn kann að hefja sókn inn á nýja markaði sem eru frábrugðnir hefðbundnum mörkuðum viðskiptabanka og getur slík sókn haft í för með sér aukna áhættu fyrir bankann. Áréttað er að hér er um stefnu að ræða og engin trygging er fyrir því að Landsbankinn hefji sókn inn á nýja markaði eða að sókn inn á einn eða fleiri nýja markaði hafi ekki neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu bankans.

Rekstraráhætta – aukin samkeppni

Landsbankinn starfar í fjármálaumhverfi sem er háð verulegum breytingum. Þessar breytingar munu fela í sér mikilvæg sóknarfæri, en jafnframt mun aukin samkeppni á fjármálamarkaði og tækniþróun leiða til þrýstings á tekjumyndun bankakerfisins í heild. Rekstraráhætta Landsbankans felst m.a. í eftirfarandi:

- Sókn á nýja markaði og tækniþróun kunna að hafa neikvæð áhrif á afkomu Landsbankans.
- Aukin samkeppni á fjármálamarkaði, m.a. frá aðilum sem ekki stunda fjármálastarfsemi nú, kann að leiða til aukins þrýstings á vaxtamun og þóknunartekjur umfram það sem áætlanir Landsbankans miðast við og hafa neikvæð áhrif á rekstrarforsendur bankans.
- Ytri aðstæður, m.a. almenn verðlags- og gengisþróun, svo og þróun hagvaxtar, mun hafa veruleg áhrif á rekstrarmarkmið og arðsemi Landsbankans.

Rekstraröryggi tölvukerfa

Stór hluti af daglegri vinnslu tölvukerfa Landsbankans fer fram hjá Reiknistofu bankanna og reiðir Landsbankinn sig að miklu leyti á að rekstraröryggi þar sé tryggt. Reiknistofa bankanna leggur mikið upp úr öryggismálum og kappkostar að tryggja óskertan aðgang að mikilvægum kerfum. Meðal þess sem nú er horft til er uppsetning varavinnslukerfis sem yrði væntanlega staðsett fjarri aðalkerfinu í öryggisskyni. Þar yrði sérstök megintölva, sem annað getur mikilvægustu verkefnum ef aðalvélasalur og tölvubúnaður Reiknistofu bankanna verður fyrir skakkaföllum.

Upplýsingavinnsla Landsbankans vinnur einnig stöðugt að endurbótum á öryggismálum eigin tölvubúnaðar bankans með uppsetningu varabúnaðar sem sjálfvirkt tekur við ef aðalbúnaður bilar, varaleiða í netkerfi, sérstökum þjónustusamningum vegna lykilbúnaðar og auknu fyrirbyggjandi eftirliti.

Ekki eru þó öll þau mál sem snerta rekstraröryggi svo stórs og dreifðs banka eins og Landsbankans á hans eigin hendi. Þannig verður bankinn í ýmsum efnum að treysta á þjónustu utanaðkomandi aðila. Bilanir í kerfum Landssímans hf. geta meðal annars haft í för með sér alvarlegar afleiðingar á rekstur bankans og Reiknistofu bankanna, en reynt er að draga úr þeirri áhættu með eins góðum varaleiðum og kostur er, auk þess sem reynt er að taka tillit til slíkra mála við hönnun og uppsetningu hugbúnaðarkerfa.

Þá kunna náttúruhamfarir einnig að ógna rekstraröryggi, en reynt er að takmarka þá áhættu með því að tryggja sem best öryggi miðlægs búnaðar, staðsetningu hans og dreifingu milli áhættusvæða. Aldrei er þó hægt að koma alfarið í veg fyrir rekstrartruflanir af völdum óvæntra atvika.

Vátryggingar

Bankinn er með allar lögboðnar tryggingar, svo sem brunatryggingar, og tryggingar samkvæmt kjara-samningum bankamanna, svo sem slysatryggingar. Til viðbótar þessum tryggingum hefur bankinn tekið frjálsa ábyrgðartryggingu vegna skaðabótakrafna frá þriðja aðila og lausafjártryggingu fyrir fjórar stærstu eignir bankans. Bankinn tekur einnig aðrar sérhæfðar tryggingar, svo sem vegna peningaflutninga, eftir því hvaða hagsmunir eru í húfi. Bankinn er ekki með viðbótartryggingar á fasteignum umfram brunatryggingar.

Áhættustýring

Útlánaáhætta

Stýring útlánaáhættu er mikilvægur þáttur í stjórnun Landsbankans og hluti af samfelldu ferli sem snýr að samsetningu útlána og lánveitingum. Yfirumsjón útlánamála er í höndum bankastjóra og tveggja lánanefnda.

Bankastjóri, með samþykki bankaráðs, ákvarðar útlánareglur og staðla, þ.á.m. hámark skuldbindinga einstakra viðskiptavina og tengdra aðila, og framselur útlánaheimildir til framkvæmdastjóra, svæðisstjóra og útibússtjóra. Aðalankastjóri gerir bankaráði jafnframt grein fyrir gæðum útlána, útlánaáhættu, vaxtaáhættu, vandamáluútlánnum og útlánastefnu. Lánanefndir bera ábyrgð á lánastarfseminni sbr. kafla um nefndir Landsbankans.

Áhættustýring og útlánaeftirlit metur útlánaáhættu bankans og fylgist með því að farið sé eftir útlána-reglum Landsbankans, hefur eftirlit með því að mat á lánsbeiðnum sé í samræmi við kröfur Landsbankans, að eftirlit með útlánnum sé í lagi og ber ábyrgð á skilvirkni mats á útlánnum.

Framlög á afskriftareikning útlána

Við ákvörðun framlaga á afskriftareikning útlána er stuðst við mat á einstökum málum, sem fela í sér útlánaáhættu og almennt mat á áhættu Landsbankans. Bankastjóri ákveður þá fjárhæð, sem talið er að nauðsynlegt sé að leggja til hliðar til að afskriftasjóður sé nægjanlega traustur. Við mat á útlánaáhættu er tekið tillit til afskrifta, breytinga á gæðum útlána, stöðu vaxtafrystra lána og kaupleigusamninga. Jafnframt er tekið tillit til rekstrarumhverfis, breytinga á stærðum útlánaáhættu auk annarra þátta sem áhrif hafa á matið. Afskriftasjóður skiptist í almenn og sérstök framlög og kemur til frádráttar á fjárhæð útlána og fullnustueigna í efnahagsreikningi. Afskriftasjóðurinn er nýttur til að mæta endanlegum afskriftum í framtíðinni. Sérstök afskriftaframlög eru á móti útlánnum til einstakra aðila sem taldir eru í sérstakri áhættu vegna slæmrrar fjárhagsstöðu eða þegar mat liggur fyrir um erfiðleika við innheimtu. Endanlegar afskriftir eru færðar þegar ljóst er að útlán tapast og tillit hefur verið tekið til fjárhagsstöðu og trygginga vegna útlána.

Sérstök afskriftaframlög

Sérstök afskriftaframlög eru færð á afskriftasjóð vegna áhættu útlána til viðskiptamanna sem taldir eru í sérstakri útlánaáhættu. Tekið er mið af vanskilum, greiðslustöðvun, gjaldþrotabeiðnum eða öðrum áhættuþáttum þegar greiðslugeta og fjárhagsleg staða hefur versnað. Þegar vanskil á lánum vara lengur en í 6 mánuði eru lán til viðkomandi lánþega talin í hættu. Þegar lánþegi er talinn vera með lán í útlánaáhættu fer fram mat á eftirfarandi:

- Vaxtafrystingu
- Bakfærslu vaxta og þóknana
- Sérstökum framlögum

Fjárhæð sérstakra framlaga er metin út frá heildarskuldbindingum viðkomandi og verðmæti trygginga eða fjárstreymi þeirra trygginga sem Landsbankinn hefur.

Almenn afskriftaframlög

Almennum afskriftaframlögum er ætlað að mæta væntanlegum útlánatöpum öðrum en þeim sem sérstakt afskriftaframlag hefur verið fært vegna. Mat á almennum afskriftaframlögum tekur tillit til útlánaáhættu atvinnugreina og viðskiptamannahópa. Jafnframt taka almenn framlög til áhættu vegna viðskiptamanna sem taldir eru áhættubundnir án þess að sérstök framlög hafi verið færð vegna þeirra. Almenn framlög eru jafnframt byggð á grundvelli reynslu af taphættu og efnahagsumhverfi.

Afskriftaframlög og endanlegar afskriftir

Afskriftaframlög Landsbankans voru hæst á árunum 1992–1994 eða 4.067 milljónir kr. 1992 og rúmlega 2.100 milljónir kr. 1993 og 1994. Endanlegar afskriftir hafa hins vegar verið jafnari frá 1993 til 1997 eða á bilinu 1.854 milljónir kr. til 2.492 milljónir kr. Tekjufærð áður afskrifuð útlán námu 541 milljón kr. 1997 en voru á bilinu 22–134 milljónir kr. á árunum 1992 til 1996. Afskriftasjóður sem hlutfall af útlánum og veittum ábyrgðum var 2,6% 1997 en hæst var hlutfallið 1992 eða 5,9%.

Fjárhæðir í milljónum kr.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	6/98	Samtals
Afskriftaframlög	1.418	1.000	4.067	2.115	2.131	1.500	1.300	1.013	450	14.981
Endanlegar afskriftir	79	1.141	1.373	2.322	2.492	1.935	1.854	2.039	0	13.235
Innkomin áður afskrifuð útlán	0	0	37	22	44	134	63	541	22	841
Lán til viðskiptamanna		77.543	84.416	88.299	92.558	80.625	81.102	82.973	91.753	94.300
Afskriftareikningur í lok árs		2.700	2.595	5.347	5.140	4.715	4.280	3.727	2.688	3.138
Afskriftareikningur sem % af útlánum	3,2	2,9	5,9	5,4	5,5	4,8	4,1	2,6	3,3	

Afskriftareikningur útlána

Afskriftareikningur útlána þann 30. júní 1998 var 3.138 milljónir kr. eða 3% af útlánnum og veittum ábyrgðum. Á fyrstu 6 mánuðum ársins voru lagðar 450 milljónir kr. í sjóðinn en ekki hafa verið færð endanlega afskrifuð útlán á fyrstu sex mánuðum ársins.

Í milljónum kr.

	Staða
Sérstök framlög 31.12. 1997	2.108
Almenn framlög 31.12. 1997	580
Framlög í sjóðinn 1.1. – 30.6. 1998	450
Staða 30.6. 1998	<u>3.138</u>

Afskriftasjóður greindur á atvinnugreinar 30. júní 1998

Áætluð taphætta leggur grunn að samsetningu afskriftasjóðs Landsbankans. Hæst fjárhæð er vegna almennra framlaga, 852 milljónir kr., en almennu framlögin eru til að mæta almennri áhættu útlána Landsbankans og eru ekki sundliðuð á einstök mál. Næsthæst eru framlög vegna lána til einstaklinga eða 516 milljónir kr., þá vegna fullnustueigna 331 milljónir kr., vegna lána til iðnaðar 238 milljónir kr. og 230 milljónir kr. vegna lána til kaupfélaga.

Fjárhæðir í milljónum kr.

Afskriftasjóður útlána	30. júní 1998
Almenn framlög	852
Fullnustueignir	331
Einstaklingar	516
Fiskeldi	77
Iðnaður	238
Kaupfélög	230
Landbúnaður	68
Loðdýrarækt	81
Flutningastarfsemi	15
Sjávarútvegur	159
Verktakar	195
Verslun	204
Þjónusta	164
Aðrir	7
Samtals	<u>3.138</u>

Þróun vanskila

Vanskil hafa minnkað verulega á síðastliðnum árum eða úr 13,9% af útlánnum á árinu 1993 í 4,5% um síðastliðin áramót, en voru 5,5% 30. júní 1998. Þessa lækkun má rekja til bata í efnahagslífinu og markvissari útlánastefnu Landsbankans. Í Landsbankanum hefur verið lögð mikil vinna í að minnka vanskil og leysa úr erfiðum útlánamálum á undanförunum árum. Landsbankinn hefur breytt verulega sinni útlánastarfsemi á þessu tímabili og sett markvissari og þrengri útlánareglur. Á móti þeim miklu vanskilum sem voru á árunum 1992-1995 voru einnig há framlög í afskriftareikning útlána sem hefur lækkað að sama skapi þegar endanlegar afskriftir hafa verið færðar á reikninginn. Vegna árstíðabundinnar sveiflu í vanskilum útlána eru vanskil hærrí þann 30. júní 1998 en í ársbyrjun. Hækkunina má að hluta skýra með hækkun vanskila einstakra stærri viðskiptamanna. Þessi hækkun er ekki talin hafa áhrif á gæði útlána bankans. Jafnframt teljast með í vanskilum dráttarvextir af vaxtafrystum lánnum sem ekki eru tekjufærð í bókum bankans. Hækkun vanskila vegna þeirra lána er um 200 m.kr.

Þróun vanskila 1992-1998 (allar tegundir lánsforma)- hlutfall af árslokastöðu útlána nema 1998:

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	30/06/98
Heildarvanskil	12,3	13,9	12,5	10,2	7,3	4,5	5,5
Yngri en 31 dags	5,1	3,5	2,2	1,7	0,7	1,2	1,6
Eldri en 30 daga	7,2	10,4	10,3	8,5	6,6	3,3	3,9
Eldri en 12 mánaða	5,5	6,1	6,9	5,6	3,7	1,9	1,9

Stórar áhættuskuldbindingar

Viðskiptamenn eru skilgreindir með stórar áhættuskuldbindingar þegar heildar skuldbindingar þeirra fara yfir 10% af eigin fé Landsbankans skv. skilgreiningu laga. Stjórnendur Landsbankans fylgjast sérstaklega með lánnum til stórra aðila. Bankaráð fær reglulega upplýsingar um stöðu þeirra. Þann 30. júní 1998 féllu 12 viðskiptamenn undir þessa skilgreiningu með áhættuskuldbindingar að fjárhæð 22.535 milljónir kr. eða 256,5 % af eigin fé Landsbankans. Heildaráhættuskuldbindingar allra þeirra aðila sem eru umfram 10% af eigin fé bankans mega ekki fara yfir 800% af eigin fé bankans.

Hámark heildarskuldbindinga

Hámark heildarskuldbindinga til einstakrar fyrirtækjasamstæðu samkvæmt reglum er 25% af eigin fé bankans fyrir 1. janúar 2001 (fer stíglækkandi úr 40% árið 1997).

Stjórnun lána til einstakra atvinnugreina

Öll útlán Landsbankans eru flokkuð eftir atvinnugreinum, fylgst er með útlánnum til einstakra atvinnugreina og gerð grein fyrir þeim af áhættustýringu. Stjórnendur Landsbankans hafa þannig yfirsýn yfir stöðu lána til atvinnugreina á hverjum tíma. Bankastjóri setur hámark skuldbindinga einstakra atvinnugreina á hverjum tíma með tilliti til stöðu atvinnugreina. Þegar hámarki skuldbindinga vegna ákveðinnar atvinnugreinar er náð er frekari lánveitingum hafnað og/eða nýir aðilar í viðkomandi grein ekki teknir í viðskipti. Útlán til einstakra atvinnugreina eru lækkuð með því að hafna lánsbeiðnum frá núverandi og nýjum viðskiptavinum og með sölu útlána til annarra lánastofnana. Á árunum 1989-1991 voru lánveitingar til fiskeldis og loðdýraræktar stöðvaðar vegna versnandi stöðu atvinnugreinanna. Á árunum 1992-1993 setti Landsbankinn takmarkanir við nýjum lánveitingum til sjávarútvegs á meðan lánveitingar til annarra atvinnugreina voru án sérstakra takmarkana. Á árunum 1992-1995 var fylgt mjög varfærinni útlánastefnu gagnvart byggingarverktökum þar sem sú atvinnugrein varð illa úti í kreppunni 1991-1993 og var lengur að ná fjárhagslegum styrk en aðrar atvinnugreinar.

Fullnustueignir

Þann 30. júní 1998 var bókfært verð fullnustueigna 3.924,4 milljónir kr., sem skiptist þannig: atvinnu- og íbúðarhúsnæði 3.057,4 milljónir kr., ýmis áhöld, vélar og tæki 50,6 milljónir kr. og veltuhlutabréf og aðrir eignahlutir 816,4 milljónir kr. Af 3.057,4 milljónum kr. í fasteignum eru 2.381,7 milljónir kr. í fasteignum í útleigu og fasteignir að fjárhæð 51,4 milljónir kr. eru í notkun hjá Landsbankanum. Af fasteignum í útleigu eru Holtagarðar í Reykjavík áberandi stærstir, en leigutakar eru ýmis traust fyrirtæki. Stjórnendur Landsbankans telja að markaðsverð annarra eignahluta sé umfram bókfærða stöðu þeirra. Stefna Landsbankans hefur miðast við að hluti fullnustueigna væri í rekstri í lengri tíma og þær seldar þegar markaðsaðstæður væru hagstæðar. Rekstrarfélagið hf. og Reginn hf. hafa haft umsjón með fullnustueignum bankans. Þegar eignir eru færðar frá Landsbankanum til félaganna er bókfært verð þeirra áætlað markaðsverð að frádregnum 15% til að mæta kostnaði við sölu eignanna.

Ábyrgðir

Þann 30. júní 1998 voru ábyrgðir utan efnahagsreiknings 8.167,8 milljónir kr.

Ábyrgðir og innflutningsábyrgðir 1993-1998:

	1993	1994	1995	1996	1997	30.6.1998
Í milljónum kr.	4.932	4.425	4.523	5.684	8.050	8.168

Gæði útlána

Stjórnendur Landsbankans eru á þeirri skoðun að gæði útlána hafi aukist verulega á síðastliðnum árum og að lagt hafi verið hæfilega í afskriftasjóð vegna áhættusamra útlána. Jákvæð þróun ræðst að mestu af eftirfarandi:

- Jákvæðri efnahagslegri þróun sem hófst 1993.
- Áframhaldandi hagvexti.
- Markvissu innheimtustarfi og úrvinnslu vandamáluútlána.
- Markvissari og þrengri útlánareglum.

Markaðsáhætta

Áhættustýring annarra eigna og skulda

Stefnumótandi ákvarðanir er varða eigna- og skuldastýringu eru teknar af fjármálanefnd Landsbankans. Markmið Landsbankans í eigna- og skuldastýringu er að tryggja nauðsynlega fjármögnun á hagstæðum kjörum jafnframt því að lausafjárahætta, vaxtaáhætta, hlutfajárahætta og gengisáhætta Landsbankans sé innan þeirra marka sem fjármálanefnd hefur ákveðið.

Dagleg stjórn markaðsáhattu er á ábyrgð markaðsviðskipta. Áhættustýring Landsbankans fylgist jafnframt með að reglum um heimildir og stöðutökur sé framfylgt. Með þessum hætti tryggir Landsbankinn virka stjórn á efnahagsreikningi sínum og takmarkar áhættu.

Lausafjárahætta

Landsbankinn byggir starfsemi sína á traustum innlánagrunni. Breiður viðskiptamannahópur Landsbankans og afgerandi hlutverk hans í greiðslumiðlun valda því að hlutfall skammtímainnlána er hátt. Í apríl sl. námu innlán 54% af heildarfjármagni Landsbankans. Af þessum innlánum námu veltiinnlán 74%. Þrátt fyrir að vera laus til ráðstöfunar hefur stór hluti þessara innlana reynst mjög stöðugur en hlutdeild innlana í heild hefur farið lækkandi úr 59% á árinu 1995 í 52% um síðustu áramót. Hér er um að ræða alþjóðlega þróun þar sem vaxandi hluti innlánsviðskipta færir í önnur form á verðbréfamarkaði og í verðbréfasjóði.

Landsbankinn ávaxtar lausafé sitt fyrst og fremst á millibankamarkaði, í ríkisvixlum og öðrum ríkisskuldabréfum. Þann 30. júní 1998 nam sá hluti skuldabréfaeignar Landsbankans sem tilheyrir veltubók um 12,7 milljörðum kr. (aðallega ríkisskuldabréf), sem var ríflega 9,5% af heildareignum. Ríkisvixla og ríkisskuldabréfum.

bréf í íslenskum krónum er mögulegt að nota í endurkaupviðskiptum við Seðlabanka en þau viðskipti eru jafnframt mikilvægur hluti af lausafjárstjórn og öflun skammtímafjár.

Markaðsviðskipti og fjárreiðudeild Landsbankans stjórna og samræma aðgerðir í lausafjárstýringu. Lausafjárstýring felur í sér að lagfæra ójafnvægi sem kann að skapast milli tímalengda innlána annars vegar og útlána og annarrar fjármögnunar hins vegar.

Vaxtaáhætta

Vaxtabreytingar hafa áhrif á verðmæti eigna og skulda með föstum vöxtum. Vaxtaáhættan er mæld reglulega af áhættustýringu með því að meta áhrif á verðmæti eigna og skulda af 1% vaxtabreytingu háð líftíma.

Vaxtaáhætta Landsbankans (að frátaldri vaxtaáhættu markaðsskuldabréfa,) hefur verið metin 50 milljónir kr. fyrir hvert prósentustig í hækkun vaxta, en sami ávinningur er af lækkun vaxta.

Markaðsskuldabréf samstæðu Landsbankans miðað við 30. júní 1998 (á bókfærðu verði):

Markaðsskuldabréfasafn	M.kr	
Veltubók	12.726	89,7%
– ríkistryggt	12.269	96,4%
– skráð á VPÍ	12.654	99,4%
Fjárfestingarbók	1.457	10,3%
– ríkistryggt	1.457	100,0%
– skráð á VPÍ	1.436	98,6%
Skuldabréfaeign samtals	14.183	100,0%

Vaxtaáhætta af safni markaðsskuldabréfa er metin sérstaklega og eru mörk heildaráhættu safnsins sett af fjármálanefnd, sem ákvarðar einnig viðskiptaheimildir fyrir hlutabréfa-, gjaldeyris- og afleiðuviðskipti.

Eftirlit með heildaráhættu markaðsskuldabréfa er hjá áhættustýringu en dagleg ábyrgð er hjá markaðsviðskiptum Landsbankans.

Verðbólguáhætta

Samkvæmt árshlutauppgjöri Landsbankans 30. júní 1998 voru verðtryggðar eignir umfram verðtryggðar skuldir að fjárhæð 12.457 milljónir kr. Á móti kemur að stór hluti eigna og skulda eru með breytilegum vöxtum og getur bankinn stýrt stöðu sinni með breytingu óverðtryggðra vaxta sem taka m.a. mið af verðbólgu og verðbólguvæntingum.

Hlutabréfaáhætta

Landsbankinn hefur takmarkað mjög áhættu sína af hlutabréfaeign. Hlutabréfasafn Landsbankans er samansett annars vegar af veltubókarhluta og hins vegar fjárfestingarbókarhluta. Þann 30. júní nam veltubókarhlutinn 445 milljónum kr. á markaðsverði. Fjárfestingarbókarhlutinn nam 1.444 milljónum kr., á bókfærðu verði, sem samanstendur m.a. af hlutabréfakaupum Landsbankans sjálfs vegna eigin starfsemi eða skyldrar starfsemi.

Fjármálanefnd fer reglulega yfir hlutabréfasafnið, en dagleg ábyrgð á veltubókarhluta þess er hjá markaðsviðskiptum Landsbankans.

Gengisáhætta

Seðlabankinn setur aðilum á gjaldeyrismarkaði reglur um hámarksstöðu í erlendum gjaldeyri. Markaðs-aðilar mega að hámarki hafa opna gjaldeyrisstöðu sem nemur 30% af eigin fé og víkjandi lánum. Opin staða í hverjum gjaldmiðli má að hámarki vera 15% nema 20% í USD. Þessi mörk takmarka gengisáhættu Landsbankans í heild. Strangari viðskiptaheimildir eru ákvarðaðar af fjármálanefnd. Stýring á heildargjald-eyrisstöðu getur þó falið í sér mun þrengri mörk og íhaldssamari stöðutöku en hér er lýst, t.d. yfir helgi, til að lágmarka mesta mögulega tap af óhagstæðum sviptingum á gjaldeyrismarkaði.

Afleiður

Afleiður eru fyrst og fremst notaðar til að uppfylla þarfir viðskiptavina Landsbankans. Auk þess geta þær verið notaðar til að stýra eigin áhættu Landsbankans eða í beinum viðskiptatilgangi samkvæmt almennum heimildum sem gefnar eru af fjármálanefnd. Um er að ræða framvirka samninga, skiptasamninga og valréttarsamninga (vilnanir).

Hér fyrir neðan eru nafnfjárhæðir framvirkra- og skiptasamninga utan efnahagsreiknings hinn 30. júní 1998:

Milljónir kr.	Framvirkir	Skiptasamn.
Eignir í ISK	3.790	400
Eignir í erl. gjaldm.	12.946	1.491
Skuldbindingar í ISK	5.159	675
Skuldbindingar í erl. gjaldm.	11.577	1.236

Nettó delta virði valréttarsamninga í íslenskum krónum utan efnahagsreiknings hinn 30. júní 1998 var 50,4 milljónir kr. Tekið er tillit til delta virðis valréttarsamninga í gjaldeyrisjöfnuði bankans.

Verðmat skuldabréfa

Markaðsverðbréf í veltubók eru metin á markaðsverði við lok viðskiptadags á uppgjörstími á VPÍ. Í þeim tilfellum sem skráð markaðsverðmæti á VPÍ er talið hærra en raunvirði á uppgjörstími eru viðkomandi verðbréf færð niður til áætlaðs raunvirðis á uppgjörstími. Þann 30. júní 1998 skiptist skuldabréfa- og hlutabréfasafn Landsbankans með eftirfarandi hætti í veltubók og fjárfestingarbók: (Milljónir kr.)

	Veltubók	Fjárfestingarbók	Samtals
Skuldabréfasafn	12.726	1.457	14.183
Hlutabréfasafn	445	1.444	1.889

Fjárfestingarbókarhluti skuldabréfasafnsins var samansettur annarsvegar úr 21 milljón kr. í óskráðum skuldabréfum sem bera tiltekna fasta ávöxtunarkröfu en hinsvegar úr 1.436 milljónum kr. í ríkistryggðum bréfum sem skráð eru á VPÍ en hafa ekki stöðugt markaðsverð. Sá hluti skuldabréfasafnsins er vanmetinn um u.þ.b. 4% miðað við staðgreiðsluverð á markaði.

Fjárfestingarbókarhluti hlutabréfasafnsins samanstendur nær eingöngu af óskráðum hlutabréfum, þ.m.t. eru hlutabréf í VÍS og LÍFÍS sem bókfærð eru á kostnaðarverði, eða 1.104 milljónir kr. Í ágúst 1998 breyttist bókhaldsleg meðferð eignarhluta í VÍS og LÍFÍS. Á þeim tíma jók Landsbankinn hlutafjáreign sína í félögunum yfir 20% sem þýðir að farið verður með VÍS og LÍFÍS sem hlutdeildarfélög í samstæðuuppgjöri Landsbanka Íslands hf.

Veltubókarhluti hlutabréfasafnsins er metinn á markaðsverði.

Erlendur gjaldeyrir er metinn á opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands.

ÝMISLEGT

Málaferli

Af hálfu Landsbankans eru ekki rekin nein dómsmál eða fyrirhuguð nema hefðbundin innheimtumál vegna útlána og ábyrgða. Þau innheimtumál sem nú eru fyrir dómstólum eru öll minniháttar og tilheyra reglulegri starfsemi Landsbankans.

Í fjórum tilvikum hafa fyrrverandi starfsmenn Landsbanka Íslands haft uppi fjárkröfur vegna starfsloka sinna, en þeim kröfum hefur verið hafnað af hálfu Landsbankans. Miðað við ákvæði gildandi laga, þ.e. lög nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, verður ekki séð að dómur sem tækju kröfur þessara fyrrverandi starfsmanna til greina að einhverju leyti hafi almennt fordæmisgildi sem geti leitt til frekari málaferla frá öðrum starfsmönnum Landsbankans.

Opinber rannsókn vegna Lindar hf., fyrrum dótturfyrirtækis Landsbankans, beinist ekki að bankanum sjálfum. Sama á því við um hugsanleg málaferli vegna taps félagsins á fyrri árum.

Kröfur á hendur dótturfyrirtækjum Landsbankans eru minniháttar og teljast til venjulegrar starfsemi þeirra.

Skattar

Ágreiningur í skattamálum

Skattayfirvöld úrskurðuðu í árslok 1997 að Landsbanka Íslands bæri að greiða 108 milljónir kr. í viðbótarskatta vegna árána 1995 og 1996. Málið varðar frádráttarbærni reiknaðra lífeyrisskuldbindinga, en Landsbankinn greiddi skuldbindinguna í árslok 1997. Landsbankinn kærði úrskurðinn til yfirsattanefndar í janúar 1998 og hefur ekki fært álagninguna til gjalda í rekstrarreikningi. Gert er ráð fyrir að úrskurður yfirsattanefndar falli fyrir lok árs 1998.

Ef úrskurður yfirsattanefndar fellur Landsbankanum í óhag verða áhrifin eftirfarandi:

- Bankinn þarf að færa til gjalda sem viðbótareignarskatt 108 milljónir kr.
- Yfirfæranlegt tap bankans hækkar um 240 milljónir kr.
- Bankinn getur nýtt 930 milljóna kr. tap 5 árum lengur, þ.e. til 2005 í stað 2000.
- Heildaráhrif af því ef niðurstaða verður bankanum í óhag eru því óveruleg.

Engin önnur kunn ágreiningsmál eru uppi við skattayfirvöld.

Yfirfæranlegt tap

- Samkvæmt skattalögum má nýta tap á næstu átta árum eftir að það myndast.
- Í árslok 1997 nam yfirfæranlegt tap bankans 2.895 milljónum kr. og verður að nýta 2.827 milljónir kr. fyrir árslok 2000, en 68 milljónir kr. fyrir árslok 2002.
- Falli úrskurður yfirsattanefndar bankanum í óhag nemur yfirfæranlegt tap í árslok 1997 um 3.135 milljónum kr. og verður að nýta 2.137 milljónir kr. fyrir árslok 2000, 68 milljónir kr. fyrir árslok 2002 og 930 milljónir kr. fyrir árslok 2005.

Skattamál í framtíð

- Á móti yfirfæranlegu tapi að fjárhæð 2.895 milljónir kr. í árslok 1997 hvílir skattskuldbinding að fjárhæð 1.200 milljónir kr. á bankanum vegna mismunar á skattalegu og bókfærðu verði varanlegra rekstrarfjármuna og eignahluta í öðrum félögum. Þegar búið er að nýta 1.600 – 1.700 milljónir kr. af yfirfæranlegu tapi bankans fer að reiknast tekjuskattur og skattskuldbinding í bókum bankans.
- Eignaumsýslufélög bankans áttu í árslok 1997 537 milljóna kr. yfirtæranlegt tap. Ekki liggur ljóst fyrir hvernig unnt er að nýta það tap í þágu Landsbankans.
- Eignarskattsstofn lækkar vegna tilkomu hlutafjár 1. janúar 1998 og vegna hlutafjárhækkunar nú.
- Eignarskattsstofn lækkar jafnframt vegna kaupa á hlutabréfum í VÍS. Ekki er gert ráð fyrir að bankinn greiði eða reikni eignarskatt í rekstrarreikningi á næstu 5 árum.

Skatthlutfall á næstu árum.

- Tekjuskattshlutfall lækkar úr 33% í 30% frá og með rekstrarárinu 1998.
- Gert er ráð fyrir að eignarskattshlutfall haldist óbreytt 1,45% af hreinni skattskyldri eign.

Evra, kostnaðar- og fjárfestingaráætlun

Starfshópar á alþjóða- og fjármálasviði eru að vinna að áætlunum um viðbrögð við tilkomu evrunnar. Hóparnir eru að fara yfir tengsl Landsbankans við aðra banka í Evrópu, greiðslumiðlun, viðskiptaáætlanir fram að og eftir 1. janúar 1999 og áhrif evrunnar á gjaldeyrisáhættustjórnun Landsbankans.

Talið er að tilkoma evrunnar hafi óveruleg áhrif á tölvukerfi Landsbankans þó svo minniháttar aðlögunar kunni að vera þörf.

Landsbankinn verður í stakk búinn til þess að stunda greiðsluskipti og eiga viðskipti með evru frá 1. janúar 1999. Landsbankinn býður nú fjárfestingar og sparnað í ECU og mun gera hið sama í evru frá 1. janúar 1999, þegar ECU reikningum verður breytt í evrureikninga.

Íslenska krónan er körfumynt þar sem myntir í körfunni eru vegnar á grundvelli erlendra viðskipta. Seðlabanki Íslands breytir innbyrðis vægi körfunnar að jafnaði einu sinni á ári til þess að taka mið af breytingum í erlendum viðskiptum. Myntkarfan er notuð sem viðmiðun til að ákvarða gengi. Stefna Seðlabankans til meðallangs tíma er að halda genginu stöðugu mælt með gengiskörfunni. Seðlabankinn mun áfram halda uppi sjálfstæðri peningastefnu og hefur ekki kynnt neinar áætlanir um að breyta viðmiðun sinni. Um þessar mundir er vægi evrusvæðisins um einn þriðji af gengiskörfunni. Til langs tíma gætu tengslin milli krónunnar og evrunnar breyst, einkum ef Bretar, Danir og Svíar taka upp evruna.

Breytingin yfir í evruna mun einfalda stjórnun gjaldeyrisáhattu, þar sem færri myntir verða í myntkörfu krónunnar eftir 1. janúar 1999. Í dag eru 16 myntir í körfunni, þar af átta myntir landa innan evrusvæðisins. Ekki eru mikil viðskipti í smærri myntum evrusvæðisins, þannig að dýrara hefur verið að eiga viðskipti með þær og verja þær myntir. Allir íslensku bankarnir eru viðskiptavakar fyrir bandaríkjadal/krónu á milli-bankamarkaði. Eftir 1. janúar 1999 verður evran líkast til önnur myntin sem bankarnir hafa viðskiptavakt með og því verður markaður með evruna væntanlega mjög virkur.

BANKARÁÐ OG HELSTU STJÓRNENDUR

Bankaráð, bankastjóri og framkvæmdastjórar

Nafn	Kennitala	Heimilisfang	Staður
Helgi S. Guðmundsson, formaður	291248-7569	Dísarás 14	110 Reykjavík
Kjartan Gunnarsson, varaformaður	041051-7019	Starhagi 4	107 Reykjavík
Anna Margrét Guðmundsdóttir	230957-5339	Elliðavellir 16	230 Keflavík
Birgir Þór Runólfsson	050862-6589	Sólvallagata 18	230 Keflavík
Guðbjartur Hannesson	030650-3609	Suðurgata 78	300 Akranes

Bankastjóri og framkvæmdastjórn

Nafn	Kennitala	Heimilisfang	Staður
Bankastjóri Halldór J. Kristjánsson	130155-4569	Krókamýri 6	210 Garðabær
Framkvæmdastjóri alþjóða- og fjármálasviðs Gunnar P. Andersen	090848-3489	Hraunbær 154	110 Reykjavík
Framkvæmdastjóri einstaklings- og markaðssviðs Björn Lindal	011156-7469	Tjarnargata 28	101 Reykjavík
Framkvæmdastjóri fyrirtækja- og stofnanasviðs Brynjólfur Helgason	190851-3389	Seiðakvísl 21	110 Reykjavík
Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Jakob Bjarnason	310860-2989	Dalhús 67	112 Reykjavík
Aðstoðarmaður bankastjóra Kristinn Briem	070161-3629	Furugrund 22	200 Kópavogi
Innri endurskoðun Sigurjón G. Geirsson, forstöðumaður	160664-3129	Barmahlíð 25	105 Reykjavík
Starfsmannahald Kristín Rafnar, starfsmannastjóri	030155-4409	Sæbólsbraut 33	200 Kópavogur
Forstöðumenn helstu deilda:			
Nafn	Kennitala	Heimilisfang	Staður
Aðalféhirðir Sigurður Þ. Gústafsson	040139-4789	Dalaland 12	108 Reykjavík
Afurðalán Már Hallgrímsson	020839-4739	Smáraflöt 45	210 Garðabær
Alþjóðasvið Björn Sigurðsson Marinó H. Sveinsson	180747-4519 051241-7469	Tjarnarstígur 22 Tjarnarstígur 12	170 Seltj.nes 170 Seltj.nes
Áhættustýring Þór Þorláksson	170958-3309	Granaskjól 29	107 Reykjavík
Eignadeild Hermann Eyjólfsson	110460-7599	Brautarland 16	108 Reykjavík
Einstaklingsviðskipti Ingólfur Guðmundsson	020357-5689	Hofgarðar 23	170 Seltj.nes
Fjárhagsdeild Haukur Þór Haraldsson,	110860-5369	Klyfjasel 9	109 Reykjavík
Fjárreiðudeild Ólafur Örn Ingólfsson	090651-7819	Fiskakvísl 10	110 Reykjavík
Fræðsludeild Edda B. Guðmundsdóttir	020567-5709	Funafold 3	112 Reykjavík

Nafn	Kennitala	Heimilisfang	Staður
Fyrirtækja- og stofnanatengsl Davíð Björnsson	200658-7799	Dalsel 17	109 Reykjavík
Fyrirtækjaráðgjöf útibúa Ingimar H. Þorkelsson	251042-4549	Reynimelur 27	107 Reykjavík
Lögfræðingadeild – innheimtur Reinhold Kristjánsson	030539-3389	Skólav.stígur 16a	101 Reykjavík
Lögfræðideild – ráðgjöf Benedikt E. Guðbjartsson	160641-2909	Bogahlíð 6	105 Reykjavík
Lögfræðiráðgjöf Gunnar Viðar	120864-2469	Gnoðavogur 88	105 Reykjavík
Markaðsviðskipti Jón Helgi Egilsson	210667-3189	Krókamýri 24	210 Garðabær
Upplýsingatækni Guðmundur Kjærnested	110864-7449	Flétturimi 14	112 Reykjavík
Upplýsingavinnsla Ágúst Hrafnkelsson	290467-4119	Aflagrandi 35	107 Reykjavík
Veðdeild Þórður Ás. Júlíusson	190544-7969	Skipasund 82	104 Reykjavík

Endurskoðendur

Samkvæmt 6. gr. laga um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997 annast hún endurskoðun reikninga stofnana sem ríkissjóður á að hálfu eða meira. Eigi ríkissjóður helmingshlut eða meira í hlutafélagi, sameignarfélagi, viðskiptabanka eða sjóði, þar sem endurskoðandi er kosinn á aðalfundi, skal gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess aðila.

Samkvæmt 4. gr. sömu laga er Ríkisendurskoðun heimilt að fela löggiltum endurskoðendum eða öðrum sérfræðingum á viðkomandi sviði að vinna að einstökum verkefnum sem stofnuninni eru falin í lögnum. Ríkisendurskoðun hefur nýtt sér þessa heimild og ráðið PricewaterhouseCoopers ehf (áður Coopers og Lybrand - Hagvangur hf.), kt. 690681-0139, til að endurskoða ársreikninga Landsbankans frá og með árinu 1998.

Ársreikningar Landsbanka Íslands fyrir árin 1995-1997 voru endurskoðaðir af Árna Tómassyni, löggiltum endurskoðanda, kt. 251055-7269 hjá Löggiltum endurskoðendum hf., fltr. Andersen Worldwide, SC., kt. 421085-1109. Sex mánaða árshlutauppgjör 1998 er endurskoðað af PricewaterhouseCoopers ehf.

Laun og þóknanir til yfirstjórnar og endurskoðenda

Bankaráði voru greiddar alls 5,9 milljónir kr. í laun og þóknanir á árinu 1997, en laun og þóknun bankastjórnar og innri endurskoðanda nam 39,5 milljónum kr. á sama ári. Gera má ráð fyrir að kostnaður vegna bankaráðs verði svipaður á yfirstandandi ári. Gerðir voru starfslokasamningar við alla fyrrverandi bankastjóra sem gera að verkum að kostnaðarlækkun vegna fækkunar bankastjóra kemur ekki að fullu til framkvæmda fyrr en á árinu 1999.

Kjörnir endurskoðendur Landsbankans fá greidda þóknun samkvæmt reikningi.

Lánveitingar eða óvenjuleg viðskipti

Heildarlánveitingar til bankaráðsmanna og varamanna þeirra, bankastjóra og innri endurskoðanda nema alls 2.768.000 kr. og enginn þeirra hefur átt óvenjuleg viðskipti við bankann.

Hlutabréf í eigu bankastjóra, framkvæmdastjóra og endurskoðanda.

Bankastjóri, framkvæmdastjórar og endurskoðendur Landsbankans eiga engin hlutabréf í bankanum. Þessum aðilum er heimilt að taka þátt í hlutafjárútböðinu nú.

REGLUR UM BANKASTARFSEMI OG EFTIRLIT

Eins og aðrir bankar og sparisjóðir heyrir Landsbanki Íslands hf. undir ákvæði laga nr. 113 frá 12. júlí 1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, ásamt reglum og reglugerðum sem gefnar hafa verið út af viðskiptaráðuneyti og bankaeftirliti Seðlabanka Íslands á grundvelli laganna. Jafnframt taka til starfsemi Landsbankans lög um hlutafélög nr. 2/1995 og lög nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Bún- aðarbanka Íslands, svo sem áður er getið.

Bankaeftirlit

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands ber ábyrgð á eftirliti með öllum innlánsstofnunum, sem eru fyrst og fremst viðskiptabankar og sparisjóðir, en einnig Póstgíróstofan. Bankaeftirlitið hefur einnig eftirlit með fjölmörgum öðrum lánastofnunum, svo sem fjárfestingabönkum og -sjóðum, öðrum lánasjóðum, eignarleigu- fyrirtækjum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu (verðbréfafyrirtækjum og verðbréfamiðlunum), verðbréfasjóðum, lífeyrissjóðum, Verðbréfaþingi Íslands og Húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins. Meginhlutverk bankaeftirlitsins er að tryggja að fjármálastofnanir starfi samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem við eiga. Lög nr. 36 frá 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum, hafa að geyma ákvæði um þau úrræði sem bankaeftirlitið getur gripið til ef talið er að rekstur framangreindra stofnana brjóti í bága við bankalög.

Hinn 5. júní 1998 voru staðfest ný lög á Alþingi um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Lögin taka gildi 1. janúar 1999. Í raun munu lögin sameina rekstur bankaeftirlitsins og váttryggingaeftirlitsins í eitt fjármálaeftirlit sem hefur eftirlit með allri fjármálastarfsemi. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða á tilhögun eftirlits. Eftirlitsskyldir aðilar munu nú þurfa að greiða hluta af kostnaðinum við eftirlitið. Kostnaðurinn mun nema mest 0,021% af heildareign, en þó aldrei minna en 150.000,- kr.

Bankaeftirlitið hefur reglulegt eftirlit með bönkum og fer í reglulegar eftirlitsferðir í bankana og hefur þeim ýmist verið gert aðvart um þær fyrirfram eða ekki.

Lög um bankastarfsemi

Lögin um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996 tóku gildi 12. júlí 1996 og voru í raun breyting á lögum nr. 43/1993 um sama efni. Meginbreytingarnar voru nauðsynlegar vegna skuldbindinga Íslands skv. samningnum um evrópska efnahagssvæðið um að taka upp meginreglur tilskipana Evrópusambandsins á sviði fjármálaþjónustu. Breytingarnar fólu meðal annars í sér reglur um útreikning á eigin fé banka og um tryggingasjóði innlánsstofnana.

Lögin um viðskiptabanka og sparisjóði ásamt reglum og reglugerðum sem settar hafa verið samkvæmt þeim innleiða ákveðnar lágmarksreglur samkvæmt gildandi tilskipunum Evrópusambandsins sem málið varða. Íslenskum bönkum er heimilað að annast alla bankastarfsemi sem getið er um í viðauka við 2. tilskipun Evrópusambandsins um samræmingu á bankastarfsemi, svo og aðra skylda starfsemi.

Lögunum um viðskiptabanka og sparisjóði og reglugerðum samkvæmt þeim er ætlað að gæta hagsmuna sparifjäreigenda með því að skylda banka til þess að ráða yfir fullnægjandi hlutafé og öðru eigin fé sem hlutfalli af eignum. Reglurnar um eiginfjárstöðu eiga jafnt við um lánastofnanir einar sér og á samstæðu- grundvelli. Að auki kveða lög á um lausafjástöðu bankanna og skulu þeir jafnan eiga nægilegt lausafé til þess að mæta úttektum á innlánsfé og öðrum greiðslum sem starfsemi hlutaðeigandi stofnana fylgir. Ennfremur er að finna í lögum ákvæði um hámark útlána og ábyrgðir til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila (stórar áhættur). Sex mánaða uppgjör miðað við 30. júní og ársreikningar miðaðir við 31. desember ár hvert eru birtir almenningi og er þar getið um eiginfjárstöðu bankanna.

Í lögunum frá 1993 um viðskiptabanka og sparisjóði er að finna reglur um reikningskil og eiginfjárhlutfall. Samkvæmt þessum reglum eru tilmæli Alþjóðagreiðslubankans (BIS) tekin upp í lögin um viðskiptabanka og sparisjóði samkvæmt viðeigandi tilskipunum Evrópusambandsins.

Ein mikilvægasta breytingin á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði frá 1996 fólst í því að setja íslenskar lánastofnanir undir endurskoðaðar reglur um eiginfjárhlutfall er samrýmast tilskipun Evrópusambandsins

um eiginfjárstöðu (CAD). Samkvæmt tilskipuninni er bönkum og öðrum lánastofnunum í ríkjum innan evrópska efnahagssvæðisins skylt að viðhalda lágmarks eiginfjárstöðu í hlutfalli við markaðsáhættu sem bankar kunna að verða fyrir í tengslum við vaxtabreytingar, gengisbreytingar og verðbreytingar á verðbréfum. Ennfremur tekur markaðsáhætta til áhættuliða innan og utan efnahagsreiknings sem stafa af breytingum á markaðsverði skuldaskjala og verðbréfa í veltubók banka. Með upptöku CAD reglanna voru flestum íslenskum bönkum sett strangari skilyrði um eiginfjárstöðu en áður voru í gildi.

Eigið fé viðskiptabanka og sparisjóða, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr. 54. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni. Áhættugrunnur stofnunar skal metinn með tilliti til heildareigna, liða utan efnahagsreiknings, gengisáhættu og áhættu annarra liða með markaðsáhættu samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárlutfalli viðskiptabanka og sparisjóða sem Seðlabankinn setur sbr. 1. mgr. sömu greinar.

Við útreikning áhættugrunns er litið til reglna varðandi útlána- og markaðsáhættu sem tengjast ýmsum eignum og viðskiptum, að teknu tilliti til eðlis mótaðila og trygginga, en mótaðilar fá svokallaða áhættuvog. Til að mynda vega kröfur á hendur íslenska ríkinu 0,0 í áhættugrunni en kröfur á hendur sveitarfélögum vega 0,2. Hins vegar vega ótryggðar kröfur á hendur einka- eða lögaðilum 1,0. Á milli þessara andstæðu póla er að finna aðrar áhættuvogir í reglum.

Við útreikning eiginfjárlutfalls er eigin fé skipt í þrjá meginflokkka. Eiginfjárpáttur A telst vera innborgað hlutfé, varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár og óráðstafað eigið fé að frádragnu tapi ársins og endurmatreikningur samkvæmt verðbólgu- og reikningsskilum. Frá eru dregin eigin hlutabréf, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar.

Við útreikning eiginfjárlutfalls bætist eiginfjárpáttur B við eiginfjárpátt A, en eiginfjárpáttur B telst vera víkjandi lán sem bankinn tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi viðskiptabanka eða slit hans fáiast það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur bankanum en endurgreiðslu hlutafjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum. Sé um að ræða lán sem greiðist niður með afborgunum á lánstímanum skal reikna eftirstöðvar hvers árs niður á sambærilegan hátt. Jafnframt kemur hér undir endurmatreikningur annar en gert er ráð fyrir í eiginfjárpætti A.

Við útreikning á eiginfjárlutfalli skal eiginfjárpáttur A nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 55. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, en eiginfjárpáttur B má hæst nema 50% af eiginfjárpætti A. Frá eigin fé skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi lánnum hjá öðrum fjármálastofnunum sem starfa skv. lögunum.

Við eiginfjárlutfall A og B má bæta eiginfjárpætti C. Hins vegar má eiginfjárpáttur C hæst nema 50% af eiginfjárpætti A. Jafnframt má hann hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni bankans vegna markaðsáhættu liða í veltubók og gengisáhættu.

Lög um viðskiptabanka og sparisjóði og reglur settar samkvæmt þeim hafa að geyma takmarkanir á útlánnum og fjárfestingum viðskiptabanka og sparisjóða. Helstu reglurnar eru:

- Stórar áhættuskuldbindingar vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila mega ekki fara yfir 40% af eigin fé bankans. Þetta hlutfall fer síðan lækkandi og verður að hámarki 35% þann 31.12.1999, að hámarki 30% miðað við 31.12.2000 og að hámarki 25% miðað við 31.12.2001
- Heildarfjárhæð stórra áhættuskuldbindinga (10% eða meira af eigin fé bankans) má ekki fara yfir 800% af eigin fé bankans.

Lögin um viðskiptabanka og sparisjóði hafa einnig að geyma reglur um lausafjárstöðu lánastofnana og áskilja að bankinn skuli ætíð hafa yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi hans fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum innlánsstofnunum, ríkisvixla og aðrar sambærilegar nettóeignir.

Reglur um eignarhald íslenskra banka

Um eignarhald Landsbanka Íslands hf. fer samkvæmt lögum nr. 113/1996, svo og samþykktum Landsbankans. Samkvæmt 10. gr. laganna ber að tilkynna bankaeftirlitinu fyrirfram og fá samþykki þess fyrir því að einstaklingur eða lögpersóna eignist, beint eða óbeint, virkan eignarhlut í lánastofnun. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétt eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi stofnunar.

Einnig skal hlutaðeigandi tilkynna Bankaeftirlitinu ef hann hyggst auka við hlutafjáreign sína það mikið að hlutur hans í hlutafélagsbanka eða samsvarandi réttur til meðferðar atkvæða nemi 20%, 33% eða 50% eða svo stórum hluta að hlutafélagsbanki verði talinn dótturfyrirtæki hans. Sama tilkynningaskylda gildir um lækkun hlutafjáreignar niður fyrir sömu mörk.

Ráðherra getur að fenginni tillögu Bankaeftirlitsins synjað hluthafa um að eignast hlut eða um rétt til meðferðar atkvæða telji hann viðkomandi ekki hæfan til þess með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs hlutaðeigandi stofnunar.

Lög nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri útiloka ekki beina eignaraðild að viðskiptabönkum. Hins vegar kunna ákvæði þeirra laga sem takmarka fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegsfyrirtækjum að standa í vegi fyrir því að erlendir aðilar eignist stóran hlut í Landsbanka Íslands hf., sbr. 4. gr. laganna, en VÍS á hluti í nokkrum sjávarútvegsfyrirtækjum.

SKILGREININGAR

Eigið fé / heildareignir	Eigið fé í lok tímabils ----- Heildareignir í lok tímabils
Afskriftasjóður/ Útlán og ábyrgðir	Afskriftasjóður í lok tímabils ----- Útlán og ábyrgðir í lok tímabils
Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildarfjármagns	Vaxtatekjur - Vaxtagjöld ----- Meðalstaða skulda og eiginfjár
Kostnaðarhlutfall	Almennur rekstrarkostnaður ----- Hreinar vaxtatekjur og þóknunatekjur + tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum í hlutdeildarfélögum + aðrar rekstrartekjur
Arðsemi eigin fjár	Hagnaður eftir skatt ----- Eigið fé í byrjun árs + nýtt hlutafé á árinu
Arðsemi heildareigna	Hagnaður eftir skatta ----- Meðalstaða skulda og eiginfjár

Eiginfjárlutfall CAD

Eigið fé og víkjandi lán eftir frádráttarliði

Áhættuvegnað eignir + áhættuvegnað liðir með markaðsáhættu

Eiginfjárlutfall eignfjárpáttar A

Eigið fé eftir frádrátt

Áhættuvegnað eignir + áhættuvegnað liðir með markaðsáhættu

Landsbanki Íslands hf.

Áskriftarblað (A) - starfsmenn

Skilmálar sem gilda um kaup starfsmanna Landsbanka Íslands hf. á hlutabréfum í félaginu eru eftirfarandi: Starfsmenn geta keypt hlutabréf á genginu 1,285 fyrir allt að 250.000 kr. að nafnverði eða allt að 321.250 kr. að söluverði. Starfsmönnum er ekki heimilt að framselja rétt sinn til áskriftar með þessum kjörum.

Áskrift:

Ég undirritaður/rituð, starfsmaður/fyrirverandi starfsmaður Landsbanka Íslands hf., óska hér með eftir að kaupa hlutabréf í félaginu fyrir neðangreinda fjárhæð skv. skilmálum sem fram koma hér að ofan og birtir eru framar í útboðs- og skráningarlýsingu þessari og undirritaður hefur kynnt sér. Undirrituðum/ritaðri eru ljós möguleg áhrif kaupanna á ákvörðun um tekjuskatt:

kr. _____	X	1,285	=	kr. _____
Nafnverð		Gengi		Kaupverð

Undirskrift starfsmanns

Staðfesting starfsmannahalds Landsbanka Íslands hf.

Ósk um lántöku:

Ég undirritaður óska eftir hlutabréfaláni frá Landsbanka Íslands hf. að fjárhæð kr. _____ til greiðslu á hlutabréfum skv. ofangreindu, samkvæmt skilmálum um hlutabréfalán Landsbanka Íslands sem ég hef kynnt mér. Ég óska eftir að greiða lánið til baka á _____ mánuðum með mánaðarlegum greiðslum. Ég samþykki að Landsbanki Íslands hf. hafi hlutabréf mín í bankanum að handveði fyrir viðkomandi láni meðan það er ekki að fullu greitt.

Undirskrift starfsmanns

Nafn starfsmanns

Kennitala

Heimilisfang

Póstnúmer og staður

Áskriftarblaðið skal berast til Landsbanka Íslands hf., viðskiptastofu, Laugavegi 77, 155 Reykjavík, eða til Landsbréfa hf., Suðurlandsbraut 24, 155 Reykjavík fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 23. september 1998. Einnig má koma áskriftarblaðinu í útibú Landsbanka Íslands hf. um allt land fyrir fyrrgreindan tíma.

Greiðsluseðill fyrir kaupverði, verður sendur kaupendum eftir að úrvinnslu áskriftarblaðanna lýkur. Greiðsluseðilinn þarf að greiða fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 14. október 1998. Þeir sem hafa óskað lánveitingar þurfa að snúa sér til viðkomandi útibús með greiðsluseðilinn. Sé ekki greitt fyrir nefndan tíma má gera ráð fyrir að skuldin verði innheimt. Landsbanki Íslands hf. hefur þó rétt til, í stað innheimtuaðgerða, að fella ógreiddar áskriftir úr gildi og ráðstafa hlutabréfum til þriðja aðila. Tilboð þetta er bindandi af hálfu kaupanda.

Landsbanki Íslands hf.

Áskriftarblað (A-1) – Lífeyrissjóður bankamanna

Skilmálar sem gilda um kaup Lífeyrissjóðs bankamanna á hlutabréfum í félaginu eru eftirfarandi: Sjóðurinn getur keypt hlutabréf á genginu 1,285 og standa honum til boða öll þau bréf sem starfsmenn Landsbanka Íslands hf. skrá sig ekki fyrir. Sjóðurinn getur þannig skráð sig fyrir hlutabréfum að nafnvirði allt að 325 milljónum kr. að frádregnu því sem starfsmenn kaupa.

Áskrift:

Ég undirritaður, f.h. Lífeyrissjóðs bankamanna, óska hér með eftir að kaupa hlutabréf í félaginu fyrir neðangreinda fjárhæð skv. skilmálum sem fram koma hér að ofan og birtir eru framar í útboðs- og skráningarlýsingu þessari sem undirritaður hefur kynnt sér:

allt að kr. _____	X	1,285	=	kr. _____
Nafnverð		Gengi		Kaupverð

Undirskrift

Lífeyrissjóður bankamanna

Kennitala

Heimilisfang

Póstnúmer og staður

Áskriftarblaðið skal berast til Landsbanka Íslands hf., viðskiptastofu, Laugavegi 77, 155 Reykjavík eða til Landsbréfa hf., Suðurlandsbraut 24, 155 Reykjavík fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 23. september 1998. Einnig má koma áskriftarblaðinu í útibú Landsbanka Íslands hf. um allt land fyrir fyrrgreindan tíma.

Greiðsluseðill fyrir kaupverði, verður sendur kaupendum eftir að úrvinnsla áskriftarblaðanna lýkur. Greiðsluseðillinn þarf að greiða fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 14. október 1998. Þeir sem hafa óskað lánveitingar þurfa að snúa sér til viðkomandi útibús með greiðsluseðilinn. Sé ekki greitt fyrir nefndan tíma má gera ráð fyrir að skuldin verði innheimt. Landsbanki Íslands hf. hefur þó rétt til, í stað innheimtuaðgerða, að fella ógreiddar áskriftir úr gildi og ráðstafa hlutabréfum til þriðja aðila. Tilboð þetta er bindandi af hálfu kaupanda.

Landsbanki Íslands hf.

Áskriftarblað (B) – almenn áskrift

Einstakir kaupendur í almennri áskrift hlutabréfa í Landsbanka Íslands hf. geta skráð sig fyrir hlutabréfum fyrir allt að 1.000.000 kr. að nafnverði eða allt að 1.900.000 kr. að söluverði.

Áskrift:

Ég undirritaður/rituð óska hér með eftir að kaupa hlutabréf í Landsbanka Íslands hf. fyrir neðangreinda fjárhæð skv. skilmálum sem fram koma að framan í útboðs- og skráningarlýsingu þessari og undirritaður/rituð hefur kynnt sér:

kr. _____	X	1,9	=	kr. _____
Nafnverð		Gengi		Kaupverð

Undirskrift kaupanda

Upplýsingar fyrir úrvinnslu áskriftarblaðs. Vinsamlega fyllið út með prentstöfum.

Nafn kaupanda

Kennitala

Heimilisfang

Póstnúmer og staður

Ósk um lántöku:

Ég undirritaður/rituð óska eftir hlutabréfaláni frá Landsbanka Íslands hf. að fjárhæð kr. _____ til greiðslu á hlutabréfum skv. ofangreindu, samkvæmt skilmálum um hlutabréfalán Landsbanka Íslands sem ég hef kynnt mér. Ég óska eftir að greiða lánið til baka á _____ mánuðum með mánaðarlegum greiðslum. Ég samþykki að Landsbanki Íslands hf. hafi hlutabréf mín í bankanum að handveði fyrir viðkomandi láni meðan það er ekki að fullu greitt.

Undirskrift kaupanda

Áskriftarblaðið skal berast til Landsbanka Íslands hf., Laugavegi 77, 155 Reykjavík eða til Landsbréfa hf., Suðurlandsbraut 24, 155 Reykjavík fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 23. september 1998. Einnig má koma áskriftarblaðinu í útibú Landsbanka Íslands hf. um allt land fyrir fyrrgreindan tíma.

Verði um umframáskrift að ræða að hlutafé sem selt verður í almennri áskrift kemur til skerðingar á þeirri hámarksfjárhæð sem heimilt er að kaupa fyrir, sbr. skilmála sem birtir eru framar í útboðs- og skráningarlýsingu þessari.

Greiðsluseðill fyrir kaupverði, verður sendur kaupendum eftir að úrvinnslu áskriftarblaðanna lýkur. Greiðsluseðillinn þarf að greiða fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 14. október 1998. Þeir sem hafa óskað lánveitingar þurfa að snúa sér til viðkomandi útíbús með greiðsluseðilinn. Sé ekki greitt fyrir nefndan tíma má gera ráð fyrir að skuldin verði innheimt. Landsbanki Íslands hf. hefur þó rétt til, í stað innheimtuaðgerða, að fella ógreiddar áskriftir úr gildi og ráðstafa hlutabréfum til þriðja aðila. Tilboð þetta er bindandi af hálfu kaupanda.

Landsbanki Íslands hf.

Áskriftarblað (C) – tilboðssala

Kaupendur hlutabréfa í tilboðssölu geta skráð sig fyrir einu eða fleiri tilboðum, án takmarkana. Landsbanki Íslands hf. áskilur sér rétt til að hafna tilboðum þar sem gengi er lægra en 1,90.

Áskrift:

Ég undirritaður/rituð óska hér með eftir að kaupa hlutabréf í Landsbanka Íslands hf. fyrir neðangreinda fjárhæð skv. skilmálum sem fram koma hér að ofan og birtir eru að framan í útboðs- og skráningarlýsingu og undirritaður hefur kynnt sér:

kr. _____	X	_____	=	kr. _____
Nafnverð		Gengi		Kaupverð

Undirskrift tilboðsgjafa

Upplýsingar fyrir úrvinnslu tilboðsblaðs. Vinsamlegast fyllið út með prentstöfum.

Kennitala

Nafn tilboðsgjafa

Póstnúmer og staður

Heimilisfang

Tilboðsblaðið skal berast til Landsbanka Íslands hf., Laugavegi 77, 155 Reykjavík eða til Landsbréfa hf., Suðurlandsbraut 24, 155 Reykjavík **fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 23. september 1998**. Einnig má koma tilboðsblaðinu í útibú Landsbanka Íslands hf. um allt land fyrir fyrrgreindan tíma.

Fyrst verður gengið að hæstu verðtilboðum og svo koll af kolli, uns allt hlutafé sem selja á í tilboðssölu er selt, sbr. skilmála sem fram koma í útboðs- og skráningarlýsingu hlutabréfanna.

Greiðsluseðill fyrir kaupverði, verður sendur kaupendum eftir að úrvinnsla áskriftarblaðanna lýkur. **Greiðsluseðillinn þarf að greiða fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 14. október 1998.** Þeir sem hafa óskað lánveitingar þurfa að snúa sér til viðkomandi útíbús með greiðsluseðilinn. Sé ekki greitt fyrir nefndan tíma má gera ráð fyrir að skuldin verði innheimt. Landsbanki Íslands hf. hefur þó rétt til, í stað innheimtuaðgerða, að fella ógreiddar áskriftir úr gildi og ráðstafa hlutabréfum til þriðja aðila. Tilboð þetta er bindandi af hálfu kaupanda.

VIÐAUKAR

Samþykktir Landsbanka Íslands hf.

Ársreikningar Landsbanka Íslands fyrir 1997

Árshlutauppgjör Landsbanka Íslands hf. 1.1.-30.6.1998

Lög nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands
og Búnaðarbanka Íslands

Yfirlýsingar viðskiptaráðherra og bankaráðs Landsbanka Íslands hf.

S A M Þ Y K K T I R

fyrir Landsbanka Íslands hf.

I. KAFLI

Nafn félagsins, heimili og tilgangur

1. gr.

Félagið er hlutafélag. Nafn þess er Landsbanki Íslands hf. Félagið er stofnað á grundvelli laga nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., en starfar samkvæmt lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. og lög nr. 2/1995, um hlutafélög.

2. gr.

Heimili félagsins er Austurstræti 11, Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að starfrækja viðskiptabanka er hafi á hendi hvers konar starfsemi sem heimil er samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

II. KAFLI

Hlutafé

4. gr.

Hlutafé bankans er kr. 5.500.000.000.

Hlutaféð skiptist í hluti að fjárhæð ein króna og margfeldi þar af.

Hluthafafundur getur ákveðið hækkun hlutafjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

5. gr.

Hlutabréf bankans skulu gefin út af bankaráði og skulu allir bankaráðsmenn setja nöfn sín undir þau. Nöfn má rita með vélrænum hætti. Gefa má út eitt hlutabréf fyrir öllu hlutafé hvers hluthafa. Hluthafar geta fengið hlutafé sínu skipt í aðrar einingar ef þeir óska.

Hlutabréf skulu vera tölusett með áframhaldandi númerum. Þau skulu hljóða á nafn eiganda. Í hlutabréfi skal greina:

1. Nafn, kennitölu og heimili.
2. Númer og fjárhæð hlutar.
3. Útgáfudag hlutabréfsins.
4. Skorður þær sem reistar eru við heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum.
5. Heimild bankaráðs til þess að ógilda hlutabréf án dóms.
6. Fyrirvara um að eftir útgáfu þess kunni lögmætar ákvarðanir að breyta réttarstöðu hluthafa.

6. gr.

Bankaráð skal halda hlutaskrá í samræmi við lög og skal þar greina:

1. Útgáfudag hlutabréfa.
2. Nafnverð og númer hvers hlutabréfs.
3. Til handa hverjum hlutabréfið var gefið út, svo og síðari eigendaskipi. Nafn, heimilisfang og kennitölu hluthafa. Ennfremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags.
4. Breytingar sem verða kunna á skiptum bankans og eiganda bréfsins, svo sem ef bréfið glatast.

Hlutaskráin skal geymd á skrifstofu bankans og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

7. gr.

Glatist hlutabréf eða eyðileggist getur bankaráð fellt niður öll réttindi samkvæmt hlutabréfinu og gefið út nýtt bréf til eiganda þess, að undangenginni birtingu áskorunar í Lögbirtingablaði, sbr. ákvæði hlutafélagalaga.

Ef hlutabréf skemmist, en þó verður eigi villst á um númer bréfsins eða efni, þá getur eigandinn fengið útgefið nýtt hlutabréf í staðinn, enda skili hann hinu skemmda bréfi og greiði kostnað við útgáfu hins nýja bréfs.

8. gr.

Hluti í bankanum má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum.

Eigendaskipti að hlutabréfi, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna skrifstofu bankans jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Sá sem eignast hlutabréf í bankanum getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum.

Framsöl hluta skulu ávallt rituð á hlutabréfin.

Gagnvart bankanum skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum, og skulu jöfnunarhlutabréf, fundarboð og tilkynningar allar, sendar til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá. Arður skal greiddur þeim sem skráðir eru í hlutaskrá á aðalfundi nema félaginu berist tilkynning um að arður hafi verið framseldur með framsali hlutabréfs. Ber bankinn enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna honum um eiganda- eða aðsetursskipti.

Ákvæði 1.-5. mgr. skal prenta á hvert hlutabréf.

9. gr.

Engin sérréttindi fylgja neinum hlutum í bankanum. Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlausn á hlutum sínum.

10. gr.

Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að hlíta samþykktum, eins og þær eru nú, eða þeim síðar kann að verða breytt á löglegan hátt.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans fram yfir hlut sinn.

III. KAFLI

Hluthafafundir

11. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum bankans.

Rétt til að sækja hluthafafundi hafa hluthafar, umboðsmenn þeirra og ráðgjafar, endurskoðandi og bankastjórn.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð.

Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Endurskoðandi bankans og bankastjórn hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum, þótt ekki séu þeir hluthafar.

Bankaráði er heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

12. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok apríl mánaðar ár hvert.

Til aðalfundar skal boða með auglýsingu sem birt er í útvarpi og dagblöðum eða á annan sannanlegan hátt með skemmst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Aðalfundur er lögmatúr ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann.

13. gr.

Á aðalfundi skulu tekin til afgreiðslu þessi mál:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef borist hafa.
5. Kosning bankaráðs.
6. Kosning endurskoðanda.
7. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
8. Önnur mál.

Um framkvæmd á kjöri bankaráðs fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög, nú 63. gr. laga nr. 2/1995.

14. gr.

Aukafundi skal halda, þegar bankaráði þykir við þurfa, samkvæmt fundarályktun, eða ef kjörinn endurskoðandi eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutum hlutafjárins krefjast þess skriflega og greina fundar-efni, enda skal þá boða til aukafundar innan 14 daga frá því að krafan kom bankaráði í hendur.

Til aukafunda skal boða með minnst viku fyrirvara og lengst fjögurra vikna fyrirvara. Séu allir hluthafar mættir, eða umboðsmenn þeirra, geta þeir gefið undanþágu frá þessu ákvæði. Boða skal aukafundi með auglýsingu sem birt er í útvarpi og dagblöðum eða á annan sannanlegan hátt. Um lögmæti aukafunda skulu gilda sömu reglur og um lögmæti aðalfundar, sbr. 3. mgr. 12. gr.

15. gr.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til bankaráðs með það löngum fyrirvara, að unnt sé samkvæmt samþykktum þessum að taka málið á dagskrá fundarins.

Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur og skýrsla endurskoðanda, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu bankans.

Mál, sem ekki hafa verið greind á dagskrá er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir bankaráð. Þótt máls hafi ekki verið getið á dagskrá, kemur það ekki í veg fyrir, að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál, sem skylt er að taka til meðferðar samkvæmt lögum eða samþykktum.

Löglega frambornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki legið frammi hluthöfum til sýnis.

16. gr.

Formaður bankaráðs eða kjörinn fundarstjóri stjórnar hluthafafundum og kjöri fundarritara. Fundarstjóri athugar í upphafi fundarins, hvort löglega hafi verið til hans boðað, svo og hvort fundur sé lögmætur að öðru leyti og lýsir yfir hvort svo sé. Hann stýrir öllum umræðum og atkvæðagreiðslum.

Þegar fundur hefur verið settur, skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, sem fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

17. gr.

Fundarritari heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn þeirra skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu bankans. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

Skráðar fundargerðir skulu vera full sönnun þess sem gerst hefur á fundum.

18. gr.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé.

Á hluthafafundum ræður afl atkvæða nema öðru vísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða landslögum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar og ræður þá hlutkesti úrslitum. Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

1. Að skylda hluthafa til þess að leggja fram fé og annað í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.
2. Að skylda hluthafa til að þola innlausn hluta sinna að einhverju leyti eða öllu umfram það sem mælt er fyrir í landslögum, nema að bankanum sé slitið eða hlutaféð löglega fært niður.
3. Að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti.
4. Að breyta ákvæðum samþykktanna um atkvæðisrétt eða um jafnrétti hluthafa.

IV. KAFLI
Stjórn bankans

19. gr.

Stjórn félagsins, sem samkvæmt samþykktum þessum og lögum um viðskiptabanka og sparisjóði nefnist bankaráð, skal skipuð fimm mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt skulu kjörnir fimm menn til vara. Um hæfi bankaráðsmanna fer að lögum. Kosning bankaráðs skal jafnan vera skrifleg, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.

Bankaráð kys sér formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

20. gr.

Formaður kveður bankaráð til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða bankaráðsfund að kröfu eins bankaráðsmanna eða bankastjóra. Bankaráðsfundir skulu boðaðir með minnst sólarhrings fyrirvara. Bankaráðsfundir eru ályktunarbærir ef meirihluti bankaráðsmanna er mættur eða varamenn þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Bankaráð skal halda gerðabók um það sem gerist á bankaráðsfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

21. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi bankans í samræmi við lög sem um starfsemina gildir, reglur og samþykktir og hefur eftirlit með rekstri bankans. Bankaráð annast m.a. eftirtalin verkefni:

1. Að ráða bankastjóra, ákveða laun og ráðningarkjör hans og setja honum erindisbréf. Einnig að staðfesta ráðningu staðgengils bankastjóra samkvæmt tillögu hans.
2. Að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar sem ber ábyrgð gagnvart bankaráði, ákveða ráðningarkjör hans og setja honum erindisbréf.
3. Að staðfesta tillögur bankastjóra um höfuðþætti í stjórnskipulagi bankans.
4. Að móta stefnu í vaxta- og gjaldskrármálum og setja almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir að fenginni umsögn bankastjóra.
5. Að setja að fenginni tillögu bankastjóra leiðbeiningar um árlega upplýsingagjöf til bankaráðs um veitt lán og ábyrgðir til einstaklinga og lögaðila sem, beint eða óbeint, vegna eignarhlutdeildar eða á annan hátt hafa veruleg áhrif á ráðstafanir bankans eða eru undir stjórn eintaklinga eða lögaðila sem hafa slík áhrif.
6. Að taka ákvörðun um afskriftir útlána. Bankaráðinu er heimilt að fela bankastjóra að annast afskriftir útlána eftir reglum sem það setur.
7. Að ákveða hvaða starfsmenn hafi heimild til að skuldbinda bankann og setja reglur þar um.
8. Að ákveða hver skuli taka sæti af hálfu bankans í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis.
9. Að gera tillögu til aðalfundar um ráðstöfun tekjuafgangs samkvæmt ársreikningi.
10. Að taka ákvörðun um að stofna eða leggja niður útibú.
11. Að taka ákvörðun um byggingu, kaup og sölu og veðsetningu á fasteignum bankans.
12. Að ákveða kaup og sölu hlutabréfa og annarra eignarhluta í félögum eða stofnunum sem bankinn á aðild að.
13. Að taka ákvörðun um samruna við aðra viðskiptabanka eða sparisjóði, sbr. 72. og 74. gr. laga nr. 113/1996.

14. Að annast önnur þau verkefni sem bankaráði eru falin samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði eða öðrum lögum, eða bankastjóri leggur fyrir það. Áður en ákvörðun er tekin skv. 6.-13. tölul. skal leitað tillagna bankastjóra.

22. gr.

Bankastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin í lögum, reglugerðum eða samþykktum. Honum ber að sjá um að bankareksturinn sé í samræmi við lög, reglugerðir eða samþykktir og ákvarðanir bankaráðs.

Bankastjóri situr fundi bankaráðs nema bankaráð ákveði annað. Bankastjóri heldur gerðabók þar sem hann skráir helstu ákvarðanir sínar.

Bankastjóri skal fullnægja öllum þeim hæfisskilyrðum sem lög um viðskiptabanka og sparisjóði og lög um hlutafélög kveða á um á hverjum tíma.

V. KAFLI

Reikningar og endurskoðun

23. gr.

Á aðalfundi skal kjósa bankanum einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarstofu til eins árs í senn. Skal endurskoðandi rannsaka reikninga bankans og öll reikningsgögn fyrir hvert starfsár og skal hafa aðgang að öllum bókum bankans og skjölum í þeim tilgangi.

Endurskoðandi skal fullnægja öllum þeim hæfisskilyrðum sem lög gera ráð fyrir á hverjum tíma.

24. gr.

Starfsár bankans og reikningsár er almanaksárið. Bankaráð og bankastjórn semja á hverju ári ársreikning og ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun, skýringar og heiti liða.

25. gr.

Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning bankans í samræmi við lög og góða endurskoðunarvenju. Endurskoðandi skal að lokinni endurskoðun árita ársreikninginn og skal áritunin fylgja ársreikningnum sem skýrsla hans. Skal ársreikningurinn og endurskoðunarskýrslan liggja frammi a.m.k. vikutíma fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði

26. gr.

Óheimilt er að ákveða að hluthafar í bankanum njóti hagstæðari kjara en aðrir viðskiptamenn hans í viðskiptum við hann, sem beinlínis verða rakin til eignarhluta viðkomandi hluthafa.

27. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi, enda hljóti breytingin samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa er ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum bankans eða landslögum.

Tillagna um breytingar á samþykktum skal geta í fundarboði.

28. gr.

Um slit eða samruna við aðrar stofnanir skal fara samkvæmt ákvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði, ákvæðum laga um hlutafélög og ákvæðum annarra laga eftir því sem við á.

29. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal fara samkvæmt ákvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði, ákvæðum laga um hlutafélög, ákvæðum laga um ársreikninga, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. tekur félagið eigi til starfa sem viðskiptabanki fyrr en 1. janúar 1998, er það tekur við við eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum Landsbanka Íslands, skv. lögum nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Frá stofnun félagsins og þar til það hefur tekið til starfa sem viðskiptabanki skal það undirbúa starfsemi sína sem viðskiptabanki.




Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins 10. september 1997,

Reykjavík, 10. september 1997.





ÁRITANIR Á ÁRSREIKNING SAMSTÆÐU LANDSBANKA ÍSLANDS ÁRIÐ 1997

Áritun og staðfesting bankastjórnar og bankaráðs

Reykjavík, 26. febrúar 1998
Bankastjórn Landsbanka Íslands



Bankaráð Landsbanka Íslands



Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Landsbanka Íslands og samstæðureikning Landsbankans og tengdra félaga fyrir árið 1997. Ársreikningarnir hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 – 35. Ársreikningarnir eru á ábyrgð stjórnenda bankans og lagðir fram í samræmi við starfsskyldur þeirra. Okkur ber að láta í ljós álit á ársreikningunum og byggja það á endurskoðun okkar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fái um að ársreikningarnir séu án annmarka sem máli skipta. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar í ársreikningunum og einnig athugun á þeim reikningsskila- og matsreglum, sem beitt er við gerð þeirra og framsetningu í heild. Við teljum að við endurskoðunina hafi fengist nægilega traustar upplýsingar til að byggja álit okkar á.


Það er álit okkar að ársreikningarnir gefi glögga mynd af afkomu bankans og samstæðunnar á árinu 1997, efnahag í árslok og breytingum á fjárhagslegri skipan, í samræmi við lög, samþykktir og góða reikningskilavenju.

Reykjavík, 6. mars 1998


Löggiltir Endurskoðendur hf., fltr.
ANDERSEN WORLDWIDE, SC.



Löggiltur endurskoðandi



Ríkisendurskoðandi




Forstöðumaður endurskoðunardeildar

Staðfesting viðskiptaráðherra

Með vísan til 2. mgr. 56. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði og með skírskotun til staðfestingar bankaráðs og áritunar endurskoðenda, sem er án athugasemda, staðfestir viðskiptaráðherra ársreikninginn með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. mars 1998



Viðskiptaráðherra

REKSTRARREIKNINGUR LANDSBANKA ÍSLANDS

Skýr.	Samstæða Landsbanka Íslands		Landsbanki Íslands	
	1997	1996	1997	1996
	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Vaxtatekjur				
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	857,8	523,5	857,8	523,5
Vaxtatekjur af útlánnum	8.474,8	8.051,9	8.778,8	8.255,9
Vaxtatekjur af markaðsverðbréfum	548,1	330,5	450,1	244,4
Aðrar vaxtatekjur	25,5	34,0	22,5	33,9
	9.906,2	8.939,8	10.109,2	9.057,8
Vaxtagjöld				
Vaxtagjöld til lánastofnana	269,7	77,7	253,3	69,2
Vaxtagjöld af innlánnum	2.716,9	2.579,6	2.722,6	2.590,6
Vaxtagjöld af lántöku	2.013,7	1.794,8	2.107,1	1.889,5
Vaxtagjöld af víkjandi lánnum	128,7	148,0	128,7	148,0
Önnur vaxtagjöld	470,8	399,3	470,8	399,4
Reiknuð gjöld / (tekjur) vegna verðlagsbreytinga (3)	25,2	13,8	20,9	24,6
	5.624,8	5.013,1	5.703,5	5.121,4
Hreinar vaxtatekjur	4.281,3	3.926,7	4.405,7	3.936,4
Aðrar rekstrartekjur				
Tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum í félögum (15)	321,8	151,2	201,6	199,9
Hreinar þóknunartekjur	1.962,9	1.857,1	1.650,0	1.583,6
Gengismunur af annarri fjármálastarfsemi	355,7	420,7	241,7	354,2
Aðrar rekstrartekjur	213,7	239,2	97,5	129,0
	2.854,2	2.668,2	2.190,9	2.266,7
Hreinar rekstrartekjur	7.135,5	6.594,9	6.596,6	6.203,1
Rekstrargjöld				
Almennur rekstrarkostnaður:				
Laun og tengd gjöld	2.756,4	2.542,2	2.492,8	2.336,6
Annar rekstrarkostnaður	2.077,3	1.922,6	1.867,7	1.784,2
Afskriftir rekstrarfjármuna	264,8	239,2	240,8	223,6
Önnur rekstrargjöld	53,6	40,0	62,3	40,0
	5.152,1	4.743,9	4.663,6	4.384,3
Framlög í afskriftareikning útlána	1.012,7	1.299,7	1.000,0	1.300,0
Innkomin áður afskrifuð útlán	(541,4)	(62,8)	(541,4)	(62,8)
	5.623,5	5.980,8	5.122,2	5.621,5
Hagnaður fyrir skatta og óreglulega liði	1.512,1	614,1	1.474,3	581,6
Skattar				
Reiknaður tekjuskattur	(392,8)	(115,2)	(358,2)	(84,3)
Eignarskattur	(65,9)	(65,4)	(62,6)	(63,8)
Hagnaður af reglulegri starfsemi eftir skatta	1.053,5	433,5	1.053,5	433,5
Óreglulegir liðir				
Viðbótargjöld v/ uppgjör á eftirlaunaskuldbindingum .. (8,13)	(1.085,5)	(255,4)	(1.085,5)	(255,4)
Reiknuð skattspörun af óreglulegum gjöldum	358,2	84,3	358,2	84,3
	326,2	262,4	326,2	262,4
Hagnaður ársins	326,2	262,4	326,2	262,4

EFNAHAGSREIKNINGUR LANDSBANKA ÍSLANDS

	Skýr.	Samstæða Landsbanka Íslands		Landsbanki Íslands	
		1997	1996	1997	1996
		<u>Millj. kr.</u>	<u>Millj. kr.</u>	<u>Millj. kr.</u>	<u>Millj. kr.</u>
Eignir					
Sjóður og kröfur á lánastofnanir					
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka		3.600,0	1.557,8	3.600,0	1.557,8
Ríkisvixlar og aðrir vixlar endurseljanlegir í Seðlabanka (4)		2.012,4	2.039,9	2.012,4	2.039,9
Kröfur á lánastofnanir:					
Bundnar kröfur á Seðlabanka	(19)	3.245,9	4.964,2	3.245,9	4.964,2
Kröfur á lánastofnanir	(20)	6.506,3	3.884,1	6.506,3	3.854,9
		<u>15.364,5</u>	<u>12.446,0</u>	<u>15.364,5</u>	<u>12.416,9</u>
Útlán	(5,6,35)				
Útlán til viðskiptavina	(21)	89.064,8	79.245,6	89.839,5	80.625,3
Eignarleigusamningar	(21)	550,1	760,8	550,1	760,8
Fullnustueignir	(21)	4.108,2	4.830,4	4.432,8	5.229,3
		<u>93.723,1</u>	<u>84.836,8</u>	<u>94.822,4</u>	<u>86.615,4</u>
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum	(2,4)				
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum (22)		8.827,2	6.860,8	7.388,9	4.763,7
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum . (23)		989,5	511,5	926,6	471,4
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum	(24)	992,0	837,3	989,4	837,3
Hlutir í tengdum fyrirtækjum	(25)	7,4	7,2	279,3	204,3
		<u>10.816,1</u>	<u>8.216,8</u>	<u>9.584,2</u>	<u>6.276,6</u>
Rekstrarfjármunir	(7,27)				
Húseignir og lóðir		3.630,8	3.599,9	3.573,5	3.599,9
Húsbúnaður, tæki o.fl.		748,4	585,9	672,9	534,7
		<u>4.379,2</u>	<u>4.185,7</u>	<u>4.246,3</u>	<u>4.134,6</u>
Ýmsir eignaliðir					
Aðrar eignir		263,2	173,3	268,9	183,0
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur ...		216,7	388,0	214,6	382,5
		<u>479,9</u>	<u>561,3</u>	<u>483,5</u>	<u>565,5</u>
Eignir samtals		<u>124.762,8</u>	<u>110.246,6</u>	<u>124.500,9</u>	<u>110.009,0</u>

31. DESEMBER 1997

	Skýr.	Samstæða Landsbanka Íslands		Landsbanki Íslands	
		1997	1996	1997	1996
		<u>Millj. kr.</u>	<u>Millj. kr.</u>	<u>Millj. kr.</u>	<u>Millj. kr.</u>
Skuldir og eigið fé					
Lánastofnanir					
Skuldir við innlendar og erlendar lánastofnanir	(29)	11.927,9	3.740,7	11.927,9	3.572,3
		11.927,9	3.740,7	11.927,9	3.572,3
Innlán (5,35)					
Óbundin innlán		46.993,5	45.150,5	47.119,6	45.260,5
Bundin innlán		13.661,2	12.902,6	13.661,2	12.902,6
Sérstök innlán		4.006,0	4.152,9	4.006,0	4.152,9
		64.660,8	62.206,1	64.786,8	62.316,0
Lántaka					
Lán frá lánastofnunum	(35)	15.446,6	17.506,8	15.353,1	17.506,8
Verðbréfaútgáfa:					
Bankabréf		10.854,5	9.868,7	10.819,5	9.868,9
Bankavíxlar		6.422,6	3.506,7	6.422,6	3.506,7
Önnur lántaka		112,4	289,6	112,4	289,6
		32.836,1	31.171,8	32.707,6	31.172,0
Aðrar skuldir					
Ýmsar skuldir		5.851,0	300,6	5.673,0	158,3
Áfallin gjöld og fyrirfram innheimtar tekjur		279,6	201,3	202,6	194,6
Reiknaðar skuldbindingar	(8,9)	4,5	4.037,5	0,0	4.007,2
		6.135,0	4.539,4	5.875,6	4.360,0
Víkjandi lán	(10)	2.155,8	1.994,7	2.155,8	1.994,7
Skuldir og víkjandi lán alls		117.715,6	103.652,7	117.453,6	103.415,1
Eigið fé					
Eigið fé	(11,33)	7.047,2	6.593,9	7.047,2	6.593,9
		7.047,2	6.593,9	7.047,2	6.593,9
Skuldir og eigið fé samtals		124.762,8	110.246,6	124.500,9	110.009,0
Liðir utan efnahagsreiknings (34)					
Ábyrgðir		8.050,2	5.684,3	7.662,7	5.684,3
Aðrar skuldbindingar	(12)	8.691,4	5.693,4	8.054,7	5.143,4
		16.741,6	11.377,7	15.717,4	10.827,7

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 1997

	Samstæða Landsbanka Íslands		Landsbanki Íslands	
	1997	1996	1997	1996
	<u>Millj. kr.</u>	<u>Millj. kr.</u>	<u>Millj. kr.</u>	<u>Millj. kr.</u>
Handbært fé frá rekstri				
Hagnaður ársins	326,2	262,4	326,2	262,4
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:				
Afskriftir, söluhagnaður og verðbólguleiðréttingar	304,9	253,0	276,6	248,3
Framlag í afskriftareikning útlána	1.012,7	1.300,0	1.000,0	1.300,0
Framlag í eftirlaunasjóð	1.342,4	573,1	1.330,6	568,2
Reiknaðir rekstrarliðir af útlánum, innlánum og verðbréfum ..	768,9	1.718,4	1.130,6	1.816,5
Vextir og verðbætur frá Seðlabanka Íslands	(164,0)	(146,2)	(164,0)	(146,2)
Vextir og gengismunur af stöðum við lánastofnanir	(317,7)	(379,9)	(317,7)	(379,9)
Vextir og gengismunur af víkjandi lánsfé	161,1	2,1	161,1	2,1
Hagnaður af eignarhlutum í félögum að frádregnum arði	(141,8)	(76,3)	(208,4)	(144,6)
Annað	168,3	74,6	163,7	(27,5)
Handbært fé frá rekstri	<u>3.461,0</u>	<u>3.581,1</u>	<u>3.698,7</u>	<u>3.499,2</u>
Fjárfestingahreyfingar				
Hækkun útlána	(6.812,4)	(2.229,7)	(6.207,4)	(2.154,1)
Bundnar kröfur á Seðlabanka Íslands, hækkun	(123,5)	(43,2)	(123,5)	(43,2)
Ríkisvixlar, (hækkun) lækkun	40,0	(2.080,0)	40,0	(2.080,0)
Hækkun markaðsverðbréfa	(1.509,1)	(2.079,0)	(2.166,0)	(1.143,0)
Hækkun krafna á aðrar lánastofnanir	(519,6)	(2.182,4)	(519,6)	(2.153,3)
(Kaup) sala á eignarhlutum í félögum	(436,7)	10,8	(436,7)	10,8
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, nettó	(386,9)	(217,2)	(283,2)	(184,3)
Önnur breyting	538,6	18,6	272,2	221,8
Fjárfestingahreyfingar	<u>(9.209,6)</u>	<u>(8.802,1)</u>	<u>(9.424,2)</u>	<u>(7.525,3)</u>
Fjármögnunarhreyfingar				
Lækkun innlána án vaxta og verðbóta	(761,6)	(1.342,7)	(745,4)	(1.241,5)
Hækkun verðbréfaútgáfu	2.786,3	2.155,1	2.786,3	2.155,1
Hækkun (lækkun) annarra skulda við lánastofnanir	7.979,9	685,6	8.148,3	(551,5)
Lán frá erlendum lánastofnunum, hækkun, (lækkun)	(2.420,4)	4.210,3	(2.420,4)	4.210,3
Víkjandi lán	0,0	428,5	0,0	428,5
Önnur hækkun	206,6	42,5	(1,1)	(14,1)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>7.790,8</u>	<u>6.179,3</u>	<u>7.767,7</u>	<u>4.986,8</u>
Hækkun á handbæru fé	2.042,2	958,3	2.042,2	960,7
Handbært fé í ársbyrjun	<u>1.557,8</u>	<u>599,5</u>	<u>1.557,8</u>	<u>597,1</u>
Handbært fé í lok tímabils	<u>3.600,0</u>	<u>1.557,8</u>	<u>3.600,0</u>	<u>1.557,8</u>

– Handbært fé samanstendur af innlendum og erlendum sjóði og óbundnum innstæðum í Seðlabanka Íslands

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 1997

REIKNINGSSKILAADFERÐIR

1. Framsetning og samræmi

Reikningsskil fyrir Landsbanka Íslands árið 1997 sýna annars vegar reikningsskil samstæðu Landsbanka Íslands og hins vegar reikningsskil bankans sjálfs, auk samannburðarfjárhæða.

Reikningsskilin eru gerð eftir kostnaðarverðsaðferð að teknu tilliti til áhrifa verðlagsbreytinga og er í meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaadferðum og á fyrra ári.

Fjárhæðir ársreiknings 1996, sem sýndar eru til samannburðar hafa ekki verið færðar til verðlags á árinu 1997. Meðaltalshækkun lánskjaravísitölu milli áráanna nam 1,80%, en hækkunin á árinu 1997 var 2,02%.

2. Samstæðureikningsskil og eignarhlutir í félögum

Samstæðureikningurinn tekur til reikningsskila Landsbanka Íslands og tengdra félaga. Til tengdra félaga teljast öll þau félög sem Landsbankinn á 50% eignarhlut í eða meira, en þau eru: Samstæða Landsbréfa hf. sem tekur til Landsbréfa og Landsvaka ehf, samstæða eignaumsýslufélag Landsbankans með fullnustueignum, sem tekur til hlutfélaganna Hamla, Regins og Rekstrarfélagsins, auk Stofnlánadeildar samvinnufélaga. Tengdu félögin eru öll með beinum eða óbeinum hætti að fullu í eigu Landsbankans.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er þessum stærðum því eytt innan samstæðunnar við gerð reikningsskilanna.

Í reikningsskilum Landsbankans er gerð grein fyrir afkomu og eignarhlutum tengdu félaganna með hlutdeildaraðferð. Eignarhlutir í umsýslufélögum eru sýndir meðal fullnustueigna, en aðrir eignarhlutir í tengdum félögum undir samnefndum lið.

Til hlutdeildarfélaga teljast þau félög sem samstæða Landsbankans hefur fjárfest í til langs tíma, en eignarhlutur er innan við 50% án þess að teljast þó óverulegur. Eignarhlutir hlutdeildarfélaga eru færðir í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í eigin fé þeirra og hlutdeild í rekstrarafkomu er færð með sama hætti, en úthlutaður arður er færður til lækkunar á eignarhlut samstæðunnar í hlutdeildarfélögunum.

Eignarhluti í Landssjóði ehf. er talinn með hlutdeildarfélögum í samstæðureikningi vegna sérstöðu hans sem verðbréfasjóðs, þó að sjóðurinn sé alfarið í eigu Landsbankasamstæðunnar.

Aðrir eignarhlutir í félögum, sem ekki teljast til veltu-
hlutabréfa, eru færðir á kostnaðarverði og birtir meðal
hlutabréfaeignar. Á árinu gerði bankinn samkomulag um
kaup og kauprétt á allt að 50% eignarhlut í Vátryggingafélagi Íslands hf. og Líftryggingafélagi Íslands hf. á árunum 1997 til 1999. Nýtti bankinn rétt sinn til kaupa á 6% eignarhlut fyrir 408 milljónir króna á árinu 1997. Nýtti bankinn áframhaldandi kauprétt sinn að fullu hefur það í för með sér 2.040 milljóna króna kaup á árinu 1998 og 952 milljóna króna kaup á árinu 1999.

Eignarhlutir í félögum sem samstæðan hefur eignast vegna skuldaskila eru metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslna og færðir meðal fullnustueigna.

3. Áhrif almennra verðlagsbreytinga

Við gerð ársreikningsins er tekið tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á afkomu og efnahag bankans og samstæðunnar. Verðlagsleiðréttingarnar hafa þau áhrif að rekstrarárangur umfram verðbólgu er birtur í rekstrarreikningi á meðalverðlagi, en fjárhæðir í efnahagsreikningi á verðlagi í lok tímabilsins. Er eftirfarandi aðferðum beitt:

- Áhrif almennra verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir, eins og þær voru í byrjun árs og breytingu þeirra á tímabilinu, eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Miðað er við breytingar á lánskjaravísitölu á árinu, en hún hækkaði um 2,02% frá upphafi árs til ársloka. Samkvæmt þessum útreikningi nema reiknuð gjöld bankans vegna verðlagsbreytinga 20,9 milljónum króna og samstæðunnar 25,2 milljónum króna. eru fjárhæðirnar færðar til gjalda í rekstrarreikningi, en til mótvægis á eigið fé í efnahagsreikningi.
- Varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til ársloka 1997 og er stuðst við breytingar á lánskjaravísitölu í þessu sambandi. Endurmatshækkunin er færð á eigið fé í efnahagsreikningi.

4. Markaðsverðbréf og ríkisvixlar

Verðbréfaeign samstæðunnar skiptist í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf.

Fjárfestingarverðbréf eru þau markaðsverðbréf sem samstæðan hefur tekið formlega ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs. Fjárfestingarverðbréf eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi og við útreikning á áföllnum vöxtum eða afföllum er miðað við upphaflega kaupkröfu.

Til veltuverðbréfa teljast öll önnur markaðsverðbréf að undanskildum ríkisvixlum og eru þau færð við markaðsverði á uppgjörsdegi.

Verðtrygð markaðsverðbréf eru færð miðað við vísitölu í janúar 1998 og markaðsverðbréf í erlendri mynt miðað við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands í árslok. Ríkisvixlar og samningar um sölu og endurkaup þeirra eru færðir meðal eigna og skulda undir liðunum sjóður og kröfur á lánastofnanir og skuldir við lánastofnanir.

5. Útlán og innlán

Útlán og innlán bankans eru færð á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum, samkvæmt nánari greiningu. Frá útlánum er dregin niðurfærsla vegna sérstakrar og almennrar útlánaáættu.

Verðtrygð útlán og innlán eru færð með áföllnum verðbótum, sem miðast við lánsjaravísitölu í janúar 1998. Erlendar eignir og skuldir miðast við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands í árslok.

Afmörkun vaxtatekna og vaxtagjalda miðast við 31. desember, nema á tiltekna útlána- og innlánaflokk, en vextir á þá eru reiknaðir til 21. desember. Vextir vegna þrepa sérvaxtareikninga eru færðir að þremur fjórðu hlutum.

Í samræmi við reglur bankaeftirlits Seðlabanka Íslands eru útlán metin með tilliti til útlánaáættu. Þegar útlán eru í sérstakri tapshættu vegna skerts gjaldþols lánþega eða vegna vanskila umfram 6 mánuði, er metin þörfin á að færa sérstök framlög í afskriftareikning útlána. Afskriftareikningurinn er síðan færður til lækkunar á viðkomandi útlánum. Vaxtatekjur vegna þessara útlána eru því að jafnaði aðeins skráðar að útlánastjórn meti útlánin það trygg að jafna megi þeim til almennra útlána.

Eignarleigusamningar eru færðir og metnir með samþærligum hætti og útlán.

Í vissum tilvikum þarf samstæða bankans að yfirtaka eignir, sem settar hafa verið til tryggingar útlánum. Seljist eignirnar ekki innan sex mánaða frá yfirtöku eru þær færðar meðal fullnustueigna á áætluðu markaðsverði. Í ársreikningi Landsbankans eru útlán til umsýslufélaga færð meðal fullnustueigna, svo og eignarhlutir í þessum sömu félögum, en í samstæðureikningi eru eignir og skuldir tengdra félaga jafnaðar út. Vaxtatekjur af fullnustueignum eru því aðeins skráðar að þær séu greiddar.

6. Afskriftareikningur útlána

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi bankans. Útlán, eignarleigusamningar, fullnustueignir og aðrar skuld-

bindingar samstæðunnar eru metnar með tilliti til taps-hættu og á grundvelli þess er myndaður afskriftareikningur, sem færður er til frádráttar viðeigandi efnahagslið.

Afskriftareikningur útlána samanstendur af sérstökum og almennum framlögum. Sérstök framlög eru vegna þeirra lánþega sem metnir eru í tapshættu vegna skerts gjaldþols eða langvarandi vanskila, en almenn framlög eru vegna skuldbindinga annarra lánþega en þeirra sem metnir eru í sérstakri tapshættu.

Við endanlega afskrift útlána samkvæmt ákvörðun bankaráðs, eru viðkomandi útlán færð úr bókum bankans og afskriftareikningur útlána lækkaður samsvarandi.

Almenn og sérstök framlög í afskriftareikning útlána á árinu 1997 eru færð til gjalda í rekstrarreikningi, en til tekna koma endurgreiðslur vegna áður afskrifaðra útlána.

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulegri afskrift af framreiknuðu stofnverði og byggist afskriftin á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftir í rekstrarreikningi eru færðar á meðalverðlagi og greinast fyrning-arhlutföll þannig:

Fasteignir	2 – 4%
Lausafé	15 – 33%

8. Eftirlaunaskuldbindingar

Á árinu tókst samkomulag við starfsmenn um breytt fyrirkomulag í lífeyrismálum. Samkvæmt samkomulaginu greiddi bankinn í árslok umsamda hlutdeild sína í ábyrgð á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs Landsbanka og Seðlabanka (ELS) með sérstakri skuldaviðurkenningu, en á móti féll niður bakábyrgð bankans á skuldbindingum sjóðsins. Ennfremur tókust samningar um aðrar lífeyrisskuldbindingar og gerði bankinn þá fjárhæð upp við viðurkennda lífeyrissjóði. Í árslok 1997 hvíla því engar óuppperðar skuldbindingar vegna eftirlaunakjara starfsmanna á bankanum.

Viðbótarkostnaður vegna framangreindra samninga, 1.021,6 milljónir króna, er færður meðal óreglulegra liða í rekstrarreikningi og greinist þannig:

Vegna „95 ára reglu“	546 millj. kr.
Annað v/ELS	257 millj. kr.
Vegna beinna skuldbindinga	219 millj. kr.

Sérstakar skuldaviðurkenningar vegna uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum eru færðar meðal ýmissa skulda í efnahagsreikningi.

9. Skattamál

Opinber gjöld samstæðunnar vegna ársins 1997 hafa verið reiknuð og færð í samstæðureikninginn.

Vegna yfirfæranlegs rekstrartaps frá fyrri árum mun bankinn ekki greiða tekjuskatt á árinu 1998 og af sömu ástæðu var skattskuldbinding bankans engin í árslok 1997. Í árslok átti bankinn yfirfæranlegt skattalegt tap að fjárhæð kr. 2.927,2 milljónir króna, sem unnt er að nýta til frádráttar tekjum á næstu þremur árum. Tengd félög greiða tekjuskatt á árinu 1998 að fjárhæð 34,5 milljónir króna.

Tekjuskattsskuldbinding að fjárhæð 4,5 milljónir króna hvílir á einu dótturfélaga bankans og kemur fram í samstæðureikningi undir liðnum reiknaðar skuldbindingar. Skuldbindingin stafar af því að gjöld eru færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Gera má ráð fyrir að þessi mismunur jafnist í framtíðinni og kemur skuldbindingin þá til greiðslu.

Reiknaður tekjuskattur í rekstrarreikningi Landsbankans, 358,2 milljónir króna, samsvarar skattspörun af óreglulegum liðum. Þessi sama fjárhæð er færð til frádráttar á óreglulegum gjöldum í rekstrarreikningi og hefur því ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins.

Ágreiningur er við skattyfirvöld um heimild bankans til að færa reiknaðar lífeyrisskuldbindingar á fyrri árum til frádráttar tekjum og eignum, áður en til formlegrar greiðslu kom í árslok 1997. Falli úrskurður bankanum í óhag hefur það í för með sér viðbótarskattgreiðslur að fjárhæð 108 milljónir króna, en á móti kemur að yfirfæranlegt tap að fjárhæð um 1.100 milljónir króna mun nýtast bankanum til ársins 2004. Ekki eru gerðar sérstakar færslur í ársreikningi 1997 vegna þessa.

10. Víkjandi lánsfé

Í árslok nemur víkjandi lán bankans 2.155,8 milljónum króna og lýtur það ákvæðum 54. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka. Lánið er í bandaríkjadollurum og ber vexti sem miðast við millibankavexti í London á þriggja mánaða innlánum að viðbættu 0,15% álagi. Gjaldldagi lánsins er árið 2011 með uppgreiðsluheimild á árinu 2006, en frá þeim tímamörkum breytist vaxta-viðmiðun til hækkunar.

11. Eigið fé og lögboðin hlutföll

Í ársbyrjun 1997 var eigið fé samstæðu Landsbanka Íslands 6.593,9 milljónir króna, sem jafngildir 6.727,1 milljón króna á árslokaverðlagi. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 1997 er eigið fé 7.047,2 milljónir króna, og hafði þannig hækkað um 320,1 milljónir króna umfram verðlagsbreytingar á árinu. Mismunurinn skýrist í meginatriðum af rekstrarhagnaði, en einnig af nokkrum eignum sem ekki fylgja almennum verðlagsbreytingum.

Samkvæmt ákvæðum 54. og 55. gr. laga um viðskiptabanka skal víkjandi lánsfé og eigið fé, eftir að það hefur verið lækkað um bókfært verð eignarhluta í öðrum fjármálafyrirtækjum, ekki nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af skilgreindum áhættugrunni. Hann samanstendur af heildareignum auk veittra ábyrgða og reiknaðra áhættuþátta, en að frádragnum nokkrum stærðum í efnahagsreikningi samkvæmt reglum sem Seðlabanki Íslands setur. Í árslok 1997 var eiginfjárhlutfall samstæðunnar samkvæmt framansögðu 8,53% og eiginfjárhlutfall Landsbankans 8,69%.

Í árslok 1997 uppfyllir bankinn og samstæðan önnur lögboðin hlutföll samkvæmt ákvæðum 46., 51. og 53. gr. laga um viðskiptabanka.

12. Fjármálasamningar

Bankinn hefur á árinu gert framvirka gjaldmiðlasamninga, vilnunarsamninga og gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga. Framvirku gjaldmiðlasamningarnir fela í sér að bankinn lofar að kaupa eða selja gjaldeyri á tilteknum degi á fyrirfram ákveðnu gengi, en vilnunarsamningarnir veita gagnaðila rétt til að velja hvort gengið er að fyrirframákveðnu verði eða ekki. Vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningarnir fela í sér skipti á greiðslum með tilliti til þróunar vaxta og gjaldmiðla. Með gagnvirkum aðgerðum hefur bankinn jafnframt takmarkað áhættu sína vegna framangreindra samninga. Í ársreikningnum hefur verið tekið tillit til áfallins gengismunar og vaxta, og tekjur bankans hlutfallaðar miðað við árslok. Útlánaígildi þessara samninga mælt samkvæmt reglum um mat á áhættugrunni er í árslok 208,2 milljónir króna.

13. Óreglulegir liðir

Óreglulegir liðir samanstanda af viðbótarkostnaði við kerfisbreytingar í lífeyrismálum 1.021,6 milljónir króna og uppgjöri á eldri halla á lífeyrisskuldbindingum 63,9 milljónir. Til tekna kemur tekjuskattspörun vegna óreglulegra gjalda að fjárhæð 358,2 milljónir.

14. Annað

Árið 1997 er síðasta starfsár Landsbanka Íslands og í ársbyrjun 1998 tekur Landsbanki Íslands hf. við eignum, skuldbindingum og rekstri bankans. Áætlaður kostnaður við að ljúka rekstri Landsbanka Íslands hefur verið gjaldfærður í rekstrarreikningi 1997, en áfallinn kostnaður vegna stofnunar Landsbanka Íslands hf. á árinu 1997 hefur verið eignfærður.

SUNDURLIÐANIR

15 Tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum

Samstæða Landsbanka Íslands

Landsbanki Íslands

	1997	1996	1997	1996
	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Veltu- og fjárfestingarhlutabréf	223,2	74,9	37,0	55,8
Hlutdeildarfyrtæki í fjármálastarfsemi	97,5	75,2	97,5	75,2
Önnur hlutdeildarfyrtæki	0,7	0,6	0,7	7,3
Tengd fyrtæki	0,4	0,5	66,4	61,5
	321,8	151,2	201,6	199,9

16 Hreinar þóknunartekjur

	1997	1996	1997	1996
	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Ábyrgðarþóknun	104,0	107,2	104,0	107,2
Aðrar þóknunartekjur	1.865,8	1.758,2	1.552,9	1.484,7
Þóknunargjöld	(6,9)	(8,3)	(6,9)	(8,3)
	1.962,9	1.857,1	1.650,0	1.583,6

17 Gengismunur af annarri fjármálastarfsemi

	1997	1996	1997	1996
	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Gengishagnaður af gjaldeyrsviðskiptum	121,5	312,3	121,5	296,9
Gengishagnaður af markaðsskuldabréfum og hlutabréfum	234,2	108,4	120,2	57,3
	355,7	420,7	241,7	354,2

18 Laun og tengd gjöld

	1997	1996	1997	1996
	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Laun	2.386,1	2.177,9	2.181,1	2.021,5
Iðgjöld í lífeyrissjóð	288,8	256,2	263,6	238,9
Önnur launatengd gjöld	81,5	108,1	48,1	76,2
	2.756,4	2.542,2	2.492,8	2.336,6

19 Bundnar kröfur á seðlabanka

	1997	1996	1997	1996
	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Bundnar kröfur samkvæmt bindiskyldureglum	2.934,7	2.655,5	2.934,7	2.655,5
Aðrar bundnar kröfur	311,2	2.308,7	311,2	2.308,7
	3.245,9	4.964,2	3.245,9	4.964,2

20 Kröfur á lánastofnanir

Samstæða Landsbanka Íslands

Landsbanki Íslands

	1997 Millj. kr.	1996 Millj. kr.	1997 Millj. kr.	1996 Millj. kr.
Hlutdeildarfyrtæki	609,8	106,2	609,8	106,2
Aðrar lánastofnanir	5.896,5	3.777,9	5.896,5	3.748,7
	6.506,3	3.884,1	6.506,3	3.854,9

21 Útlán

	1997 Millj. kr.	1996 Millj. kr.	1997 Millj. kr.	1996 Millj. kr.
Útlán til viðskiptavina:				
Yfirdráttarlán	15.714,9	10.904,2	16.787,9	12.605,1
Afurða- og rekstrarlán	4.774,1	5.898,1	4.774,1	5.898,1
Víxlar	2.686,0	3.248,6	2.686,0	3.248,6
Skuldabréf	39.899,6	39.985,7	39.663,1	39.985,7
Innleystar ábyrgðir	89,0	274,7	89,0	274,7
Erlend endurlán	24.970,4	17.801,9	25.253,8	17.801,9
Erlendar kröfur	266,7	778,0	266,7	778,0
Annað	664,0	354,4	318,9	33,2
	89.064,8	79.245,6	89.839,5	80.625,3

	1997 Millj. kr.	1996 Millj. kr.	1997 Millj. kr.	1996 Millj. kr.
Eignarleigusamningar:				
Samningar um fasteignir	0,0	0,0	0,0	0,0
Samningar um vélar og tæki	550,1	760,8	550,1	760,8
	550,1	760,8	550,1	760,8

	1997 %	1996 %	1997 %	1996 %
--	-----------	-----------	-----------	-----------

Útlán til viðskiptavina og eignarleigusamningar**Sundurliðun eftir lántakendum:**

Ríkissjóður og ríkisstofnanir	3,4	4,6	3,4	4,5
Bæjar- og sveitarfélög	3,7	4,6	3,7	4,5
Fyrirtæki:				
Landbúnaður	1,7	1,9	1,7	1,9
Sjávarútvegur	35,7	32,7	35,2	32,1
Verslun	15,0	16,0	14,8	15,7
Iðnaður	6,5	6,7	6,4	6,6
Samgöngur	1,6	1,6	1,6	1,6
Þjónusta	3,3	2,8	4,9	4,9
Annað	7,7	8,5	7,4	8,4
Einstaklingar	21,4	20,5	20,9	19,8
	100,0	100,0	100,0	100,0

21 Útlán (framhald)

Samstæða Landsbanka Íslands

Landsbanki Íslands

	1997 Millj. kr.	1996 Millj. kr.	1997 Millj. kr.	1996 Millj. kr.
Fullnustueignir:				
Fasteignir	3.357,4	3.391,4	205,0	203,3
Lausafjármunir	38,3	68,1	18,8	29,8
Eignarhlutir í fullnustu- og rekstrarfélögum	0,0	0,0	18,1	8,7
Útlán til fullnustu- og rekstrarfélaga	0,0	0,0	4.190,8	4.987,5
Aðrir eignarhlutir	712,5	1.370,9	0,0	0,0
	4.108,2	4.830,4	4.432,8	5.229,3
	1997	1996	1997	1996
	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Óvaxtaberandi útlán og fullnustueignir:				
Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir	1.588,4	2.516,3	1.588,4	2.516,3
Fullnustueignir	4.627,8	5.571,9	4.952,3	5.229,3
Sérstakur afskriftareikningur útlána og eignarleigusamninga	(1.588,4)	(2.516,3)	(1.588,4)	(2.516,3)
Sérstakur afskriftareikningur fullnustueigna	(519,6)	(741,5)	(519,6)	(741,5)
Afskriftalán að frádregnum sérstökum afskriftareikningi ...	4.108,2	4.830,4	4.432,8	4.487,8
Önnur vaxtafryst útlán	950,6	535,9	950,6	535,9
	5.058,8	5.366,3	5.383,4	5.023,7

- Meðal óvaxtaberandi útlána eru færð útlán til viðskiptavina og eignarleigusamningar sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir. Undanskilinn er sá hluti heildarskuldbindinga viðkomandi lánþega sem talinn er að fullu tryggður.
- Verulegur hluti af fullnustueignum er tekjuberandi. Á árinu 1997 var raunávöxtun bankans af yfirtökueignum um 5%

Afskriftareikningur útlána

Hreyfingar á árinu:

	Sérstakur Millj. kr.	Almennur Millj. kr.	Samtals Millj. kr.
Staða í upphafi árs	3.257,8	468,7	3.726,5
Framlög á árinu	531,7	468,3	1.000,0
Fært út sem endanlega töpuð útlán	(1.681,4)	(357,4)	(2.038,8)
Staða 31.12.1997	2.108,1	579,6	2.687,7
Innkomin áður afskrifuð útlán	541,4		541,4

	1997		1997	
	Markaðsverð	Bókfært verð	Markaðsverð	Bókfært verð
Veltuskuldabréf				
Útgefendur:				
Útgefin af opinberum aðilum	6.615,8	6.615,8	5.315,1	5.315,1
Útgefin af öðrum aðilum	821,2	821,2	683,5	683,5
	7.436,9	7.436,9	5.998,6	5.998,6
Skráning:				
Verðbréfaþing Íslands	6.970,3	6.970,3	5.657,6	5.657,6
Önnur skráð skuldabréf	4,0	4,0	0,0	0,0
Óskráð skuldabréf	462,6	462,6	341,0	341,0
	7.436,9	7.436,9	5.998,6	5.998,6
Fjárfestingarskuldabréf				
Útgefendur:				
Opinberir aðilar	1.374,8	1.390,3	1.374,8	1.390,3
Aðrir	0,0	0,0	0,0	0,0
	1.374,8	1.390,3	1.374,8	1.390,3
Skráning:				
Verðbréfaþing Íslands	1.352,2	1.367,7	1.352,2	1.367,7
Önnur skráð skuldabréf	0,0	0,0	0,0	0,0
Óskráð skuldabréf	22,6	22,6	22,6	22,6
	1.374,8	1.390,3	1.374,8	1.390,3
Markaðsskuldabréf alls	8.811,7	8.827,2	7.373,4	7.388,9

23 Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum

Samstæða Landsbanka

Landsbanki Íslands

	1997	1996	1997	1996
	Bókfært verð	Bókfært verð	Bókfært verð	Bókfært verð
Veltuhlutabréf				
Skráning:				
Verðbréfaþing Íslands	244,2	12,9	199,5	0,0
Önnur skráð hlutabréf	17,8	22,6	0,0	0,0
Óskráð hlutabréf	0,4	0,5	0,0	0,0
	<u>262,4</u>	<u>36,0</u>	<u>199,5</u>	<u>0,0</u>
Fjárfestingarhlutabréf				
Skráning:				
Verðbréfaþing Íslands	0,0	99,8	0,0	95,7
Önnur skráð hlutabréf	0,0	0,0	0,0	0,0
Óskráð hlutabréf	727,1	375,7	727,1	375,7
	<u>727,1</u>	<u>475,5</u>	<u>727,1</u>	<u>471,4</u>
Hlutabréf alls	<u>989,5</u>	<u>511,5</u>	<u>926,6</u>	<u>471,4</u>

	Eignar- hlutur	Hagnaðar- hlutdeild	Nafnverð	Markaðs- verð	Bókfært verð
	%	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Eignarhlutir – fjárfestingarhlutabréf:					
Hlutdeildarskírteini Hlutfjársgjalds		37,4	262,3		319,1
Vátryggingafélag Íslands hf	5,3		28,3		375,4
Líftryggingafélag Íslands hf	5,3		4,8		32,6
		<u>37,4</u>	<u>295,4</u>		<u>727,1</u>

24 Hlutir í hlutdeildarfyrtækjum

	Eignar- hlutur	Hagnaðar- hlutdeild	Nafnverð	Markaðs- verð	Bókfært verð
	%	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Landsbanki Íslands					
Greiðslumiðlun hf	45,4	54,7	30,0		458,4
Lýsing hf	40,0	29,2	122,2		229,4
Reiknistofa bankanna	38,4	23,0	169,1		159,3
Snorrabraut hf	36,0	0,7	6,4		10,7
Kreditkort hf	17,5	12,9	8,2		130,3
Rafræn skráning ehf	15,1	0,0	1,3		1,3
		<u>120,5</u>	<u>337,1</u>		<u>989,4</u>
Samstæða Landsbanka Íslands:					
Önnur félög		0,0	2,6		2,6
		<u>120,5</u>	<u>339,7</u>		<u>992,0</u>

25 Hlutir í tengdum fyrirtækjum

	Eignar- hlutur	Hagnaðar- hlutdeild	Nafnverð	Markaðs- verð	Bókfært verð
	%	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Landsbanki Íslands					
Landsbréf hf	90,0	66,4	81,8		278,6
Stofnlánadeild samvinnufélaga	100,0	0,0	0,7		0,7
		66,4	82,5		279,3
Samstæða Landsbanka Íslands:					
Landsjóður hf		0,4	5,0		7,4
		0,4	5,0		7,4

26 Kröfur á og skuldir við hlutdeildar- og tengd fyrirtæki

	Samstæða	Landsbanki Íslands	
		1997	1996
		Millj. kr.	Millj. kr.
Eignaliðir:			
Kröfur á lánastofnanir		609,8	106,2
Útlán		1.793,3	2.379,0
		2.403,1	2.485,2
Skuldaliðir:			
Skuldir við lánastofnanir		291,6	5,9
Innlán		292,0	22,5
		583,6	28,4

27 Rekstrarfjármunir

	Húseignir og lóðir	Húsbún. tæki o.fl.	Húseignir og lóðir	Húsbún. tæki o.fl.
	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Hreyfingar á árinu:				
Heildarverð í upphafi árs	5.328,7	1.300,3	5.328,7	1.047,0
Viðbót á árinu	232,9	315,9	175,6	266,8
Endurmat á árinu	109,1	25,3	109,0	22,9
Selt á árinu	(297,1)	(36,1)	(297,1)	(11,5)
Heildarverð 31.12.97	5.373,6	1.605,4	5.316,2	1.325,1
Afskrifað áður	1.728,9	714,4	1.728,9	512,2
Afskrifað á árinu	105,0	159,9	105,0	137,8
Endurmat á árinu	35,3	11,4	35,3	10,3
Selt á árinu	(126,4)	(28,7)	(126,4)	(8,1)
Afskrifað samtals	1.742,8	857,0	1.742,7	652,2
Bókfært verð 31.12.97	3.630,8	748,4	3.573,5	672,9
Fasteignamat húseigna og lóða			2.110,0	
Brunabótamat húseigna			4.982,5	

28 Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum – verðtryggingu

	Samstæða		Landsbanki Íslands	
	1997	1996	1997	1996
	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Gengisbundið:				
Gengisbundnar eignir	36.059,2	29.575,5	35.685,5	29.506,7
Gengisbundnar skuldir	33.922,0	27.974,0	33.854,1	27.974,0
Mismunur	2.137,2	1.601,5	1.831,4	1.532,7
Verðtryggt:				
Verðtryggðar eignir	41.313,4	40.226,1	40.049,2	38.291,8
Verðtryggðar skuldir	33.026,1	29.346,2	32.897,6	29.191,2
Mismunur	8.287,3	10.879,9	7.151,6	9.100,6

29 Skuldir við lánastofnanir

	1997	1996	1997	1996
	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Skuldir við seðlabanka	1.091,2	11,2	1.091,2	11,2
Aðrar skuldir við aðrar lánastofnanir	10.836,7	3.729,5	10.836,7	3.561,1
	11.927,9	3.740,7	11.927,9	3.572,3

30 Reiknaðar skuldbindingar

	1997	1996	1997	1996
	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Lífeyrisskuldbindingar:				
Lífeyrisskuldbindingar samtals	0,0	4.030,4	0,0	4.007,2
þ.a. vegna fyrrverandi bankaráðsmanna		0,0		0,0
þ.a. vegna fyrrverandi bankastjóra		196,1		196,1
Við útreikning lífeyrisskuldbindinga er miðað við 3% afvöxtunarkröfu.				
Tekjuskattsskuldbinding	4,5	7,1	0,0	0,0

31 Laun og þóknanir til yfirstjórnar

	1997	1996
	Millj. kr.	Millj. kr.
Bankaráð	5,9	4,2
Bankastjórn	34,6	27,6
	40,5	31,8

32 Starfsmannafjöldi

Samstæða Landsbanka Íslands

Landsbanki Íslands

	<u>1997</u>	<u>1996</u>	<u>1997</u>	<u>1996</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	1,119	1,141	1,062	1,098
Stöðugildi í árslok	1,102	1,118	1,038	1,075
þ.a. bankastörf	966	968	904	929

33 Eigið fé

	<u>1997</u>	<u>1996</u>	<u>1997</u>	<u>1996</u>
	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Eigið fé og eiginfjárlutfall				
Eigið fé og eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum laga:				
Eiginfjárbáttur A	7.047,2	6.593,9	7.047,2	6.593,9
Eiginfjárbáttur B	2.155,8	1.994,7	2.155,8	1.994,7
- frádráttarliðir sbr. 55. gr. laga nr. 113/1996	(818,1)	(693,8)	(818,1)	(693,8)
Eigið fé samtals	8.384,9	7.894,8	8.384,9	7.894,8
Áhættugrunnur	98.339,5	84.580,8	96.534,4	84.342,2
Eiginfjárlutfall	8,53%	9,33%	8,69%	9,36%
Eiginfjárhreyfingar:				
Varasjóðir í upphafi árs	13,3	10,0	0,0	0,0
Framlag í lögbundinn varasjóð	3,3	3,1	0,0	0,0
Annað	0,0	0,2	0,0	0,0
Varasjóðir 31.12.97	16,6	13,3	0,0	0,0
Endurmatsreikningar í upphafi árs	5.307,6	5.219,6	5.307,6	5.219,6
Endurmat á árinu	127,1	88,0	127,1	88,0
Endurmatsreikningar 31.12.97	5.434,7	5.307,6	5.434,7	5.307,6
Óráðstafað eigið fé í upphafi árs	1.273,0	971,3	1.286,3	975,2
Hagnaður ársins	326,2	262,4	326,2	262,4
Framlag í lögbundinn varasjóð	(3,3)	(3,1)	0,0	0,0
Annað	0,0	42,4	0,0	48,7
Óráðstafað eigið fé 31.12.97	1.595,9	1.273,0	1.612,5	1.286,3
Eigið fé alls	<u>7.047,2</u>	<u>6.593,9</u>	<u>7.047,2</u>	<u>6.593,9</u>

34 Liðir utan efnahagsreiknings

Samstæða Landsbanka Íslands

Landsbanki Íslands

	1997 Millj. kr.	1996 Millj. kr.	1997 Millj. kr.	1996 Millj. kr.
Ábyrgðir:				
Veittar ábyrgðir	8.050,2	5.684,3	7.662,7	5.684,3
Aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings:				
Sala með endurkauparétti	130,7	0,0	0,0	0,0
Ónýttar yfirdráttarheimildir	7.846,5	5.083,9	7.846,5	5.083,9
Útlánaígildi afleiðusamninga í áhættugrunni	208,2	59,5	208,2	59,5
Aðrar skuldbindingar	387,0	550,0	0,0	0,0
Aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings alls	8.691,4	5.693,4	8.054,7	5.143,4
Sundurliðun afleiðusamninga (nafnfjárhæðir):				
Framvirkir samningar:				
Eignir í íslenskum krónum	6.134,6	102,0	6.134,6	102,0
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	11.930,4	359,3	11.930,4	359,3
Skuldir í íslenskum krónum	5.232,5	359,3	5.232,5	359,3
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	12.835,2	102,0	12.835,2	102,0
	18.065,0	461,3	18.065,0	461,3
Gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar:				
Eignir í íslenskum krónum	660,2	0,0	660,2	0,0
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	1.699,4	300,0	1.699,4	300,0
Skuldir í íslenskum krónum	688,5	300,0	688,5	300,0
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	1.671,0	0,0	1.671,0	0,0
	2.359,5	300,0	2.359,5	300,0
Afleiðusamningar alls (nafnfjárhæðir)	20.424,5	761,3	20.424,5	761,3

35 Eftirstöðvatími eigna og skulda Landsbanka Íslands 31.12 1997 í mkr.

	Gjaldkræft	0-3 mán	3-12 mán	1-5 ár	> 5 ár	Samtals
Eignir:						
Kröfur á lánastofnanir	1.981,8	2.815,7	82,5	1.513,0	113,3	6.506,3
Útlán til viðskiptavina og eignarleigusamningar .	6.864,1	23.878,9	17.804,6	23.701,2	18.140,8	90.389,6
Markaðsverðbréf, sem eru á gjalddaga innan árs						1.208,0
	Gjaldkræft	0-3 mán	3-12 mán	1-5 ár	> 5 ár	Samtals
Skuldir:						
Skuldir við lánastofnanir	11.802,0	124,0	1,9	0,0		11.927,9
Innlán	55.982,7	3.919,4	4.884,7	0,0		64.786,8
Lántaka frá lánastofnunum	4.707,5	5.672,0	3.968,0	1.005,6		15.353,1
Verðbréfaútgáfa til innlausnar innan árs						8.955,7

Rekstrarreikningur Landsbanka Íslands hf.

Skýr.	Samstæða		Landsbanki Íslands hf.	
	30.06.98	30.06.97	30.06.98	30.06.97
	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Vaxtatekjur				
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir.....	430,9	362,2	430,9	362,2
Vaxtatekjur af útlánnum.....	4.465,5	4.220,2	4.598,6	4.377,5
Vaxtatekjur af markaðsverðbréfum.....	384,0	258,4	355,3	221,3
Aðrar vaxtatekjur.....	5,6	8,5	5,6	7,9
	5.286,0	4.849,3	5.390,5	4.968,9
Vaxtagjöld				
Vaxtagjöld til lánastofnana.....	271,2	104,6	271,2	91,9
Vaxtagjöld af innlánnum.....	1.475,2	1.373,9	1.493,8	1.376,2
Vaxtagjöld af lántöku.....	1.073,2	959,8	1.073,2	1.015,2
Vaxtagjöld af víkjandi lánnum.....	64,6	61,7	64,6	61,7
Önnur vaxtagjöld.....	224,7	229,9	224,0	229,5
Reiknuð gjöld / (tekjur) vegna verðlagsbreytinga..... (3)	11,9	(18,6)	9,0	12,2
	3.120,8	2.711,2	3.135,9	2.786,6
Hreinar vaxtatekjur				
	2.165,2	2.138,1	2.254,6	2.182,3
Aðrar rekstrartekjur				
Tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum í félögum..... (13)	175,6	66,6	86,2	134,4
Hreinar þóknunartekjur..... (14)	980,0	943,6	854,5	788,0
Gengismunur af annarri fjármálastarfsemi..... (15)	316,6	262,1	285,7	161,9
Aðrar rekstrartekjur.....	73,6	159,3	44,3	51,7
	1.545,8	1.431,6	1.270,8	1.135,9
Hreinar rekstrartekjur				
	3.711,0	3.569,7	3.525,5	3.318,2
Rekstrargjöld				
Almennur rekstrarkostnaður:				
Laun og tengd gjöld..... (16)	1.594,1	1.412,4	1.480,2	1.282,8
Annar rekstrarkostnaður.....	1.041,1	974,0	984,4	910,2
Afskriftir rekstrarfjármuna..... (25)	145,1	125,8	132,8	116,8
Önnur rekstrargjöld.....	11,0	14,0	11,0	14,0
	2.791,3	2.526,2	2.608,4	2.323,8
Framlög í afskriftareikning útlána (6, 19)	450,0	561,7	450,0	550,2
Innkomin áður afskrifuð útlán (6, 19)	(22,3)	(42,6)	(22,3)	(42,6)
	3.219,0	3.045,3	3.036,1	2.831,5
Hagnaður fyrir skatta og óreglulega liði				
	491,9	524,4	489,3	486,8
Skattar				
Reiknaður tekjuskattur..... (9)	(1,3)	(78,9)	0,0	(42,7)
Eignarskattur.....	(1,3)	(33,3)	0,0	(31,9)
Hagnaður af reglulegri starfsemi eftir skatta				
	489,3	412,2	489,3	412,2
Óreglulegir liðir				
Viðbótargjöld v/ uppgjors á eftirlaunaskuldbindingum..... (8)	0,0	(129,4)	0,0	(129,4)
Reiknuð skattspörun af óreglulegum gjöldum.....	0,0	42,7	0,0	42,7
	489,3	325,5	489,3	325,5
Hagnaður tímabilsins.....	489,3	325,5	489,3	325,5

Efnahagsreikningur Landsbanka Íslands hf.

<i>Eignir</i>	Skýr.	Samstæða		Landsbanki Íslands hf.	
		30.06.98	31.12.97	30.06.98	31.12.97
		Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Sjóður og kröfur á lánastofnanir					
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka.....		1.405,2	3.600,0	1.405,2	3.600,0
Ríkisvixlar og aðrir vixlar endurseljanlegir í Seðlabanka....	(4)	2.779,3	2.012,4	2.779,3	2.012,4
Kröfur á lánastofnanir:					
Bundnar kröfur á Seðlabanka.....	(17)	3.734,5	3.245,9	3.734,5	3.245,9
Kröfur á lánastofnanir.....	(18)	7.319,5	6.506,3	7.319,5	6.506,3
		15.238,5	15.364,5	15.238,5	15.364,5
Útlán					
Útlán til viðskiptavina.....	(5, 6, 32)	91.161,7	89.064,8	91.645,8	89.839,5
Eignarleigusamningar.....	(19)	272,2	550,1	272,2	550,1
Fullnustueignir.....	(19)	3.924,4	4.108,2	4.377,6	4.432,8
		95.358,2	93.723,1	96.295,6	94.822,4
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum					
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum..	(2, 4)	14.182,9	8.827,2	13.013,9	7.388,9
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum.....	(21)	1.888,5	989,5	1.802,8	926,6
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum.....	(22)	1.101,6	992,0	1.101,6	989,4
Hlutir í tengdum fyrirtækjum.....	(23)	8,3	7,4	285,7	279,3
		17.181,4	10.816,1	16.204,0	9.584,2
Rekstrarfjármunir					
Húseignir og lóðir.....	(7, 25)	3.820,5	3.630,8	3.769,0	3.573,5
Húsbúnaður, tæki o.fl.....		899,3	748,4	828,3	672,9
		4.719,7	4.379,2	4.597,3	4.246,3
Ýmsir eignaliðir					
Aðrar eignir.....		273,0	263,2	276,6	268,9
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur.....		203,0	216,7	203,0	214,6
		476,0	479,9	479,6	483,5
Eignir samtals.....		132.973,8	124.762,8	132.815,0	124.500,9

30. júní 1998

Skýr.	Samstæða		Landsbanki Íslands hf.	
	30.06.98	31.12.97	30.06.98	31.12.97
	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Skuldir og eigið fé				
Lánastofnanir				
Skuldir við innlendar og erlendar lánastofnanir..... (27)	18.067,9	11.927,9	18.067,9	11.927,9
	18.067,9	11.927,9	18.067,9	11.927,9
Innlán (5, 32)				
Óbundin innlán.....	50.039,2	46.993,5	50.093,1	47.119,6
Bundin innlán	14.581,6	13.661,2	14.581,6	13.661,2
Sérstök innlán.....	3.393,9	4.006,0	3.393,9	4.006,0
	68.014,8	64.660,8	68.068,7	64.786,8
Lántaka				
Lán frá lánastofnunum..... (32)	13.021,6	15.446,6	12.962,9	15.353,1
Verðbréfaútgáfa:				
Bankabréf.....	10.653,0	10.854,5	10.653,0	10.819,5
Bankavíxlar.....	7.215,9	6.422,6	7.215,9	6.422,6
Önnur lántaka.....	73,3	112,4	73,3	112,4
	30.963,9	32.836,1	30.905,2	32.707,6
Aðrar skuldir				
Ýmsar skuldir..... (8)	5.755,4	5.851,0	5.674,8	5.673,0
Áfallin gjöld og fyrirframminnheimtar tekjur.....	398,8	279,6	326,4	202,6
Reiknaðar skuldbindingar.....	1,0	4,5	0,0	0,0
	6.155,2	6.135,0	6.001,2	5.875,6
Víkjandi lán (10)	2.143,8	2.155,8	2.143,8	2.155,8
<i>Skuldir og víkjandi lán alls</i>	125.345,7	117.715,6	125.186,8	117.453,7
Eigið fé (11, 30)				
Hlutfé.....	5.500,0		5.500,0	
Annað eigið fé.....	2.128,2	7.047,3	2.128,2	7.047,2
	7.628,2	7.047,3	7.628,2	7.047,2
Skuldir og eigið fé samtals.....	132.973,8	124.762,8	132.815,0	124.500,9
Líðir utan efnahagsreiknings				
Ábyrgðir..... (31)	8.167,8	8.050,2	7.774,7	7.662,7
Aðrar skuldbindingar..... (12)	8.590,3	8.691,4	8.241,3	8.054,7
	16.758,1	16.741,6	16.016,0	15.717,4

Sjóðstreymi 1. janúar til 30. júní 1998

	Samstæða		Landsbanki Íslands hf.	
	1998	1997	1998	1997
	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Handbært fé frá rekstri				
Hagnaður ársins.....	489,3	325,5	489,3	325,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:				
Afskriftir, söluhagnaður og verðbólguleiðréttingar.....	159,2	107,2	143,9	128,3
Framlag í afskriftareikning útlána.....	450,0	561,4	450,0	550,0
Framlag í eftirlaunasjóð.....	4,1	312,3	0,0	309,4
Reiknaðir rekstrarliðir af útlánum, innlánum og verðbréfum.....	462,7	272,5	635,2	345,4
Vextir og verðbætur frá Seðlabanka Íslands.....	(29,8)	(82,9)	(29,8)	(82,9)
Vextir og gengismunur af stöðum við lánastofnanir.....	(107,1)	(27,1)	(107,1)	(27,1)
Vextir og gengismunur af víkjandi lánsfé.....	(12,0)	111,2	(12,0)	111,2
Hagnaður af eignarhlutum í félögum að frádregnum arði.....	(84,8)	(43,6)	(91,0)	(114,5)
Annað.....	(80,4)	5,7	0,0	0,8
	1.251,3	1.542,2	1.478,5	1.546,1
Fjárfestingahreyfingar				
Hækkun útlána	(1.360,2)	(2.136,7)	(1.293,8)	(1.539,4)
Bundnar kröfur á Seðlabanka Íslands, (hækkun) lækkun.....	(458,8)	1.957,5	(458,8)	1.957,5
Ríkisvixlar, hækkun.....	(744,9)	(2.470,0)	(744,9)	(2.470,0)
Hækkun markaðsverðbréfa.....	(4.345,1)	(668,3)	(4.677,1)	(1.360,2)
Hækkun krafna á aðrar lánastofnanir.....	(728,2)	(1.020,0)	(728,2)	(1.020,0)
Kaup á eignarhlutum í félögum.....	(939,8)	(409,6)	(884,8)	(416,7)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, nettó.....	(429,1)	(128,5)	(422,3)	(107,9)
Önnur (hækkun) lækkun.....	93,3	(756,1)	3,9	(772,0)
	(8.912,8)	(5.631,7)	(9.206,0)	(5.728,8)
Fjármögnunarhreyfingar				
Hækkun (lækkun) innlána án vaxta og verðbóta.....	1.567,9	(160,4)	1.495,7	(22,2)
Hækkun verðbréfaútgáfu.....	111,3	1.694,7	111,3	1.694,7
Hækkun annarra skulda við lánastofnanir.....	6.140,0	4.098,8	6.140,0	4.093,9
Lán frá erlendum lánastofnunum, hækkun.....	(2.153,8)	(2.336,8)	(2.119,0)	(2.336,8)
Önnur hækkun (lækkun).....	(198,7)	129,7	(95,3)	89,6
	5.466,7	3.426,0	5.532,7	3.519,2
Lækkun á handbæru fé.....	(2.194,8)	(663,5)	(2.194,8)	(663,5)
Handbært fé í ársbyrjun	3.600,0	1.557,8	3.600,0	1.557,8
Handbært fé í lok tímabils.....	1.405,2	894,3	1.405,2	894,3

- Handbært fé samanstendur af innlendum og erlendum sjóði og óbundnum innstæðum í Seðlabanka Íslands

Skýringar með árshlutareikningi 30. júní 1998

Reikningssskilaaðferðir

1. Framsetning og samræmi

Árshlutareikningsskil Landsbanka Íslands hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 1998 sýna annars vegar reikningsskil samstæðu Landsbanka Íslands hf. og tengdra félaga og hins vegar reikningsskil bankans sjálfs, auk samanburðarfjárhæða við Landsbanka Íslands.

Reikningssskilin eru gerð í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana og er í meginatriðum fylgt sömu reikningssskilaaðferðum og undanfarin ár.

Landsbankinn var gerður að hlutfélagi með lögum nr. 50/1997 um stofnun hlutfélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Stofnað var hlutfélag hinn 10. september 1997 sem yfirtók rekstur og starfsemi Landsbanka Íslands svo og eignir hans og skuldbindingar frá og með 1. janúar 1998. Hlutfélagsbankanum var veitt starfsleyfi af viðskiptaráðherra hinn 20. desember 1997 og tók það gildi 1. janúar 1998.

2. Samstæðureikningsskil og eignarhlutir í félögum

Samstæðureikningurinn tekur til reikningsskila Landsbanka Íslands hf. og tengdra félaga. Til tengdra félaga teljast öll þau félög sem Landsbankinn á 50% eignarhlut í eða meira, en þau eru: Samstæða Landsbréfa sem tekur til Landsbréfa hf. og Landsvaka

ehf, samstæða eignaumsýslufélaga Landsbankans með fullnustueignum, sem tekur til hlutfélaganna Hamla, Regins og Rekstrarfélagsins, auk Stofnlánadeildar samvinnufélaga. Tengdu félögin eru öll með beinum eða óbeinum hætti að fullu í eigu Landsbankans.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er þessum stærðum því eytt innan samstæðunnar við gerð reikningsskilanna.

Í reikningssskilum Landsbankans er gerð grein fyrir afkomu og eignarhlutum tengdu félaganna með hlutdeildaraðferð. Eignarhlutir í umsýslufélögum eru sýndir meðal fullnustueigna, en aðrir eignarhlutir í tengdum félögum undir samnefndum lið.

Til hlutdeildarfélaga teljast þau félög sem samstæða Landsbankans hefur fjárfest í til langs tíma en eignarhlutur er innan við 50% án þess að teljast þó óverulegur. Eignarhlutir hlutdeildarfélaga eru færðir í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í eigin fé þeirra og hlutdeild í rekstrarafkomu er færð með sama hætti, en úthlutaður arður er færður til lækkunar á eignarhlut samstæðunnar í hlutdeildarfélögunum.

Eignarhlutur í Landssjóði ehf. er talinn með hlutdeildarfélögum í samstæðureikningi vegna sérstöðu hans

sem verðbréfasjóðs, þó að sjóðurinn sé alfarið í eigu Landsbankasamstæðunnar.

Aðrir eignarhlutir í félögum, sem ekki teljast til veltuhlutabréfa, eru færðir á kostnaðarverði og birtir meðal hlutabréfaeignar. Bankinn hefur samið um kaup og kauprétt á allt að 50% eignarhlut í Vátryggingafélagi Íslands hf. og Líftryggingafélagi Íslands hf. á árunum 1997 til 1999. Bankinn hefur nýtt sér rétt sinn til kaupa á 16% eignarhlut fyrir 1.088 millj. króna. Nýti bankinn áframhaldandi kauprétt sinn að fullu hefur það í för með sér 1.360 millj. króna kaup á síðari hluta ársins og 952 millj. króna kaup á árinu 1999.

Eignarhlutir í félögum sem samstæðan hefur eignast vegna skuldasquila eru metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslna og færðir meðal fullnustueigna. Tekjur eru færðar með öðrum rekstrartekjum.

3. Áhrif almennra verðlagsbreytinga

Við gerð árshlutareikningsins er tekið tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á afkomu og efnahag bankans og samstæðunnar. Verðlagsleiðréttingarnar hafa þau áhrif að rekstrarárangur umfram verðbólgu er birtur í rekstrarreikningi á meðalverðlagi, en fjárhæðir í efnahagsreikningi á verðlagi í lok tímabilsins. Er eftirfarandi aðferðum beitt:

– Áhrif almennra verðlags-breytinga á peningalegar eignir og skuldir, eins og þær voru í byrjun árs og breytingu þeirra á tímabilinu, eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Miðað er við breytingar á vísitölu neysluverðs á fyrstu sex mánuðum ársins en hún hækkaði um 1,42% frá upphafi árs til loka tímabilsins. Samkvæmt þessum útreikningi nema reiknuð gjöld bankans vegna verðlagsbreytinga 9,0 millj. króna og samstæðunnar 11,9 millj. króna. Eru fjárhæðirnar færðar til gjalda í rekstrarreikningi en til mótvægis á eigið fé í efnahagsreikningi.

– Varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til júniloka 1998 og er stuðst við breytingar á vísitölu neysluverðs í þessu sambandi. Endurmatshækkunin er færð á eigið fé í efnahagsreikningi.

4. Markaðsverðbréf og ríkisvixlar

Verðbréfaeign samstæðunnar skiptist í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf.

Fjárfestingarverðbréf eru þau markaðsverðbréf sem samstæðan hefur tekið formlega ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs. Fjárfestingarverðbréf eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi og við útreikning á áföllnum vöxtum eða afföllum er miðað við upphaflega kaupkröfu.

Til veltuverðbréfa teljast öll önnur markaðsverðbréf að undanskildum ríkisvixlum og eru þau færð við markaðsverði á uppgjörstæði. Í þeim tilfellum sem skráð markaðsverð á VPÍ á

uppgjörstæði er talið vera hærra en raunvirði eru viðkomandi verðbréf færð niður til áætlaðs raunvirðis á uppgjörstæði.

Verðtryggð markaðsverðbréf eru færð miðað við vísitölu í júlí 1998 og markaðsverðbréf í erlendri mynt miðað við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands í lok júní. Ríkisvixlar og samningar um sölu og endurkaup þeirra eru færðir meðal eigna og skulda undir liðunum sjóður og kröfur á lánastofnanir og skuldir við lánastofnanir.

5. Útlán og innlán

Útlán og innlán bankans eru færð á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum samkvæmt nánari greiningu. Frá útlánnum er dregin niðurfærsla vegna sérstakrar og almennrar útlánaáhættu.

Verðtryggð útlán og innlán eru færð með áföllnum verðbótum, sem miðast við vísitölu í júlí 1998. Erlendar eignir og skuldir miðast við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands í júnílok.

Afmörkun vaxtatekna og vaxtagjalda miðast við 30. júní, nema á tiltekna útlána- og innlánaflokkum, en vextir á þá eru reiknaðir til 21. júní. Vextir vegna þrepa sérvaxtareikninga eru færðir að þremur fjórðu hlutum.

Í samræmi við reglur bankaeftirlits Seðlabanka Íslands eru útlán metin með tilliti til útlánaáhættu. Þegar útlán eru í sérstakri tapshættu vegna skerts gjaldþols lánþega eða vegna vanskila umfram 6 mánuði, er metin

þörfin á að færa sérstök framlög í afskriftareikning útlána. Afskriftareikningurinn er síðan færður til lækkunar á viðkomandi útlánnum. Vaxtatekjur vegna þessara útlána eru því að jafnaði aðeins skráðar að útlánastjórn meti útlánin það trygg að jafna megi þeim til almennra útlána.

Eignarleigusamningar eru færðir og metnir með sambærilegum hætti og útlán.

Í vissum tilvikum þarf samstæða bankans að yfirtaka eignir, sem settar hafa verið til tryggingar útlánnum. Seljist eignirnar ekki innan sex mánaða frá yfirtöku eru þær færðar meðal fullnustueigna á áætl-uðu markaðsverði. Í ársreikningi Landsbankans eru útlán til umsýslufélaga færð meðal fullnustueigna, svo og eignarhlutir í þessum sömu félögum, en í samstæðureikningi eru eignir og skuldir tengdra félaga jafnaðar út. Vaxtatekjur af fullnustueignum eru því aðeins skráðar að þær séu greiddar.

6. Afskriftareikningur útlána

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi bankans. Útlán, eignarleigusamningar, fullnustueignir og aðrar skuldbindingar samstæðunnar eru metnar með tilliti til taps-hættu og á grundvelli þess er myndaður afskriftareikningur, sem færður er til frádráttar viðeigandi efnahagslið.

Afskriftareikningur útlána samanstendur af sérstökum og almennum

framlögum. Sérstök framlög eru vegna þeirra lánþega sem metnir eru í tapshættu vegna skerts gjaldþols eða langvarandi vanskila, en almenn framlög eru vegna skuldbindinga annarra lánþega en þeirra sem metnir eru í sérstakri tapshættu.

Við endanlega afskrift útlána samkvæmt ákvörðun bankaráðs, eru viðkomandi útlán færð úr bóku bankans og afskriftareikningur útlána lækkaður samsvarandi.

Almenn og sérstök framlög í afskriftareikning útlána á fyrstu sex mánuðum ársins 1998 eru færð til gjalda í rekstrarreikningi, en til tekna koma endurgreiðslur vegna áður afskrifaðra útlána.

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulegri afskrift af framreiknuðu stofnverði og byggist afskriftin á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftir í rekstrarreikningi eru færðar á meðalverðlagi og greinast fyrningarhlutföll þannig:

Fasteignir	2 - 4%
Lausafé	15 - 33%

8. Eftirlaunaskuldbindingar

Á árinu 1997 tókst samkomulag við starfsmenn Landsbanka Íslands um breytt fyrirkomulag í lífeyrismálum. Samkvæmt samkomulaginu greiddi bankinn í árslok umsamda hlutdeild sína í ábyrgð á skuldbindingum Eftirlaunastjóðs Landsbanka og Seðlabanka með sérstakri skuldaviðurkenningu, en á móti féll niður bakábyrgð

bankans á skuldbindingum sjóðsins. Ennfremur tókust samningar um aðrar lífeyrisskuldbindingar. Í lok júní 1998 hvíla því engar óuppgerðar skuldbindingar vegna eftirlaunakjara starfsmanna á bankanum. Skuldabréf vegna uppgjörs eftirlaunaskuldbindinga eru færð meðal ýmissa skulda.

9. Skattamál

Opinber gjöld samstæðunnar í lok júní 1998 hafa verið reiknuð og færð í samstæðureikninginn.

Vegna yfirfæranlegs rekstrartaps frá fyrri árum mun bankinn ekki greiða tekjuskatt vegna fyrri hluta ársins 1998 og af sömu ástæðu var skattskuldbinding bankans engin í lok júní 1998. Í lok tímabilsins átti bankinn yfirfæranlegt skattalegt tap að fjárhæð 2.507,6 millj. króna, sem unnt er að nýta til frádráttar tekjum á næstu tveimur árum. Tengd félög greiða tekjuskatt vegna fyrri hluta árs 1998 að fjárhæð 1,3 millj. króna.

Tekjuskattsskuldbinding að fjárhæð 1,0 millj. króna hvílir á einu dótturfélagi bankans og kemur það fram í samstæðureikningi undir liðnum reiknaðar skuldbindingar. Skuldbindingin stafar af því að gjöld eru færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi. Gera má ráð fyrir að þessi mismunur jafnist í framtíðinni og kemur skuldbindingin þá til greiðslu.

Ágreiningur er við skattyfirvöld um heimild bankans til að færa reiknaðar lífeyrisskuldbindingar á fyrri árum til frádráttar tekjum og eignum, áður en til formlegrar greiðslu kom í árslok 1997. Falli úrskurður bankanum í óhag hefur það í för með sér viðbót-

arskattgreiðslur að fjárhæð 108 millj. króna, en á móti kemur að yfirfæranlegt tap að fjárhæð um 930 millj. króna mun nýtast bankanum til ársins 2005. Ekki eru gerðar sérstakar færslur í árschlutareikningi 1998 vegna þessa.

10. Víkjandi lánsfé

Í júnílok nemur víkjandi lán bankans 2.143,8 millj. króna og lýtur það ákvæðum 54. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka. Lánið er í bandaríkjadollurum og ber vexti sem miðast við millibankavexti í London á þriggja mánaða innlánnum að viðbættu 0,15% álagi. Gjaldlagi lánsins er árið 2011 með uppgreiðsluheimild á árinu 2006, en frá þeim tímamörkum breytist vaxtaviðmiðun til hækkunar.

11. Eigið fé og lögboðin hlutföll

Í ársbyrjun 1998 var eigið fé samstæðu Landsbanka Íslands hf 7.047,2 millj. króna, sem jafngildir 7.147,3 millj. króna á verðlagi í lok júní 1998. Samkvæmt efnahagsreikningi í lok júní 1998 er eigið fé 7.628,2 millj. króna, og hafði þannig hækkað um 480,9 millj. króna umfram verðlagsbreytingar á árinu. Mismunurinn skýrist í meginatriðum af rekstrarhagnaði, en einnig af nokkrum eignum, sem ekki fylgja almennum verðlagsbreytingum.

Samkvæmt ákvæðum 54. og 55. gr. laga um viðskiptabanka skal víkjandi lánsfé og eigið fé, eftir að það hefur verið lækkað um bókfært verð eignarhluta í öðrum fjármálafyrirtækjum,

ekki nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af skilgreindum áhættugrunni. Hann samanstendur af heildareignum auk veittra ábyrgða og reiknaðra áhættuþátta en að frádregnum nokkrum stærðum í efnahagsreikningi samkvæmt reglum sem Seðlabanki Íslands setur. Í lok júní 1998 var eiginfjárlutfall samstæðunnar samkvæmt framansögðu 8,71% og eiginfjárlutfall Landsbankans 8,80%.

Í lok júní 1998 uppfyllir bankinn og samstæðan önnur lögboðin hlutföll

samkvæmt ákvæðum 46. 51. og 53. gr. laga um viðskiptabanka.

12. Fjármálasamningar

Bankinn hefur gert framvirka gjaldmiðlasamninga, vilnunarsamninga og gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga. Framvirku gjaldmiðlasamningarnir fela í sér að bankinn lofar að kaupa eða selja gjaldeyri á tilteknum degi á fyrirfram ákveðnu gengi, en vilnunar-samningarnir veita gagnaðila rétt til að velja hvort gengið er að fyrirframákveðnu verði eða ekki. Vaxta-

og gjaldmiðlaskiptasamningarnir fela í sér skipti á greiðslum með tilliti til þróunar vaxta og gjaldmiðla. Með gagnvirkum aðgerðum hefur bankinn jafnframt tak-markað áhættu sína vegna framangreindra samninga. Í árshlutareikningnum hefur verið tekið tillit til áfallins gengis-munar og vaxta, og tekjur bankans hlutfallaðar miðað við lok tímabilsins. Útlánaígildi þessara samninga mælt samkvæmt reglum um mat á áhættugrunni er í lok júní 143,1 millj. króna.

Sundurliðanir

13 Tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum

	Samstæða		Landsbanki Íslands hf.	
	30/6/1998	30/6/1997	30/6/1998	30/6/1997
	Mkr	Mkr	Mkr	Mkr
Veltu- og fjárfestingarhlutabréf.....	115,3	22,5	23,6	19,9
Hlutdeildarfyrtæki í fjármálastarfsemi.....	56,2	43,6	56,2	43,6
Önnur hlutdeildarfyrtæki.....	4,1	0,0	4,1	0,0
Tengd fyrirtæki.....	0,0	0,5	2,3	70,9
	175,6	66,6	86,2	134,4

14 Hreinar þóknunartekjur

	30/6/1998	30/6/1997	30/6/1998	30/6/1997
	Mkr	Mkr	Mkr	Mkr
	Ábyrgðarþóknun.....	48,2	51,1	48,2
Aðrar þóknunartekjur.....	937,5	896,4	812,0	740,8
Þóknunargjöld.....	(5,7)	(3,9)	(5,7)	(3,9)
	980,0	943,6	854,5	788,0

15 Gengismunur af annarri fjármálastarfsemi

	30/6/1998	30/6/1997	30/6/1998	30/6/1997
	Mkr	Mkr	Mkr	Mkr
	Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum	57,4	119,3	57,4
Gengishagnaður af markaðsskuldabréfum og hlutabréfum.....	259,2	142,8	228,3	66,1
	316,6	262,1	285,7	161,9

16 Laun og tengd gjöld

	30/6/1998	30/6/1997	30/6/1998	30/6/1997
	Mkr	Mkr	Mkr	Mkr
	Laun	1.334,6	1.223,5	1.249,3
Iðgjöld í lífeyrissjóð.....	157,7	133,7	149,0	125,4
Önnur launatengd gjöld.....	101,8	55,2	81,9	38,1
	1.594,1	1.412,4	1.480,2	1.282,8

17 Bundnar kröfur á seðlabanka

	30/6/1998	31/12/1997	30/6/1998	31/12/1997
	Mkr	Mkr	Mkr	Mkr
	Bundnar kröfur samkvæmt bindiskyldureglum.....	3.734,5	2.934,7	3.734,5
Aðrar bundnar kröfur	0,0	311,2	0,0	311,2
	3.734,5	3.245,9	3.734,5	3.245,9

18 Kröfur á lánastofnanir

Samstæða

Landsbanki Íslands hf.

	30/6/1998	31/12/1997	30/6/1998	31/12/1997
	Mkr	Mkr	Mkr	Mkr
Hlutdeildarfyrtæki	595,1	609,8	595,1	609,8
Aðrar lánastofnanir.....	6.724,4	5.896,5	6.724,4	5.896,5
	7.319,5	6.506,3	7.319,5	6.506,3

19 Útlán

	30/6/1998	31/12/1997	30/6/1998	31/12/1997
	Mkr	Mkr	Mkr	Mkr
Útlán til viðskiptavina:				
Yfirdráttarlán	16.369,2	15.714,9	17.075,9	16.787,9
Afurða- og rekstrarlán.....	4.316,1	4.774,1	4.316,1	4.774,1
Víxlar.....	2.345,5	2.686,0	2.345,5	2.686,0
Skuldabréf.....	38.582,6	39.899,7	38.475,6	39.663,1
Innleystar ábyrgðir.....	187,3	89,0	187,3	89,0
Erlend endurlán	27.404,5	24.970,4	27.682,6	25.253,8
Erlendar kröfur.....	335,9	266,7	335,9	266,7
Annað.....	1.620,6	664,0	1.226,9	318,9
	91.161,7	89.064,8	91.645,8	89.839,5

	30/6/1998	31/12/1997	30/6/1998	31/12/1997
	Mkr	Mkr	Mkr	Mkr
Eignarleigusamningar:				
Samningar um fasteignir.....	0,0	0,0	0,0	0,0
Samningar um vélar og tæki.....	272,2	550,1	272,2	550,1
	272,2	550,1	272,2	550,1

	30/6/1998	31/12/1997	30/6/1998	31/12/1997
	%	%	%	%

Útlán til viðskiptavina og eignarleigusamningar

Sundurlíðun eftir lántakendum:

Ríkissjóður og ríkisstofnanir.....	3,7	3,4	3,6	3,4
Bæjar- og sveitarfélög.....	3,0	3,7	3,0	3,7
Fyrirtæki:				
Landbúnaður.....	1,2	1,7	1,2	1,7
Sjávarútvegur.....	35,4	35,7	34,9	35,2
Verslun.....	16,2	15,0	16,1	14,8
Iðnaður.....	6,5	6,5	6,5	6,4
Samgöngur.....	1,8	1,6	1,8	1,6
Þjónusta.....	2,8	3,3	5,6	4,9
Verktakar.....	3,3	3,0	3,3	3,0
Annað.....	2,7	4,7	1,8	4,4
Einstaklingar.....	23,4	21,4	22,2	20,9
	100,0	100,0	100,0	100,0

19 Útlán (framhald)

Samstæða

Landsbanki Íslands hf.

	30/6/1998	31/12/1997	30/6/1998	31/12/1997
	Mkr	Mkr	Mkr	Mkr
Fullnustueignir:				
Fasteignir.....	3.057,4	3.357,4	310,4	205,0
Lausafjármunir.....	50,6	38,3	16,3	18,8
Eignarhlutir í fullnustu- og rekstrarfélögum.....	0,0	0,0	13,4	8,9
Útlán til fullnustu- og rekstrarfélaga.....	0,0	0,0	4.037,5	4.200,0
Veltuhlutabréf og aðrir eignarhlutir.....	816,4	712,5	0,0	0,0
	3.924,4	4.108,2	4.377,6	4.432,8
	30/6/1998	31/12/1997	30/6/1998	31/12/1997
	Mkr	Mkr	Mkr	Mkr
Óvaxtaberandi útlán og fullnustueignir:				
Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir.....	2.036,7	1.588,4	2.036,7	1.588,4
Fullnustueignir.....	4.472,7	4.627,8	4.925,9	4.952,4
Sérstakur afskriftareikningur útlána og eignarleigusamninga.....	(2.036,7)	(1.588,4)	(2.036,7)	(1.588,4)
Sérstakur afskriftareikningur fullnustueigna.....	(548,3)	(519,6)	(548,3)	(519,6)
Afskriftalán að frádregnum sérstökum afskriftareikningi.....	3.924,4	4.108,2	4.377,6	4.432,8
Önnur vaxtafryst útlán.....	564,3	950,6	564,3	950,6
	4.488,7	5.058,8	4.941,9	5.383,4

Meðal óvaxtaberandi útlána eru færð útlán til viðskiptavina og eignarleigusamningar sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir. Undanskilinn er sá hluti heildarskuldbindinga viðkomandi lánþega sem talinn er að fullu tryggður. Verulegur hluti af fullnustueignum er tekjuberandi.

Afskriftareikningur útlána:

	Sérstakur	Almennur	Samtals
	Mkr	Mkr	Mkr
Hreyfingar á árinu:			
Staða í upphafi árs.....	2.108,1	579,6	2.687,7
Framlög á árinu.....	476,9	(26,8)	450,0
Fært út sem endanlega töpuð útlán	0,0	0,0	0,0
Staða 30.6.1998.....	2.585,0	552,8	3.137,7
Innkomin áður afskrifuð útlán.....	22,3		22,3

20 Markaðsskuldbréf og önnur verðbréf með föstum tekjum

	Samstæða		Landsbanki Íslands hf.	
	30/6/1998		30/6/1998	
Veltuskuldbréf	Markaðsverð	Bókfært verð	Markaðsverð	Bókfært verð
Útgefendur:				
Útgefin af opinberum aðilum.....	12.268,7	12.268,7	11.146,1	11.146,1
Útgefin af öðrum aðilum.....	457,5	457,5	411,1	411,1
	12.726,2	12.726,2	11.557,2	11.557,2
Skráning:				
Verðbréfaþing Íslands.....	12.654,3	12.654,3	11.535,6	11.535,6
Önnur skráð skuldbréf.....	3,9	3,9	0,0	0,0
Óskráð skuldbréf.....	68,0	68,0	21,6	21,6
	12.726,2	12.726,2	11.557,2	11.557,2

20 Markaðsskuldabréf (framhald)

Samstæða

Landsbanki Íslands hf.

	30/6/1998		30/6/1998	
	Markaðsverð	Bókfært verð	Markaðsverð	Bókfært verð
Fjárfestingarskuldabréf				
Útgefendur:				
Opinberir aðilar.....	1.478,0	1.456,7	1.478,0	1.456,7
Aðrir.....	0,0	0,0	0,0	0,0
	1.478,0	1.456,7	1.478,0	1.456,7
Skráning:				
Verðbréfaþing Íslands.....	1.457,0	1.435,7	1.457,0	1.435,7
Önnur skráð skuldabréf.....	0,0	0,0	0,0	0,0
Óskráð skuldabréf.....	21,0	21,0	21,0	21,0
	1.478,0	1.456,7	1.478,0	1.456,7
Markaðsskuldabréf alls.....	14.204,2	14.182,9	13.035,2	13.013,9

21 Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum

	30/6/1998	31/12/1997	30/6/1998	31/12/1997
	Bókfært verð	Bókfært verð	Bókfært verð	Bókfært verð
Veltuhlutabréf				
Skráning:				
Verðbréfaþing Íslands.....	302,3	244,2	224,9	199,5
Önnur skráð hlutabréf.....	0,0	17,8	0,0	0,0
Óskráð hlutabréf.....	142,5	0,4	142,1	0,0
	444,8	262,4	367,0	199,5
Fjárfestingarhlutabréf				
Skráning:				
Verðbréfaþing Íslands.....	4,2	0,0	0,0	0,0
Önnur skráð hlutabréf.....	0,0	0,0	0,0	0,0
Óskráð hlutabréf.....	1.439,5	727,1	1.435,8	727,1
	1.443,7	727,1	1.435,8	727,1
Hlutabréf alls.....	1.888,5	989,5	1.802,8	926,6

	Eignar- hlutur %	Hagnaðar- hlutdeild Mkr	Nafnverð Mkr	Markaðs- verð Mkr	Bókfært verð Mkr
Eignarhlutir - fjárfestingarhlutabréf:					
Vátryggingafélag Íslands hf.....	14,14		75,4		1.016,0
Líftryggingafélag Íslands hf.....	14,22		14,2		88,4
Hlutdeildarskírteini Hlutafjárjóðs.....		6,9	262,3		331,4
Önnur félög.....					7,9
					1.443,7

Veltuhlutabréf og aðrir eignahlutir í eigu rekstrar- og fullnustufélaga eru í samstæðureikningi færð meðal fullnustueigna í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands.

22 Hlutir í hlutdeildarfyrtækjum

	Eignar- hlutur %	Hagnaðar- hlutdeild Mkr	Nafnverð Mkr	Markaðs- verð Mkr	Bókfært verð Mkr
Landsbanki Íslands:					
Greiðslumiðlun hf.....	45,4	33,4	30,0		498,6
Lýsing hf.....	40,0	12,2	122,2		244,9
Reiknistofa bankanna.....	38,4	36,6	211,6		198,4
Snorrabraut hf.....	36,0	0,0	6,4		10,9
Kreditkort hf.....	17,5	10,6	8,2		142,9
Rafræn skráning ehf.....	15,1	0,0	5,9		5,9
		92,8	384,3		1.101,6

23 Hlutir í tengdum fyrirtækjum

	Eignar- hlutur %	Hagnaðar- hlutdeild Mkr	Nafnverð Mkr	Markaðs- verð Mkr	Bókfært verð Mkr
Landsbanki Íslands hf:					
Landsbréf hf.....	90,0	2,3	81,8		285,0
Stofnlánadeild Samvinnufélaga.....	100,0	0,0	0,7		0,7
		2,3	82,5		285,7
Samstæða Landsbanka Íslands hf:					
Stofnlánadeild Samvinnufélaga.....	100,0	0,0	0,7		0,7
Lands sjóður hf.....			5,0		7,6
		0,0	5,7		8,3

24 Kröfur á og skuldir við hlutdeildar- og tengd fyrirtæki

Landsbanki Íslands hf.

	30/6/1998 Mkr	31/12/1997 Mkr
Eignaliðir:		
Kröfur á lánastofnanir.....	595,1	609,8
Útlán.....	1.643,1	1.793,3
	2.238,2	2.403,1
Skuldaliðir:		
Skuldir við lánastofnanir.....	8,8	291,6
Innlán.....	176,8	292,0
	185,6	583,6

25 Rekstrarfjármunir

	Samstæða		Landsbanki Íslands hf.	
	Húseignir og lóðir	Húsbún. tæki ofl.	Húseignir og lóðir	Húsbún. tæki ofl.
	Mkr	Mkr	Mkr	Mkr
Hreyfingar á árinu:				
Heildarverð í upphafi árs.....	5.373,6	1.605,4	5.316,2	1.325,1
Viðbót á árinu.....	213,1	235,7	213,1	228,9
Endurmat á árinu.....	79,0	20,3	78,1	18,4
Selt á árinu.....	(37,3)	(9,0)	(31,7)	(9,0)
Heildarverð 30.06.98.....	<u>5.628,4</u>	<u>1.852,4</u>	<u>5.575,7</u>	<u>1.563,4</u>
Afskrifað áður.....	1.742,8	857,0	1.742,7	652,2
Afskrifað á árinu.....	54,2	90,9	53,2	79,6
Endurmat á árinu.....	25,0	9,9	24,8	8,0
Selt á árinu.....	(14,1)	(4,7)	(14,1)	(4,7)
Afskrifað samtals.....	<u>1.807,9</u>	<u>953,1</u>	<u>1.806,6</u>	<u>735,1</u>
Bókfært verð 30.06.98.....	<u>3.820,5</u>	<u>899,3</u>	<u>3.769,0</u>	<u>828,3</u>
Fasteignamat húseigna og lóða.....			2.096,4	
Brunabótamat húseigna 31.12.1997.....			4.955,6	

26 Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum - verðtryggingu

	30/6/1998	31/12/1997	30/6/1998	31/12/1997
	Mkr	Mkr	Mkr	Mkr
Gengisbundið:				
Gengisbundnar eignir.....	37.474,6	36.059,2	37.930,3	35.685,5
Gengisbundnar skuldir.....	<u>37.310,7</u>	<u>33.922,0</u>	<u>37.313,6</u>	<u>33.854,1</u>
Mismunur	<u>163,9</u>	<u>2.137,2</u>	<u>616,7</u>	<u>1.831,4</u>
Verðtryggt:				
Verðtryggðar eignir.....	45.798,8	41.313,4	44.555,7	40.049,2
Verðtryggðar skuldir.....	<u>33.341,8</u>	<u>33.026,1</u>	<u>33.270,3</u>	<u>32.897,6</u>
Mismunur	<u>12.457,0</u>	<u>8.287,3</u>	<u>11.285,4</u>	<u>7.151,6</u>

27 Skuldir við lánastofnanir

	30/6/1998	31/12/1997	30/6/1998	31/12/1997
	Mkr	Mkr	Mkr	Mkr
Skuldir við seðlabanka.....	2,2	1.091,2	2,2	1.091,2
Aðrar skuldir við aðrar lánastofnanir.....	<u>18.065,7</u>	<u>10.836,7</u>	<u>18.065,7</u>	<u>10.836,7</u>
	<u>18.067,9</u>	<u>11.927,9</u>	<u>18.067,9</u>	<u>11.927,9</u>

28 Reiknaðar skuldbindingar

	Samstæða		Landsbanki Íslands hf.	
	30/6/1998	31/12/1997	30/6/1998	31/12/1997
	Mkr	Mkr	Mkr	Mkr
Lífeyrisskuldbindingar	0,0	0,0	0,0	0,0
Tekjuskattsskuldbinding.....	1,0	4,5	0,0	0,0
	1,0	4,5	0,0	0,0

29 Starfsmannafjöldi

	30/6/1998	31/12/1997	30/6/1998	31/12/1997
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf.....	1.107	1.119	1.056	1.062
Stöðugildi í lok tímabils.....	1.107	1.102	1.054	1.038
þ.a. bankastörf.....	971	966	920	904

30 Eigið fé

	30/6/1998	31/12/1997	30/6/1998	31/12/1997
	Mkr	Mkr	Mkr	Mkr
Eigið fé og eiginfjárlutfall				
Eigið fé og eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárvæðum laga:				
Eiginfjárbáttur A.....	7.628,2	7.047,2	7.628,2	7.047,2
Eiginfjárbáttur B.....	2.143,8	2.155,8	2.143,8	2.155,8
- frádráttarliðir sbr. 46. og 55. gr. laga nr. 113/1996	(1.016,9)	(818,1)	(1.016,9)	(818,1)
Eigið fé samtals.....	8.755,1	8.384,9	8.755,1	8.384,9
Áhættugrunnur.....	100.524,4	98.339,5	99.470,2	96.534,4
Eiginfjárlutfall.....	8,71%	8,53%	8,80%	8,69%
Eiginfjárhreyfingar :				
Hlutafé.....	5.500,0		5.500,0	
Endurmatsreikningar í upphafi árs.....	0,0		0,0	
Endurmat eigna.....	79,7		82,6	
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga.....	11,9		9,0	
Endurmat óráðstafaðs eigin fjár.....	(22,0)		(22,0)	
Endurmatsreikningar 30.6.98.....	69,6		69,6	
Óráðstafað eigið fé í upphafi árs.....	1.547,3		1.547,3	
Hagnaður ársins.....	489,3		489,3	
Endurmat óráðstafaðs eigin fjár.....	22,0		22,0	
Óráðstafað eigið fé 30.6.98.....	2.058,6		2.058,6	
Eigið fé alls.....	7.628,2		7.628,2	

31 Liðir utan efnahagsreiknings

Samstæða

Landsbanki Íslands hf.

	30/6/1998	31/12/1997	30/6/1998	31/12/1997
	Mkr	Mkr	Mkr	Mkr
Ábyrgðir:				
Veittar ábyrgðir.....	8.167,8	8.050,2	7.774,7	7.662,7
Aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings:				
Sala með endurkauparétti.....	0,0	130,7	0,0	0,0
Ónýttar yfirdráttarheimildir.....	8.098,2	7.846,5	8.098,2	7.846,5
Útlánaigildi afleiðusamninga í áhættugrunni.....	143,1	208,2	143,1	208,2
Aðrar skuldbindingar.....	349,0	506,0	0,0	0,0
Aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings alls.....	8.590,3	8.691,4	8.241,3	8.054,7
Sundurliðun afleiðusamninga (nafnfjárhæðir):				
Framvirkir samningar:				
Eignir í íslenskum krónum.....	3.789,9	6.134,6	3.789,9	6.134,6
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	12.945,8	11.930,4	12.945,8	11.930,4
Skuldir í íslenskum krónum.....	5.159,1	5.232,5	5.159,1	5.232,5
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum.....	11.576,5	12.835,2	11.576,5	12.835,2
Gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar:				
Eignir í íslenskum krónum.....	400,0	660,2	400,0	660,2
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	1.490,7	1.699,4	1.990,7	1.699,4
Skuldir í íslenskum krónum.....	675,4	688,5	1.175,4	688,5
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum.....	1.236,2	1.671,0	1.236,2	1.671,0

32 Eftirstöðvatími eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. 30.6.1998 í mkr.

	Gjaldkræft	0-3 mán.	3-12 mán.	1-5 ár	> 5 ár	Samtals
Eignir:						
Kröfur á lánastofnanir.....	2.802,5	1.426,7	78,0	1.803,8	1.208,5	7.319,5
Útlán til viðskiptavina og eignaleigusamningar.....	5.997,8	21.929,2	18.980,8	25.056,2	19.954,0	91.918,0
Markaðsverðbréf, sem eru á gjalddaga innan árs.....						778,6
Skuldir:		0-3 mán.	3-12 mán.	1-5 ár	> 5 ár	Samtals
Skuldir við lánastofnanir.....		17.904,2	161,5	2,2		18.067,9
Innlán.....		55.757,2	5.232,4	7.075,6	3,5	68.068,7
Lántaka frá lánastofnunum.....		5.045,3	1.054,0	3.388,2	3.475,4	12.962,9
Verðbréfaútgáfa til innlausnar innan árs.....						8.711,6

Lög

um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands

1997, nr. 50, 22. maí

I. kafli.

Stofnun hlutafélaga um ríkisviðskiptabankana.

1. gr.

Stofna skal hlutafélag um Landsbanka Íslands annars vegar og Búnaðarbanka Íslands hins vegar. Hlutverk félaganna er að hafa á hendi þá starfsemi sem viðskiptabönkum er heimil samkvæmt lögum.

Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar hvors ríkisviðskiptabanka um sig til hlutafélaganna.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara skipar viðskiptaráðherra tvær þriggja manna undirbúningsnefndir sem hvorri um sig er ætlað að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar hlutafélags um hvorn ríkisviðskiptabankanna. Nefndirnar annast undirbúning löggæringa er varða stofnun hlutafélagsbankanna og fyrirhugaða starfsemi, í umboði viðskiptaráðherra og í samráði við hlutaðeigandi ríkisviðskiptabanka. Löggæringar þessir skulu að því er varðar verkefni sem bankaráð og bankastjórn fer með skv. 39. og 41. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, hljóta staðfestingu hlutaðeigandi aðila, og þá bankaráða og bankastjórna ríkisviðskiptabankanna þar til bankaráð og bankastjórn hlutafélagsbankanna taka til starfa. Viðskiptaráðherra setur nefndunum erindisbréf.

Nefndir skv. 1. mgr. skulu hafa fullan aðgang að gögnum hlutaðeigandi ríkisviðskiptabanka þrátt fyrir ákvæði um þagnarskyldu skv. 43. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. Skulu stjórnendur og starfsmenn ríkisviðskiptabankanna veita nefndarmönnum viðkomandi nefndar nauðsynlega aðstoð. Nefndarmenn eru bundnir af 43. gr. laga nr. 113/1996.

3. gr.

Hinn 1. janúar 1998 tekur Landsbanki Íslands hf. við rekstri og starfsemi Landsbanka Íslands og Búnaðarbanki Íslands hf. við rekstri og starfsemi Búnaðarbanka Íslands og skal viðskiptaráðherra þá hafa veitt hlutafélagsbönkunum starfsleyfi skv. II. kafla laga nr. 113/1996.

Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands skulu lagðir niður þegar nýir hlutafélagsbankar taka til starfa skv. 1. mgr.

Kjósa skal bankaráð hvors hlutafélagsbanka á stofnfundum sem haldnir skulu fyrir yfirtöku hlutafélagsbankanna á ríkisviðskiptabönkunum. Umboð bankaráða Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem síðast voru kjörin af Alþingi skv. 27. gr. laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. nú lög nr. 113/1996, falla niður þegar nýir hlutafélagsbankar hafa tekið til starfa skv. 1. mgr.

II. kafli.

Hlutfé, hlutir og meðferð hlutfjár.

4. gr.

Viðskiptaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

5. gr.

Við stofnun Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. skal allt hlutfé vera í eigu ríkissjóðs.

Ráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutfjár í hvorum hlutfélagsbanka við stofnun. Skal við það miðað að heildarfjárhæð hlutfjár í hvorum hlutfélagsbanka sé eigi hærri en sem nemur eigin fé Landsbanka Íslands annars vegar og Búnaðarbanka Íslands hins vegar samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi ársins 1996.

Ráðherra skipar sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna til að leggja mat á heildarfjárhæð stofnhlutfjár í hvorum hlutfélagsbanka skv. 2. mgr. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir í síðasta lagi 1. október 1997. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. eiga við um störf nefndarinnar. Viðskiptaráðherra setur nefndinni erindisbréf.

6. gr.

Viðskiptaráðherra ákveður skiptingu hlutfjár í hluti.

Sala á hlutfé í eigu ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. er óheimil án samþykkis Alþingis.

Þrátt fyrir 2. mgr. getur ráðherra, til að styrkja eiginfjárstöðu hlutfélagsbankanna, heimilað útboð á nýju hlutfé. Samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs má þó ekki vera hærri en 35% af heildarfjárhæð hlutfjár í hvorum bankanna um sig.

7. gr.

Ákvæði 6. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1995, um hlutfélög, gildir ekki um innborgun hlutfjár í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995, um hlutfélög, gilda ekki um tölu stofnenda og fjölda hluthafa í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

III. kafli.

Réttindi starfsmanna.

8. gr.

Allir starfsmenn Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna eða kjarasamningum annarra stéttarféлага, skulu eiga kost á sambærilegu starfi hjá Landsbanka Íslands hf. eða Búnaðarbanka Íslands hf. við yfirtöku þeirra á ríkisviðskiptabönkunum.

Nú tekur maður, sem gegnir starfi hjá Landsbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands, við starfi hjá Landsbanka Íslands hf. eða Búnaðarbanka Íslands hf., og skal hann þá njóta sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Réttur hans til launa hjá Landsbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands fellur niður er hann tekur við starfinu.

9. gr.

Um ráðningu og starfskjör bankastjóra, staðgengla bankastjóra, forstöðumanns endurskoðunardeildar og eftir atvikum aðstoðarbankastjóra Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

10. gr.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum í ríkisviðskiptabönkunum, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

11. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum Landsbanka Íslands gagnvart Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans og skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands gagnvart Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands, sem verða til vegna starfsmanna ríkisviðskiptabankanna áður en rekstur þeirra er yfirtekinn af Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. og til staðar eru samkvæmt reglugerðum eftirlaunasjóðanna eins og þær eru á því tímamarki sem greinir í 3. gr., ef ekki nást á einhverjum tíma samningar um aðra tilhögun. Hið sama gildir um lífeyrisskuldbindingar ríkisviðskiptabankanna aðrar en skuldbindingar gagnvart eftirlaunasjóðunum.

Nú reynir á ábyrgð 1. mgr. og skal þá greiðsluhlutfall ríkissjóðs annars vegar og viðkomandi hlutafélagsbanka hins vegar vera hið sama og hlutfallslegur starfstími viðkomandi starfsmanns hjá hvorum aðila um sig.

12. gr.

Um kjarasamninga Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. við starfsmenn skal fara samkvæmt lögum nr. 34/1977, um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins.

IV. kafli.

Ríkisábyrgð á innlánnum og lántökum.

13. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum innlendum og erlendum skuldbindingum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands sem stofnað er til áður en rekstur hlutaðeigandi ríkisviðskiptabanka er yfirtekinn af Landsbanka Íslands hf. eða Búnaðarbanka Íslands hf. Ábyrgð ríkissjóðs er eins og til hennar er stofnað og gildir uns viðkomandi skuldbinding er að fullu efnd. Um ábyrgð ríkissjóðs á innstæðum fer þó skv. 2. mgr. og um ábyrgð ríkissjóðs á lífeyrisskuldbindingum ríkisviðskiptabankanna fer skv. 11. gr. laga þessara.

Ábyrgð ríkissjóðs á innstæðum fellur niður við yfirtöku hlutafélagsbankanna á ríkisviðskiptabönkunum. Þó ber ríkissjóður ábyrgð á bundnum innstæðum hafi þær verið lagðar inn fyrir yfirtöku hlutafélagsbankanna á ríkisviðskiptabönkunum. Ríkisábyrgðin fellur niður þegar viðkomandi innstæða er laus til útborgunar að loknum binditíma.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. umfram það sem kveðið er á um í lögum þessum og í hlutafélagalögum.

V. kafli.
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Innlánsreikningar við Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands flytjast til viðkomandi hlutafélagsbanka við yfirtöku þeirra á ríkisviðskiptabönkunum. Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands skulu birta tvær auglýsingar þessa efnis í Lögbirtingablaðinu. Auglýsingarnar skulu birtar með u.þ.b. tveggja vikna millibili, og skal hin fyrri birt a.m.k. 30 dögum fyrir yfirtöku Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. á ríkisviðskiptabönkunum.

15. gr.

Greiðslustaður skuldaskjala, sem eru í eigu tiltekinna útibúa Landsbanka Íslands eða Landsbanka Íslands almennt, verður hjá samsvarandi útibúi Landsbanka Íslands hf. eða almennt hjá Landsbanka Íslands hf. eftir því sem við á hverju sinni þegar Landsbanki Íslands hf. hefur tekið til starfa. Landsbanki Íslands hf. tekur við öllum réttindum og öllum skyldum Landsbanka Íslands, þar á meðal réttindum eða skyldum tengdum skuldaskjölum í eigu Landsbanka Íslands og aðild að dómsmálum sem Landsbanki Íslands rekur eða rekin eru gegn Landsbanka Íslands. Landsbanki Íslands skal birta tvær auglýsingar þessa efnis í Lögbirtingablaðinu.

Greiðslustaður skuldaskjala, sem eru í eigu tiltekinna útibúa Búnaðarbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands almennt, verður hjá samsvarandi útibúi Búnaðarbanka Íslands hf. eða almennt hjá Búnaðarbanka Íslands hf. eftir því sem við á hverju sinni þegar Búnaðarbanki Íslands hf. hefur tekið til starfa. Búnaðarbanki Íslands hf. tekur við öllum réttindum og öllum skyldum Búnaðarbanka Íslands, þar á meðal réttindum eða skyldum tengdum skuldaskjölum í eigu Búnaðarbanka Íslands og aðild að dómsmálum sem Búnaðarbanki Íslands rekur eða rekin eru gegn Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarbanki Íslands skal birta tvær auglýsingar þessa efnis í Lögbirtingablaðinu.

Vistunarstaður skjala sem innheimt skulu hjá tilteknum útibúum Landsbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands verður samsvarandi útibú viðkomandi hlutafélagsbanka eftir yfirtöku þeirra síðarnefndu á viðkomandi ríkisviðskiptabanka. Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands skulu birta tvær auglýsingar þessa efnis í Lögbirtingablaðinu.

Um auglýsingar samkvæmt þessari grein fer skv. 14. gr. laga þessara.

16. gr.

Innköllun til lánardrottna Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands skal eigi gefin út.

17. gr.

Í stofnyfirlýsingu skal mælt fyrir um þau atriði sem áskilið er að fram komi í stofnsamningi samkvæmt hlutafélagalögum að öðru leyti en getið er um í lögum þessum.

18. gr.

Landsbanki Íslands hf. tekur við öllum skattalegum réttindum og skyldum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands hf. tekur við öllum skattalegum réttindum og skyldum Búnaðarbanka Íslands. Um skattskyldu Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. fer að öðru leyti eftir lögum um skattskyldu lánastofnana.

19. gr.

Þar sem Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands hefur verið falið í lögum að sinna sérstökum verkefnum taka Landsbanki Íslands hf. og Búnaðarbanki Íslands hf. við þeim réttindum og skyldum eftir því sem við á.

Landsbanki Íslands hf. tekur við öllum réttindum og skuldbindingum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanki Íslands hf. tekur við öllum réttindum og skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands vegna yfirtöku ríkisviðskiptabankanna á sparisjóðum.

20. gr.

Um hlutafélagsbanka samkvæmt lögum þessum gilda að öðru leyti en leiðir af ákvæðum laga þessara ákvæði um starfsemi hlutafélagsbanka samkvæmt lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög, eftir því sem við á.

21. gr.

Allur kostnaður af stofnun hlutafélaga og yfirtöku þeirra á rekstri Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands greiðist af Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.


22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

YFIRLÝSING VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Viðskiptaráðherra staðfestir að ríkisstjórn Íslands samþykkti á fundi sínum 28. ágúst sl, sem lið í stefnu-
mótun sinni um sölu hlutafjár í Landsbanka Íslands hf., Búnaðarbanka Íslands hf. og Fjárfestingarbanka
atvinnulífsins hf., að tryggt yrði að eigi síðar en 1. júní árið 2000 yrði meira en 25% af heildarhlutafé
Landsbankans í dreifðri eignaraðild í samræmi við reglur Verðbréfaþings Íslands.


Reykjavík, 3. september 1998



YFIRLÝSING BANKARÁÐS LANDSBANKA ÍSLANDS HF.

Bankaráð Landsbanka Íslands hf. lýsir því hér með yfir að það muni framfylgja þeirri stefnu ríkisstjórnar-
innar um sölu hlutafjár í Landsbanka Íslands hf. sem fram kemur í yfirlýsingu viðskiptaráðherra þar að
lútanda, um að tryggt verði að eigi síðar en 1. júní 2000 verði meira en 25% af heildarhlutafé Lands-
bankans í dreifðri eignaraðild í samræmi við reglur Verðbréfaþings Íslands.

Reykjavík, 3. september 1998



TIL MINNIS

TIL MINNIS

TIL MINNIS

TIL MINNIS